

Fundargerð 289. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: þriðjudagur 28. nóvember 2023
Fundartími: 9:00-10:15
Fundarmenn: Árni Eiríksson oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Elín Höskuldsdóttir

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Aðrar athugasemdir ekki gerðar. Anna Dóra Jónsdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir skipulagsnefndar:

Nr. 269, dags. 08.11.2023

a) Dalbær L165468; Birkiland 2; Stofnun lóðar

Lögð er fram umsókn um stofnun lands úr jörðinni Dalbær L165468. Um er að ræða 49.962 fm (5 ha) land sem gert er ráð fyrir að fái staðfangið Birkiland 2. Aðkoma er frá Gaulverjabæjarvegi um sameiginlegan aðkomuveg á mörkum Birkilands L211313 og Birkilands 2.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið með fyrirvara um að gögn málsins séu fullnægjandi. Nefndin bendir á að allar framkvæmdir innan lóða eru háðar deiliskipulagi.

Fyrir liggar umsókn um stofnun lands úr jörðinni Dalbær L165468. Um er að ræða 49.962 fm (5 ha) land sem gert er ráð fyrir að fái staðfangið Birkiland 2. Aðkoma er frá Gaulverjabæjarvegi um sameiginlegan aðkomuveg á mörkum Birkilands L211313 og Birkilands 2.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir stofnun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn með fyrirvara um að gögn málsins séu fullnægjandi. Sveitarstjórn bendir á að allar framkvæmdir innan lóða eru háðar deiliskipulagi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 195, dags. 22.11.2023

Lagðar fram til kynningar.

3. Náttúruhamfarir í Grindavík

Í ljósi þeirra náttúruhamfara sem hafa orðið og eru enn yfirstandandi í og við Grindavík þá sendir sveitarstjórn Flóahrepps íbúum Grindavíkur og aðstandendum þeirra hlýjar kveðjur á erfiðum óvissutímum. Sveitarfélagið Flóahreppur er reiðubúið að bjóða fram alla þá aðstoð sem mögulegt er að veita í því skyni að léttu undir hjá Grindvíkingum. Nú þegar hafa börn frá Grindavík hafið skólagöngu í Flóaskóla og stefnir í að fleiri hefji nám á næstu dögum ásamt leikskólabarni við leikskólann Krakkaborg.

4. Erindi frá Markaðsstofu Suðurlands – Framlenging á samstarfssamningi

Fyrir liggar bréf frá Markaðsstofu Suðurlands þar sem óskað er eftir endurnýjun á núverandi samningi. Markaðsstofan óskar eftir óbreyttum samningi sem svarar 430 krónum á hvern íbúa til næstu þriggja ára. Ljóst er að ferðapjónusta og uppbygging atvinnugreinarinnar verður mikil á svæðinu á komandi árum. Markaðsstofan heldur utan um samstarf á svæðinu og vinnur að ímyndarsköpun, þróun og markaðssetningu Suðurlands í heild sem áfangastaðar. Jafnframt óskar Markaðsstofan eftir því að gera frekari grein fyrir starfseminni og uppfærðri áfangastaðaáætlun Suðurlands í formi kynningar fyrir fulltrúa sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir að fram lengja samstarfssamning við Markaðsstofu Suðurlands til næstu þriggja ára. Sveitarstjórn óskar jafnframt eftir því að fulltrúar Markaðsstofunnar kynni

starf Markaðsstofunnar fyrir sveitarstjórn og fulltrúum úr landbúnaðar- og atvinnumálanefnd Flóahrepps. Sveitarstjóra falið að finna hentugan fundartíma fyrir kynningu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Skipulagsmál á sveitarfélagamörkum Árborgar og Flóahrepps

Fyrir liggur stutt samantekt frá sveitarstjóra vegna fundar sem oddviti og sveitarstjóri Flóahrepps áttu með bæjarstjóra og formanni bæjarráðs Sveitarfélagsins Árborgar þann 25. september. Efni fundarins var samstarf sveitarfélaganna. Framundan er vinna sem tekur til móton framtíðarskipulags á svæðinu austan við nýja Ölfusárbrú en sveitarfélögin hafa bæði gefið út framkvæmdaleyfi vegna brúarinnar og hafa átt samráð um þætti sem tengjast brúnni og breytingu á Hringveginum svo sem vegna nýrra vegamóta austan Selfoss, undirgöng fyrir gangandi, hjólandi og hestamenn ásamt samráði vegna lagna veitufyrirtækja. Sveitarstjórn Flóahrepps óskar eftir því að Flóahreppur og Sveitarfélagið Árborg hefji formlegt samtal um möguleikann á samvinnu við móton framtíðarskipulags á svæðinu við nýtt brúarstæði og Hringveg, austan Ölfusár. Flóahreppur hefur samþykkt að fara í vinnu við heildarendurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins og telur sveitarstjórn mikilvægt að skipulag umrædds svæðis á sveitarfélagamörkum verði tekið sérstaklega fyrir. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram með forsvarsmönnum Sveitarfélagsins Árborgar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Erindi frá byggðaþróunarfulltrúa – Tilnefning í verkefnastjórn

Sveitarstjórn frestaði skipan í verkefnastjórn á síðasta fundi sínum. Óskað var eftir þátttöku fulltrúa úr landbúnaðar- og atvinnumálanefnd en ekki hafa borist viðbrögð um þátttöku í verkefnastjórn þaðan.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykktir að fresta málínu til næsta fundar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Samþykktir Sorpstöðvar Suðurlands – fyrri umræða

Fyrir liggja nýjar samþykktir Sorpstöðvar Suðurlands til fyrri umræðu í sveitarstjórn. Sveitarstjórn Flóahrepps vísar nýjum samþykktum Sorpstöðvar Suðurlands til síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Viðauki III við fjárhagsáætlun 2023

Fyrir liggur yfirlit fyrir Flóahrepp með tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun 2023 sem er gerður vegna breytingar á reglugerð 1212/2015. Með breytingu á 20. gr. reglugerðar nr. 1212/2015 var kveðið á um að byggðasamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki og önnur félagaform sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags, skuli færð inn í samantekin reikningsskil sveitarfélags miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélags, þ.e. sveitarfélag skal færa hlutdeild þess í einstökum liðum rekstrar og efnahags, óháð stærð eignarhluta.

Í framlögðum viðauka er búið að færa inn hlutdeild eftirfarandi stofnana í A hluta í áætlun Flóahrepps fyrir árið 2023:

Bergrisinn bs. (2,65%)

Brunavarnir Árnессýslu (3,82%)

Héraðsnefnd Árnesinga bs. (3,39%)

Byggðasafn Árnesinga (3,39%)

Listasafn Árnesinga (3,39%)

Héraðsskjolasafn Árnesinga (3,39%)

Tónlistarskóli Árnesinga (3,39%)

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bs. (2,72%)

Umhverfis- og Tæknisvið uppsveita bs. (11,69%)

Með viðaukanum er lögð fram stutt greinagerð með fyrirvara á viðaukanum, þar sem tekið er fram að ekki sé hægt að meta heildaráhrif á eignir og skuldir þar sem að ekki eru allar áætlánir samstarfsverkefnanna með áætlaðan efnahag og sjóðstreymi 2023. Settur er fyrirvari um að mögulega eigi fleiri samstarfsverkefni að vera í samantektinni.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykktir framlagaðan viðauka vegna byggðasamlaganna sbr. reglugerð nr. 230/2021 og felur sveitarstjóra að tilkynna hann til viðkomandi aðila.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Erindi frá sveitarstjóra – Ósk um að falla frá fullri hækkun skv. launavísitölu

Fyrir liggur erindi frá sveitarstjóra þar sem sveitarstjóri óskar eftir því að breyting á launum sveitarstjóra frá 1. nóvember 2023 taki ekki breytingum samkvæmt launavísitölu þetta árið líkt og samið er um í ráðningarsamningi heldur verði í takt við þær breytingar sem BHM gerði á launatöflum 1. apríl 2023. Breyting skv. launavísitölu þýðir um 11% hækkun á milli ára en breytingar á launatöflum BHM nemur 6,75%.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir þessa beiðni sveitarstjóra.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Hulda Kristjánsdóttir vék af fundi við afgreiðslu málssins.

10. Tillaga vinnuhóps um uppbyggingu við Flóaskóla

Fyrir liggur fundargerð lokafundar vinnuhóps um uppbygginu við Flóaskóla ásamt tillögu hópsins sem lögð er fyrir sveitarstjórn Flóahrepps. Vinnuhópurinn hefur starfað í umboði sveitarstjórnar og skv. samþykktu erindisbréfi frá því í febrúar 2023.

Í tillögu vinnuhópsins er lagt til að uppbygging við Flóaskóla verði áfangaskipt og er lagt upp með fjóra áfanga. Í fyrsta áfanga er lagt til að farið verið í breytingar á núverandi húsnaði með það að markmiði að auka nýtingu og bæta aðstöðu nemenda og starfsmanna skv. tillögum sem fylgja með fundargögnum. Lagt er til að undirbúningur við framkvæmdir í 1. áfanga fari af stað í janúar 2024 og að samhliða verði skipuð framkvæmda- og bygginganefnd sem heldur utanum framkvæmdirnar. Lagt er til að eitt að fyrstu verkefnum nefndarinnar verði að fá tilboð í heildarhönnun á öllum fjórum áföngunum og að í kjölfarið taki sveitarstjórn ákvörðun um tímaramma framkvæmda við alla áfanga. Vinnuhópurinn leggur til að stefnt skuli að því að breytingar á innra skipulagi í núverandi húsnaði verði að fullu klárar á árinu 2024 og að stefnt skuli að því að hefja framkvæmdir við 2. áfanga sumarið 2025 og að ný viðbygging verði tekin í notkun í lok árs 2026.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar vinnuhópi um uppbyggingu við Flóaskóla fyrir góða vinnu á árinu og greinargóða tillögu sem tekur mið af þeirri greiningarvinnu sem farið hefur fram.

Sveitarstjórn samþykkir að gert verið ráð fyrir breytingum á núverandi húsnaði á árinu 2024 og að þær framkvæmdir verði að fullu kláraðar innan þess árs. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að skipa í framkvæmda- og bygginganefnd vegna framkvæmda við Flóaskóla og skulu eftirfarandi sitja í hópnum:

Sveitarstjóri

Oddviti sveitarstjórnar

Fulltrúi T-lista úr sveitarstjórn

Fulltrúi framkvæmda- og veitunefndar

Fulltrúi fræðslunefndar

Skólastjóri

Umsjónarmaður fasteigna

Að auki verður gert ráð fyrir aðkeypri sérfraðivinnu

Drög að erindisbréfi nefndarinnar verða lögð fyrir sveitarstjórn á fundi í janúar og nefndin hefur störf í síðasta lagi 1. febrúar 2024.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að kalla eftir ítarlegri kostnaðargreiningu á hönnun allra áfanga ásamt ítarlegri kostnaðargreiningu á framkvæmdum við 1. og 2. áfanga.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. Tillögur að gjaldskrám og álagningarforsendum 2024 ásamt minnisblaði sveitarstjóra

- a) Tillaga að útsvarsprósentu fyrir 2024

Sveitarstjórn samþykkir að útsvarshlutfall vegna ársins 2024 verði 14,74%

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- b) Tillaga að álagningarprósentu fasteignaskatts 2024

Vísað til síðari umræðu.

- c) Tillaga að gjaldskrá vegna vatnsveitu og vatnsgjaldi 2024

Vísað til síðari umræðu.

- d) Tillaga að gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs í Flóahreppi 2024

Vísað til síðari umræðu.

- e) Tillaga að gjaldskrá vegna breytinga á sorpílátum

Vísað til síðari umræðu.

- f) Tillaga að gjaldskrá fyrir mat og heimsending á mat 2024

- Vísað til síðari umræðu.
- g) Tillaga að gjaldskrá fyrir akstur aldraðra og fatlaðs fólks 2024
Vísað til síðari umræðu.
 - h) Tillaga að gjaldskrá og reglum fyrir Þingborg og Félagslund 2024
Vísað til síðari umræðu.
 - i) Tillaga að gjaldskrá fyrir Flóaljós 2024
Vísað til síðari umræðu.

12. Fjárhagsáætlun Flóahrepps 2024-2027 – Fyrri umræða

Sveitarstjóri fór yfir minnisblað um helstu liði fjárhagsáætlunar. Sveitarstjórn samþykkir að vísa áætluninni til síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

13. Fundargerðir:

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 288, dags. 07.11.2023
- b) Fræðslunefndar nr. 146, dags. 21.11.2023
- c) Vinnuhóps um uppybyggingu við Flóaskóla nr. 6, dags. 08.11.2023
- d) Framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs. dags. 02.10.2023
- e) Seyrustjórnar nr. 12, dags. 30.10.2023
- f) Aðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands bs. dags. 27.10.2023
- g) Héraðsskjalasafns Árnesinga dags. 10.10.2023
Varðandi lið 1 í fundargerð þá samþykkir sveitarstjórn Flóahrepps framlagðan húsaleigusamning milli Héraðsskjalasafns Árnesinga og Sveitarfélagsins Árborg.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- h) Stjórnar SASS nr. 603, dags. 10.11.2023
- i) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 322, dags. 13.11.2023
- j) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 937, dags. 12.11.2023
- k) Stjórnar byggðasamlags UTU nr. 104, dags. 14.11.2023
- l) Stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. dags. 06.11.2023

14. Efni til kynningar


- a) Frá Jafnréttisstofu – Heimild til að nota jafnlaunamerkið – endurnýjun
- b) Frá Jafnréttisstofu – Ábending til sveitarfélaga
- c) Erindi til Vegagerðarinnar frá foreldrafélagi Flóaskóla
- d) Frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu – Erindi vegna barnaverndarþjónustu
- e) Skipulagsgátt – Umsagnarbeiðni um mál nr. 0862/2023 – Svæðisskipulag Suðurhálendis
- f) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis: Tillaga til þingsályktunar um bættar vegasamgöngur yfir Hellisheiði, 58. mál
- g) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis: Frumvarp til laga um skatta og gjöld (gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.), 468. mál
- h) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis: Frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, 478. mál
- i) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 12. desember kl. 11.00.


15. Trúnaðarmál

Árni Eiríksson (sign)
Walter Fannar Kristjánsson (sign)
Elín Höskuldsdóttir (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)
Harpa Magnúsdóttir (sign)


Walter Fannar Kristjánsson


Hulda Kristjánsdóttir


Harpa Magnúsdóttir

Fundargerð nr. 17

Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

| | |
|---------------|--|
| Fundarstaður: | Þingborg fundarsalur |
| Fundardagur: | Fimmtudagur 9. nóvember 2023 |
| Fundartími: | 13:00-14:30 |
| Fundarmenn: | Haraldur Einarsson, formaður Heimir Rafn Bjarkason Hjalti Guðmundsson Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Gestur: Brynjar Jón Stefánsson, umsjónarmaður fasteigna |

Haraldur Einarsson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Framkvæmda - og viðhaldssáætlun 2024

Brynjar Jón Stefánsson umsjónarmaður fasteigna fór yfir drög að framkvæmda- og viðhaldssáætlun fyrir árið 2024. Þar hefur hann dregið fram þær viðhaldsframkvæmdir sem talið er þörf á að fara í innan fasteigna sveitarfélagsins og sett upp áætlun á kostnaði. Framkvæmda- og veitunefnd fór yfir áætlunina og er í meginráttum sammála forgangsröðun og áherslum sem settar eru.

Þingborg: Viðhald og málun á gluggum og hurðum utanhúss, mála innanhúss, og viðhald á kerfum svo sem brunakerfi og loftræstingu ásamt ófyrirséðum verkefnum. Nefndin telur þörf á að huga að framkvæmdum við endurnýjun á þakinu innan fárra ára. *Nefndin leggur til að fenginn verði aðili til að gera mat á ástandi á þaki í Þingborg og fá kostnaðarmat á viðgerð miðað við núverandi aðstæður.*

Þjórsáver: Skipta þarf um gler í eldhúsi en gluggar eru í lagi, mála þarf þakið (var frestað fram á næsta ár) og gera þarf ráð fyrir viðhaldi kerfa, málun innanhúss og ófyrirséðum verkefnum.

Nefndin leggur til að fengið verði tilboð í hljóðvistarlausnir í matsal. Einnig bent á að gera þurfi ráð fyrir lagfæringum á salernum á næstu árum. Húsið er í nokkuð góðu standi eftir gott viðhald síðustu ár.

Félagslundur: Í drögum að áætlun er gert ráð fyrir parketi í sal, laga gólfefni og málun innanhúss. *Nefndin leggur til að lögð verði áhersla á þau verkefni sem eru mjög aðkallandi (bráðaaðgerðir) í Félagslundi og að samþykkt verði að setja fjármagn í varmadælu og breytingu á ofnunum svo að kynding í húsinu verði í lagi. Gert verði ráð fyrir viðhaldi kerfa og ófyrirséðum verkefnum en að öðru leyti verði beðið með frekari kostnaðarsöm viðhaldsverkefni og fjárfestingar í húsinu þar til tekin hefur verið ákvörðun um framtíðarnotkun hússins.*

Leikskólinn Krakkaborg: Farið verði í að mála þak og vindskeiðar, málun innanhúss og viðhald kerfa og ófyrirséð verkefni. Gólfefni í anddyri og lagfæring á sprungu í epoxy á gólfí verður tekin á árinu 2023 skv. áætlun þar um og því telur nefndin að taka megi það út úr drögum að áætlun fyrir 2024. Húsnaði leikskólans er almennt í góðu standi.

Áhaldahús og unglingsvinna: Að mati umsjónarmanns fasteigna ætti að reyna að selja Hilux í eigu sveitarfélagsins þar sem töluvert viðhald blasir við þrátt fyrir viðgerðir á yfirstandandi ári. Aðrir liðir eru nokkuð hefðbundnir og mikilvægt að hafa svigrúm til kaupa á verkfærum og áhöldum ásamt því að gera ráð fyrir viðhaldi á þeim tækjum sem eru í eigu sveitarfélagsins nú þegar.

Flóaskóli: Nefndin tekur undir þau verkefni sem fram koma í áætluninni þ.e að gera ráð fyrir málun innanhúss eftir þörfum, skipta út ljósum í elsta hluta og gera ráð fyrir viðhaldi kerfa svo sem lyftu, brunakerfi og loftræstingu ásamt því að gera ráð fyrir ófyrirséðu viðhaldi og endurbótum/breytingum. Ástand Flóaskóla er gott enda reglulegt viðhald og brugðist við þegar þarf.

Gamla Þingborg: Gert ráð fyrir ófyrirséðu viðhaldi að upphæð 700.000 kr. Hafa skal í huga að húsið er byggt árið 1927. *Nefndin telur að ekki ætti að setja háar upphæðir í fasteignina nema það liggi fyrir hvernig framtíðarnotkun hússins skuli vera.* Rætt um útisalerni sem stendur fyrir utan húsið og hvort sveitarfélagið eigi að viðhalda því húsi. Salernisaðstaða er ekki skylda fyrir þá starfsemi sem þarna fer fram í dag. *Nefndin hvetur sveitarstjórn til að taka almenna umræðu um fasteignina og frístandandi salernishús með tilliti til kostnaðar.*

Villingaholt: Minniháttar kostnaður við almenn og ófyrirséð verkefni.

Skólatröð: Gert verði ráð fyrir ófyrirséðu viðhaldi. Húsið í mjög góðu ástandi. Varmadæla verður sett upp fyrir lok árs 2023.

Nefndin þakkar umsjónarmanni fasteigna fyrir góða yfirferð á drögum að áætlun fyrir árið 2024. Nefndin telur að almennt sé viðhaldi fasteigna í Flóahreppi vel sinnt og ástand þeirra fasteigna sem eru í mestri notkun er góð.

Nefndin leggur til að umsjónarmaður fasteigna komi inn á fund nefndarinnar á ca. 6 mánaða fresti til að taka stöðuna á verkefnum.

2. Staða á framkvæmda- og viðhaldsáætlun 2023

Farið fyrir stöðu á verkefnum núverandi árs þ.e hverju er lokið, hvað er í vinnslu og hvað er ólokið. Mörg verkefni sem klárast fyrir áramót. Almennt hafa verkefnin verið vel innan áætlunar.

3. Bókun sveitarstjórnar vegna breyting á vatnsgjaldi til stórnotenda

Bókun lögð fram til kynningar. Nefndin tekur vel í þá hugmynd að hreyfa til álagningarárþosentuna á C flokk og útihús á meðan reglur og útfærslur vegna mæla vegna vatns verða útfærðar.

4. Önnur mál

Staða mála í Ruddakróki. Er komið í vinnslu.

Styrking vatnsstofns frá Kjartansstöðum að Skeiðavegamótum. Framkvæmdirir á góðu róli. Búið að halda 3 verkfundi með verkta ka.

Verktakar búnir að skoða aðstæður í Brandshúsahverfinu m.t.t. frárennslis.



Seyrustjórn

13. fundur seyrustjórnar var haldinn í fjarfundarbúnaði, þriðjudaginn 28. nóvember 2023 kl. 8:10.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps

Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps

Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps

Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Ásahrepps

Helgi Jóhannesson, oddviti Bláskógabyggðar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Haraldur Þór Jónsson.

1. Fjárhagsáætlun 2024.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 lögð fram til samþykktar. Fyrir liggur að stefnt er að yfirfærslu á verkefninu til UTU um áramótin 2023/2024 og þá færst rekstur seyrustaða inní rekstur UTU bs. Ljóst er að forsendur fjárhagsáætlunnar geta breyst á árinu 2024 við flutning starfseminnar. Fjárhagsáætlun samþykkt.

2. Bókun stjórnar UTU og næstu skref.

Lögð fram til kynningar bókun stjórnar UTU. Umræður um málið og verkefnin framundan. Unnið verður áfram að farsælli niðurstöðu yfirfærslunnar.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 8:50.

Arni Eiríksson

Árni Eiríksson

Reason: Signature

Einar Kristján Jónsson

Einar Kristján Jónsson

Reason: Signature

Knútur Emil Jónasson

Knútur Emil Jónasson

Reason: Signature

Ása Valdís Árnadóttir

Ása Valdís Árnadóttir

Reason: Signature

Fundargerð 67. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2023, miðvikudaginn 22. nóvember kl. 08:30 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Knútur Emil Jónasson og Einar Kristján Jónsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason, lögfræðingur hjá GB Stjórnsýsluráðgjöf og Jóhannes Ágúst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2202003SO

Lögð var fram bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 29. september 2023, um orkumál.

Stjórn SO fagnar bókun sambandsins og leggur áherslu á áframhaldandi gott samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga.

2. Bs ritgerðin hans Þorsteins Stefánssonar - 2202003SO

Lögð fram til kynningar Bs ritgerð Þorsteins Stefánssonar nemanda í Háskóla Íslands um áhrifasvæði orkumannvirkja.

Stjórn SO lýsir yfir ánægju með skýrslu Þorsteins og telur að þær hugmyndir sem þar komu fram munu gagnast vel, enda samræmist þær vel markmiðum Samtaka orkusveitarfélaga. Þorsteinn á þakkar skilið fyrir þessa vinnu.

3. Þýðing frá Guðjóni Bragasyni á norsku frumvarpi um skattlagningu vindorkuvera - 2201001SO

Lagt fram til kynningar minnisblað Guðjóns Bragasonar lögfræðings um norskt frumvarp er varðar skattlagningu vindorkuvera.

Guðjón fór yfir helstu atriði frumvarpsins. Í kjölfarið hófust umræður og fyrirspurnir.

Stjórn SO þakkar Guðjóni fyrir góða yfirferð og telur minnisblaðið mikilvægt innlegg í umræðuna um mögulegar tekjur sveitarfélaga af vindorkuverum. Stjórn samþykkir að senda minnisblaðið á aðildarsveitarfélögum, stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og starfshópinn um skattlagningu orkumannvirkja.

4. Orkumál - staða og stefna - 2202003SO

Formaðurinn, Ása Valdís, fór yfir þá vinnu sem hefur verið í gangi frá því að aukaaðalfundur samtakanna var haldinn þann 19. september síðastliðinn. Á aukaaðalfundinum voru lagðar fram tillögur frá starfsnefnd samtakanna er

varðar tekjur sveitarfélaga af orkuframleiðslu. Voru tillögurnar samþykktar með miklum meirihluta. Í tillögunum er að finna aðferð sem hægt væri að styðjast við vegna útreikninga á skiptingu tekna vegna orkuvinnslu.

Í kjölfarið fóru fulltrúar samtakana í þá vinnu að kynna tillögurnar fyrir ýmsum hagaðilum í samstarfi við fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga. Haldnir hafa verið fundir með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, starfshópi um skattlagningu orkumannvirkja, starfshópi um vindorku og stjórn Samorku. Jafnframt hafa verið fleiri óformlegir fundir þar sem tillögurnar hafa verið ræddar.

Næstu skref eru að fulltrúar samtakanna ásamt fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga eiga fund í lok nóvember með Fjármála- og efnahagsráðherra til að kynna tillögurnar.

Von er á tillögum frá starfshópi um skattlagningu orkumannvirkja í byrjun desember og er stjórn spennt að sjá þá vinnu.

Fundi var slitið kl. 09:30



Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs.

á Hótel Vík 27. október 2023

Nóvember 2023

Aðalfundarstörf

a. Setning – formaður stjórnar

Guðrún S. Magnúsdóttir, formaður, setur fundinn og býður fulltrúa velkomna.

b. Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefnir Einar Frey Elínarson sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur sem fundarritara.
Er það samþykkt samhljóða.

Í lok máls felur formaður fundarstjóra stjórn fundarins.

Einar Freyr tekur við stjórn fundarins.

Staða skólpáma á Íslandi

Hólmfríður Þorsteinsdóttir sérfræðingur Umhverfisstofnun

Hólmfríður sérfræðingur í teymi hafs- og vatns, ræðir um verkefni Umhverfisstofnunnar.

Ræðir hún um vatnaáætlun, fyrsta áætlunin var gefin út árið 2022 og tekur á um stefnu stjórnvalda um verndun og sjálfbæra nýtingu vatns einnig eru í gildi lög um stjórn vatnamála frá árinu 2011. Staða vatnsveitna er í góðu ástandi. Yfirborðsvatnsholt eru í góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi. Einnig eru grunnvatnsholt í góðu efnafræðilegu ástandi og góðri magnstöðu.

Staða fráveitumála er stór hluti innan vatnaáætlunar. Það er álag á fráveitur á svæðinu, til að mynda á Hvolsvelli, Hellu, Selfossi, Hveragerði, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi og á Þingvöllum. Stöðuskýrsla um fráveitumál er gefin út á 2 ára fresti það eru 28 þéttbýli á landinu sem losa yfir 2000 pe. (persónueiningar) í fráveitulagnir.

Fer hún yfir hvaða kröfur þarf að uppfylla í fráveitumálum. Hreinsun, (viðeigandi hreinsun, eins þreps, tveggja þrepa og ítarleg), útrásir, eftirlitsmælingar og vöktun einnig þarf starfsleyfi. Það er einungis 1 þéttbýli af 28 sem uppfyllir kröfurnar.

Af hverju er hreinsun á fráveitu svona mikilvæg? Það er margt sem fer út í skólpið miklu meira en bara hefðbundinn úrgangur, s.s. örplast, forgangsefni, lyfjaleifar og sýklalyfjaónæmar bakteríur. Um 200 tonn rata í fráveitukerfin okkar þ.e. salerni og niðurföll. Það er ekki mikil vitneskja um magn örplasts sem fer í fráveitukerfin en líklegt þykir að það komi helst frá vegum og yfirborðsvatni. Góð hreinsun ætti að ná um 70-90% af örplasti. Því er mikilvægt að hreinsun sé til staðar.

Ræðir hún um forgangefni. En 45 þrávirk og hættuleg efni eru í umhverfinu okkar. Fer hún yfir mælistaði og niðurstöður forgangsvöktunarlista og hvernig þeir komu út. Efnafræðilegt ástand er gott á flestum stöðum.

Fer hún yfir lista um vaktlistaeftni og niðurstöður. Efnin leynast víða og eru þau m.a. að finnast í ám, líklega berast þau út í umhverfið með fráveitu og ofanvatni. Meðal þess sem er að finnast við sýnatökur er hjarta- og blóðþrýstingslyf, geð-, bólgueyðandi og sýklalyf og plöntuvarnarefni.

Sýklalyfjaónæmar bakteríur finnast víða og eru jafnvel útbreiddari en gert hefur verið ráð fyrir. Samstarf er í gangi meðal norrænu ráðherranefndarinnar og er starfshópur að vinna að aðgerðum til að sporna við útbreiðslu sýklalyfjaónæmra bakteríu.

Fer hún yfir hlutverk Umhverfisstofnunar sem er að hafa m.a. yfirumsjón með samræmingu umsagnaraðila, samræma störf og hlutverk, þrýsta á úrbætur og gera leiðbeininga t.d. vegna skýrara regluverks, minnisblöð og leiðbeiningar um magn skólps, gagnaskil um upplýsingar um stöðu fráveitumála, eftirlitsmælingar, vaktanir, o.fl. Á döfinni er að gera leiðbeiningar um olíuskiljur.

Á næstunni er mikilvægt að gefa út starfsleyfi fyrir fráveitur yfir 50 pe., tryggja virkni mengunarvarnarbúnaðar, samræma kröfur, skilning og þekkingu fólkus á fráveitu.

Ræðir hún um nýja tilskipun fyrir skolphreinsun. Sú sem er í gildi er 30 ára en það eru margir álagsþættir sem þarf að taka á. Skóp er enn helsti álagsþátturinn en það hafa bæst við nýjir mengunarvaldar sem þarf að leggja áherslu á, einnig verður lögð áhersla á að bæta hreinsun í minni þéttbýlum, tryggja þar að iðnaður beri meiri ábyrgð, bæta og auka eftirlit, gera áhættumat og skoða nýtingu á fráveituvatni og seyru.

Helstu breytingar og úrbætur tengdar Suðurlandi. Það þarf að vinna að, að allt skólp yfir 1000 pe. verði hreinsað með tveggja þreppa hreinsun fyrir 2030. Undanþágur samræmast ekki markmiðum um umhverfisvernd sem verið er að ná með tilskipuninni. Þetta mun hafa mest áhrif á þéttbýli sem losa út í sjó.

Á Selfossi og í Hveragerði er losað um og yfir 10.000 pe. þar þarf að gera áhættumat fyrir mengunar- og næringarefni og sambætta áætlanir.

Hugsunin að lengi taki sjórinn við á ekki við lengur.

c. Kosning í kjörbréfa- og kjörnefnd

Lögð er fram svohljóðandi tillaga stjórnar HSL að kjörbréfa- og kjörnefnd:

| Kjörbréfanefnd | Sveitarfélag |
|-------------------------------|-----------------------|
| Aldís Hafsteinsdóttir | Hrunamannahreppur |
| Margrét Harpa Guðsteinsdóttir | Rangárþing ytra |
| Sveinn Ægir Birgisson | Sveitarfélagið Árborg |

Er tillagan samþykkt samhljóða og tekur kjörbréfa- og kjörnefnd þegar til starfa

d. Árskýrsla heilbrigðiseftirlitsins, tölfræði og samanburður

Guðrún S. Magnúsdóttir, formaður, flytur skýrslu stjórnar og kynnir stjórn sína og þakkar þeim fyrir ánægjulegt samstarf, ræðir um störf HSL frá síðasta aðalfundi. Fer hún yfir verkefni HSL og tengsl milli ríkis og sveitarfélaga og HSL.

Starfsvæðið HSL nær yfir fjórðung Íslands og er byggðasamlag 14 sveitarfélaga á Suðurlandi. HSL starfar eftir lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Helstu mál sem hafa verið á dagskrá heilbrigðisnefndar eru mathallir, fráveitumál, sorpmál, tjaldgisting, landmótunarsvæði o.fl.

Ræðir hún um bókun heilbrigðisnefndar frá 20. júní 2022 vegna skýrslu UST um fráveitur, hún hvetur sveitarfélögin til að setja þessi mál í forgang, „*Jafnframt hvetur nefndin ríkisvaldið til að koma að framkvæmd úrbóta með fjármagni þar sem um er að ræða eitt af stærstu umhverfismálum samtímans með vísan í skýrsluna*“. Eins og segir í bókuninni. Ræðir hún um ríkisstuðning við fráveituframkvæmdir en ný reglugerð tók gildi 2020 og gildir 2030. Það þarf að fá ríkisstuðning í fráveitumálin en styrkfjárhæðin nemur að jafnaði um 20% af heildarkostnaði og munar um það. Stóru málin eru fráveitur og aftur fráveitur.

Í umræðunni er að heilbrigðiseftirlitin verði lögð niður og að málaflokkurinn fari undir Matvæla- og Umhverfisstofnun. Þetta er mikilvægur mælaflokkur, spurning er hvort að þetta veiki sveitarstjórnarstigið? Hún spyr: Hver er afstaða Sunnlenskra sveitarfélaga? Það var ekki haft samráð við sveitarfélögin og kom þetta því fólk í opna skjöldu. HSL er ekki að gefa neinn afslátt af sínum umsögnum og úttektum, þó um sé að ræða sveitarfélög, eins og fullyrt er í skýrslu URN. Það verður ekki vænlegt að setja sveitarstjórnarfólk og umhverfisnefndir í það verkefni taka til í á lóðum og lendum, það er betra að það sé á borði heilbrigðiseftirlits.

Sigrún Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri HSL, tekur við. Fer hún yfir upplýsingar frá Ferðamálastofu en þar kemur fram að árið 2023 fari 81% ferðamanna um Suðurlandið.

Fer hún yfir fjölda skipulagsumsagna sem fóru til umsagna hjá HSL. Fjöldi veitingastaða voru 142 og hótel og gistiþými 248 einnig eru tekin út sumarhús/ibúðir, orlofshúsasvæði, fjallaskálar og tjaldsvæði en þetta eru allt staðir sem þarf að taka út.

HSL er með málaskrá þar koma fram fjöldi umsagna sem HSL tekur fyrir. Hver umsögn kallað á formlegheit og getur verið tímafrek, einnig kalla margar umsagnir á eftirlitsheimsókn.

Vatnsveitur á Suðurlandi er fjölmargar og flestar í góðu standi. HSL hefur eftirlit með yfir 200 vatnsbólum og kemur fyrir að þar séu ófullnægjandi gæði. Það skiptir miklu máli að niðurstöður baðvatnssýni standist úttektir en það er mjög góð vöktun á sundlaugum á svæðinu. Það eru ekki eins skýrar reglur um náttúrlaugar en þær eru fjölmargar á Suðurlandi.

Sýnataka vegna fráveitu var mikil árið 2022. Gerðar hafa verið nýjar leiðbeiningar um minni fráveitur en enn er beðið eftir fráveitureglugerð.

Sýnir hún niðurstöðu loftgæðamælinga vegna jarðvarmavirkjunar, enn má sjá árangur á hreinsun brennisteinvetnis frá Hellisheiðarvirkjun.

Fer hún yfir tölulegar upplýsingar um hreinsum á lóðum og lendum í máli og myndum.

Ný leikvallareglugerð tók gildi 2022 og einnig er ný reglugerð um skráningu atvinnurekstrar í stað starfsleyfis. En er beðið eftir uppfærslu á hollustuháttarreglugerð sem er í vinnslu.

Kynnir hún heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins og hvetur sveitarstjórnarmenn að skoða hana ásamt þjónustugáttinni. Með tilkomu þjónustugáttarinnar varð stór ávinningur. Nú skráir umsækjandi allar upplýsingar í umsóknina sem færist beint inn í málakerfi um leið og umsóknin er samþykkt. Einnig hefur verið tekin upp rafræn undirritun á fundargerðum.

Ræðir hún um bókun frá síðasta ársþingi þar sem lagt var til við að stjórn tæki til skoðunar tölfræði og samanburð gjaldskrár og framlaga milli svæða og legði fyrir ársfund. Fer hún yfir samanburð á milli svæða.

Fundarstjóri gefur orðið laust til máls taka Aldís Hafsteinsdóttir, Kjartan Ólafsson og Ása Valdís Árnadóttir.

e. Kynning vegna hreinsunar á lóðum og lendum

Sigrún Guðmundsdóttir, fer yfir hreinsun á lóðum og lendum sem staðið hefur yfir frá árinu 2019. Nú hefur hreinsunin verið innleidd sem hluti af reglubundnum verkefnum starfmanns HSL. Fer hún yfir tölfræði yfir fjölda mála eftir sveitarfélögum. Sýnir hún myndir úr sveitarfélögum.

f. Tillögur heilbrigðisnefndar

Guðrún S. Magnúsdóttir, formaður leggur fram tvær tillögur:

Tillaga um þóknun stjórnar.

Tillaga til aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. 27. október 2023 um þóknun stjórnar.

1. Laun stjórnar skulu nema 3% af þingfararkaupi fyrir hvern fund. Laun formanns skulu nema 4,5 % af þingfararkaupi fyrir hvern fund. Fyrir aðra fundi skulu þau nema 3% af þingfararkaupi fyrir hvern fund.

2. Fulltrúar í stjórn skulu fá greitt fyrir akstur til og frá fundarstað skv. akstursdagbók í samræmi við reglur RSK um aksturskostnað.

Ofangreint var tekið fyrir á 231. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands 5. október 2023 og bera upp til afgreiðslu á aðalfundi.

Tillaga um endurskoðun reikninga

Tillaga til aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. 27. október 2023 um ráðningu Pricewaterhouse Coopers (PWC) á Selfossi um endurskoðun reikninga.

Ofangreint var tekið fyrir á 231. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands 5. október 2023 og samþykkt til afgreiðslu á aðalfundi.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Enginn tekur til máls.

Tillaga um þóknun stjórna er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Tillagan um endurskoðun reikninga er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

g. Niðurstaða kjörnefndar um lögmæti fundarins

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar, kveður sér hljóðs og kynnir niðurstöðu um lögmæti fundarins. Kemur fram að kjörnir fulltrúar eru 56. Alls eru 45 aðalfulltrúar mættir og 3 varafulltrúar, 8 eru fjarverandi. Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

h. Ársreikningur 2022

Sigrún Guðmundsdóttir fer yfir ársreikning ársins 2022. Rekstrartekjur ársins eru tæplega 161 m.kr. Rekstrargjöld ársins eru tæplega 165 m.kr þar kom fram að fjármagnstekjur ársins eru tæplega 1,5 m.kr. rekstrartap ársins er rúmlega 2,5 m.kr.

Fundarstjóri gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

Ársreikningur er borin undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

i. Tillaga að fjárhagsáætlun 2024

Sigrún Guðmundsdóttir kynnir fjárhagsáætlun 2024.

Helstu tölur eru að rekstrartekjur verði rúmlega 190 m.kr. og rekstrargjöld tæplega 190 m.kr.

Lagt er til að framlög sveitarfélaga hækki um 7,5% milli ára.

Fundarstjóri gefur orðið laust til máls taka Jón Bjarnason, Sigrún Guðmundsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Guðrún S. Magnúsdóttir, Haraldur Þór Jónsson, Bragi Bjarnason og Daði Geir Samúelsson.

Daði Geir Samúelsson leggur fram breytingartillögu: Leggur hann til að gert verði ráð fyrir 0,5% hækkun á launum í stað 3%

Tillaga er borin undir atkvæði og felld með meirihluta greidda atkvæða.

Jón Bjarnason leggur til að fjárhagsáætlunin verði samþykkt eins og hún er en það verði farið í launagreiningu og niðurstaða verði kynnt á næsta fundi.

Tillagan er borin undir atkvæði og með meirihluta greiddra atkvæða.

Tillaga að fjárhagsætlun er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með þeim skilyrðum að farið verði í launagreiningu og niðurstaða kynnt á næsta aðalfundi.

j. Tillaga að gjaldskrá 2024

Lögð fram tillaga að gjaldskrá Heilbrigðiseftirlit Suðurlands þar sem gert er ráð fyrir 7,5% heildarhækkun.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Enginn tekur til máls.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

k. Önnur mál

Fundarstjóri gefur orðið laust. Enginn tekur til máls.

3. Almennar umræður

Fundarstjóri gefur orðið laust. Enginn tekur til máls.

4. Fundarslit

Guðrún S. Magnúsdóttir, formaður, þakkar fyrir góðan fund og óskar fundarmönnum góðrar heimferðar.

Fundarstjóri slíttur fundi kl: 12:05

Rósa Sif Jónsdóttir, fundarritari.



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

Fundargerð

232. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands
haldinn mánudaginn 27. nóvember 2023 kl. 13:00 að Austurvegi 65a, Selfossi

Mætt: Guðrún S. Magnúsdóttir, Páll Tómasson í fjarfundabúnaði, Fjóla St. Kristinsdóttir, Kjartan Ólafsson, Örn Friðriksson í fjarfundabúnaði, Oddur Árnason og Sigrún Guðmundsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Guðrún S. Magnúsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Starfsleyfi, skráning, brennuleyfi, tóbakssöluleyfi, afturköllun starfsleyfa, umsagnir, rekstraryfirlit

a) Starfsleyfi

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|-----------|---|--|--------|------------|
| 2311102HS | Starfsleyfi endurnýjun | Ferðaþjónustan Ásólfsskála Sigurður Grétar Ottósson | 861 | 26.11.2023 |
| 2311103HS | Starfsleyfi endurnýjun | Ion Hotel ehf. - Nesjavöllum | 805 | 26.11.2023 |
| 2311096HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Mið-Mörk - Martina Jennie Sofie Holmgren – reiðskóli og hestaleiga | 861 | 22.11.2023 |
| 2311100HS | Starfsleyfi eigendaskipti | Konungskaffi ehf. | 800 | 20.11.2023 |
| 2311085HS | Starfsleyfi, endurnýjun | JÁverk ehf – olfugeymir, trésmiðja og vélaverkstæði | 800 | 20.11.2023 |
| 2311044HS | Starfsleyfi eigendaskipti | Heimamenn Skarðshlíð - EJ Hotels ehf | 861 | 16.11.2023 |
| 2311049HS | Starfsleyfi eigendaskipti | Hôtel Skógrafoss - EJ Hotels ehf. | 861 | 16.11.2023 |
| 2311041HS | Starfsleyfi eigendaskipti | Greenhouse rekstrarfélag ehf. | 810 | 15.11.2023 |
| 2311036HS | Starfsleyfi timabundið vegna jarðborana | Carbfix hf. – niðurdæling vegna CO ₂ | 816 | 13.11.2023 |
| 2311021HS | Starfsleyfi, nýtt - Efnistaka | Landefni ehf. - Minnivallanáma | 851 | 08.11.2023 |
| 2311022HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Bláskógabyggð - Skolprehreinsistöð Reykholti | 806 | 08.11.2023 |
| 2311024HS | Starfsleyfi breyting á starfsemi | Árborg Sunnulækjarskóla | 800 | 08.11.2023 |
| 2311025HS | Starfsleyfi breyting á starfsemi | Árborg Stekkjaskóla | 800 | 08.11.2023 |
| 2311018HS | Starfsleyfi nýtt húsnaði | Vatnajökulsþjóðgarður - Skaftárstofa | 880 | 07.11.2023 |
| 2311019HS | Starfsleyfi breyting á starfsemi | Árborg Vallaskóli | 800 | 07.11.2023 |
| 2311013HS | Starfsleyfi breyting á húsnaði | Prestshús evening sun guesthouse - Einar K Stefánsson | 871 | 06.11.2023 |
| 2311008HS | Starfsleyfi eigendaskipti - Hótel Hella | Legendary Travel ehf. | 850 | 03.11.2023 |
| 2311009HS | Starfsleyfi eigendaskipti - Árhús gisting | Legendary Travel ehf. | 850 | 03.11.2023 |



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

| | | | | |
|-----------|---|--|-----|------------|
| 2311010HS | Starfsleyfi eigendaskipti - Árhús veitingar | Legendary Travel ehf. | 850 | 03.11.2023 |
| 2311011HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Made in Island - Birdland Iceland ehf. | 800 | 03.11.2023 |
| 2311005HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Svarthöfði-Hrossarákt ehf. | 210 | 02.11.2023 |
| 2311006HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Icomer ehf. - Super1 Pizza | 815 | 02.11.2023 |
| 2310076HS | Starfsleyfi breyting á starfsemi | Landeldi hf. - Starfsmannabúðir Laxabraut | 815 | 30.10.2023 |
| 2310073HS | Starfsleyfi endurnýjun | Syðri-Reykir ehf. | 806 | 26.10.2023 |
| 2310070HS | Starfsleyfi - nýtt | JR verk ehf - Gisting - Voðmúlastaðir | 861 | 25.10.2023 |
| 2310072HS | Starfsleyfi ný starfsemi gisting | Aurora Igloos ehf. | 851 | 25.10.2023 |
| 2310066HS | Starfsleyfi emdurskoðun eigendaskipti | Íslenskir aðalverktakar hf. - Lambafell IAV | 816 | 24.10.2023 |
| 2310062HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Wolt Enterprises Iceland ehf. | 800 | 23.10.2023 |
| 2310048HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Deluxe Lodges ehf. - Tindasel - Hótel | 850 | 19.10.2023 |
| 2310043HS | Starfsleyfi - eigendaskipti | Huppuís ehf. - Ísbúð Huppu | 800 | 18.10.2023 |
| 2310039HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Kristjón L Kristjánsson | 860 | 17.10.2023 |
| 2310027HS | Starfsleyfi vegna flutnings í nýtt húsnaði | Frostþurkun ehf. | 815 | 12.10.2023 |
| 2310028HS | Starfsleyfi endurnýjun | Svínabú Þórustöðum - Síld og Fiskur | 816 | 12.10.2023 |
| 2310029HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Dalalíf ehf gisting | 806 | 12.10.2023 |
| 2310030HS | Starfsleyfi eigendaskipti | Eldhúsið - Góð stemning ehf. | 800 | 12.10.2023 |
| 2310024HS | Starfsleyfi breyting á starfsermi | Hair color studio ehf. | 810 | 11.10.2023 |
| 2310020HS | Starfsleyfi - endurnýjun | Ferðafélag Ísl.v/Landmannalaug | 851 | 10.10.2023 |
| 2310021HS | Starfsleyfi - endurnýjun | Ferðafélag Ísl.v/Hvanngils, fjallaskála | 851 | 10.10.2023 |
| 2310022HS | Starfsleyfi - endurnýjun | Ferðafélag Ísl.v/Hrafntinnuskers, fjallaskála | 851 | 10.10.2023 |
| 2310023HS | Starfsleyfi - endurnýjun | Ferðafélag Ísl.v/Emstrur, fjallaskála | 861 | 10.10.2023 |
| 2310015HS | Starfsleyfi ný starfsemi - | Snyrtistofan Stella - Guðlaug Stella Hafsteinsdóttir | 800 | 05.10.2023 |
| 2310016HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Miðás hestar ehf. - gisting | 850 | 05.10.2023 |

Framlenging á gildistíma tveggja starfsleyfa:

Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur ákveðið að framlengja gildistíma starfsleyfis JÁ verk ehf. vegna olíugeymis, trésmíðaverkstæðis og vélaverkstæðis að Gagnheiði 28, Selfossi í þrjá mánuði eða þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út, enda hefur nefndinni borist fullnægjandi umsókn um endurnýjun starfsleyfis og eru starfsleyfisskilyrði í vinnslu.

Jafnframt hefur Heilbrigðisnefnd Suðurlands ákveðið að framlengja starfsleyfi Olís ehf., vegna sjálfvirkrar bensínstöðvar á Eyrarbakka þar til endurnýjað starfsleyfi hefur verið gefið út, en eigi lengur en til 30. apríl nk. Olís hefur sent Heilbrigðiseftirliti Suðurlands beiðni um að fá að kóta eldri eldsneytisgeyma í staðinn fyrir að skipta þeim út. Aðferðin hefur ekki verið notuð hér á landi og þarf því að kanna hvort aðferðin uppfylli kröfur laga og reglugerða áður en hún verður heimiluð.



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

Um heimild til framlengingar ofangreindra starfsleyfa er vísað í 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.br. þar sem segir: „*Útgefanda starfsleyfis er heimilt að framlengja gildistíma starfsleyfis á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn um nýtt starfsleyfi borist útgefanda.*“

Starfsleyfi og eftirlit færist til UST:

Oddur Árnason og Guðrún S. Magnúsdóttir viku af fundi við afgreiðslu þessa máls og varaformaður Páll Tómasson tók við stjórn fundarins.

Endurnýjun starfsleyfis Sláturfélags Suðurlands ehf. fyrir mengandi starfsemi vegna sláturhúss á Selfossi var afgreitt á síðasta fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands á þeim forsendum að starfsleyfið var miðað við framleiðslugetu út frá ársgrundvelli, þ.e. að framleiðslan sé að meðaltali 25 tonn á dag. Til stuðnings þeirri nálgun að miða við meðaltal á árgrundvelli er vísað til viðmiða á magni mjólkur við útgáfu starfsleyfa til mjólkurframleiðslufyrirtækja þar sem notast er við þessi viðmið. Umhverfisstofnun gerði formlega athugasemd við afgreiðsluna með þeim rökum að sláturhús í rekstri með framleiðslugetu yfir 50 tonn af skrokkum á dag sé starfsleyfisskylt hjá Umhverfisstofnun, sbr. lið 6.4.a í I, laga nr 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, en ekki hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur fengið álit þriðja aðila. Við mat á á framangreindu var litið til laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, auk viðeigadi reglugerða Evrópusambandsins (ESB) sem tekin hafa verið upp í EES-samninginn. Samkvæmt innsendum upplýsingum frá Sláturfélagi Suðurlands er framleiðslugeta sláturhússins á Selfossi í sláturtíð á haustin 50 tonn á dag í two mánuði í sauðfjárlátrun auk 16 tonna framleiðslu í stórgripaslátrun sem fer fram samhliða.

Í ljósi ofangreinds og þar sem um er að ræða two mánuði á ári sem framleiðslan fer yfir þessi mörk, leggur Heilbrigðisnefnd Suðurlands til að Heilbrigðiseftirlit Suðurlands fari þess á leit við Umhverfisstofnun að fá að sinna þessu verkefni í umboði Umhverfisstofnunar í verktöku.

Í auglýsingu:

Eftirtalin starfsleyfisskilyrði eru í auglýsingu á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Starfsleyfi í auglýsingu verða gefin út að auglýsingafresti loknum að því gefnu að ekki berist athugasemdir við útgáfuna. Að öðrum kosti verður ákvörðun tekin á næsta fundi nefndarinnar.

Starfsleyfisauglýsingar vegna útgáfu starfsleyfa fyrir mengandi starfsemi sbr. reglugerð nr. 550/2019 til kynningar

- Carbfix hf., kt. 5310220840, Höfðabakka 9b, 110 Reykjavík, vegna tímabundins starfsleyfis til borunar vöktunarholu vegna niðurdælingar CO₂ í jarðhitagarðinum við Hellisheiðarvirkjun, Kolviðarhóli, 816 Ölfus. Sjá slóð [hér](#).
 - Frestur til að gera athugasemdir er til 20. Desember 2023



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

- Síld og fiskur ehf., kt. 5902982399, Dalshrauni 9b, 220 Hafnarfjörður, vegna svínabús með allt að 400 smágrísi (7-30 kg) og 750 alisvíni (>30 kg) að Þórustöðum 1, 816 Ölfus. Sjá slóð hér.
- Frestur til að gera athugasemdir er til 11. Desember 2023

Afgreiðsla á öðrum ofangreindum umsóknunum:

Önnur ofangreind starfsleyfi eru samþykkt með fyrirvara um jákvæða úttekt heilbrigðisfulltrúa og jákvæða afgreiðslu viðkomandi skipulags- og byggingafulltrúa.

b) Tóbakssöluleyfi

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki / stofnun | Póstnr | Móttekið |
|-----------|-----------------------------|--|--------|------------|
| 2311093HS | Tóbakssöluleyfi endurnýjun | Bjarnabúð ehf | 806 | 21.11.2023 |
| 2311043HS | Tóbakssöluleyfi endurnýjun | Verslunin Borg – Midnight Special ehf. | 805 | 16.11.2023 |
| 2310038HS | Tóbakssöluleyfi, endurnýjun | Lundinn – Dalhraun 6 ehf | 900 | 17.10.2023 |

Staðfesting á ofangreindu

c) Brennuleyfi/umsagnir til sýslumanna

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki / stofnun | Póstnr | Móttekið |
|-----------|--|--------------------------|--------|------------|
| 2311104HS | Brennuleyfi Brenna undir 100m ³ að Goðalandi, Fljótshlíð 5. Janúar 2024 | Ungmennafélagið Þórsmörk | 861 | 26.11.2023 |
| 2311105HS | Brennuleyfi Brenna undir 100m ³ við Seljalandsfoss, 6. Janúar 2024 | Ungmennafélagið Trausti | 861 | 26.11.2023 |
| 2311106HS | Brennuleyfi Brenna undir 100m ³ að Hrauni 31. Desember 2023 | Hannes Sigurðsson | 816 | 26.11.2023 |
| 2311107HS | Brennuleyfi Brenna undir 100m ³ við Skötubót, Þorlákshöfn | Sveitarfélagið Ölfus | 815 | 26.11.2023 |
| 2311097HS | Brennuleyfi ÍBV – Brenna undir 100m ³ í Vestmannaeyjum 5. Janúar 2024 | ÍBV Þjóðhátíð og fleira | 900 | 22.11.2023 |
| 2311052HS | Brennuleyfi – Brenna undir 100m ³ Þykkvibær 31. Desember 2023 | Rangárþing ytra | 850 | 17.11.2023 |
| 2311045HS | Brennuleyfi – Brenna undir 100m ³ á Hvolsvelli 31. Desember 2023 | Rangárþing eystra | 860 | 16.11.2023 |
| 2311046HS | Brennuleyfi – Umsögn um brennu undir 100m ³ 31.12.2023 Rangárþing ytra | Rangárþing ytra | 850 | 16.11.2023 |
| 2310078HS | Brennuleyfi – Brenna undir 100m ³ Hvitárholti 11. Desember 2023 | Flúðasveppir ehf. | 845 | 30.10.2023 |
| 2310079HS | Brennuleyfi – Umsögn um brennu undir 100 m ³ í Vík í Mýrdal 31. Desember 2023 | Mýrdalshreppur | 870 | 30.10.2023 |

Staðfesting á ofangreindu



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

d) Skráning starfsemi

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki / stofnun | Póstnr | Móttekið |
|-----------|---|--------------------------------------|--------|------------|
| 2311110HS | Skráning, flugeldasýning við Seljalandsfoss, 6. janúar 2024 | Ungmennafélagið Trausti | 861 | 26.11.2023 |
| 2311109HS | Skráning, flugeldasýning við Goðaland í Fljótshlíð 5.jan.2024 | Ungmennafélagið Þórsmörk | 861 | 26.11.2023 |
| 2311099HS | Skráning - Flugeldasýning Hellu 31. desember 2023 | Rangárþing ytra | 850 | 22.11.2023 |
| 2311098HS | Skráning - Flugeldasýning Þorlákshöfn 31. desember 2023 | Sveitarfélagið Ölfus | 815 | 22.11.2023 |
| 2311042HS | Skráning - Máni ÁR70 fiskvinnsla | Máni Ár-70 ehf - fiskvinnsla | 820 | 15.11.2023 |
| 2311038HS | Skráning - Flugeldasýning í Vík 31. desember 2023 | Björgunarsveitin Víkverji | 870 | 13.11.2023 |
| 2311037HS | Skráning - Flugeldasýning í landi Herjólfsstaða 31. desember 2023 | Björgunarsveitin Lífsgjöf | 880 | 13.11.2023 |
| 2310082HS | Skráning, flugeldasýning Hvolsvelli 31.des.2023 | Rangárþing eystra | 860 | 31.10.2023 |
| 2310077HS | Skráning - Flugeldasýning Stjórnarsandi um áramót 2023 | Björgunarsveitin Kyndill | 860 | 30.10.2023 |
| 2310067HS | Skráning - Niðurrif asbestos Lækjarbrekku, 804 Selfoss | MP byggingar ehf. - meðferð asbestos | 851 | 25.10.2023 |
| 2310065HS | Skráning, niðurrif á Tangagötu 10, Vm | Steini og Olli ehf | 900 | 24.10.2023 |

Staðfesting skráningar á ofangreindum umsóknunum

e) Afturköllun starfsleyfa

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki / stofnun | Póstnr | Móttekið |
|-----------|---|----------------------------|--------|------------|
| 2311014HS | Afturköllun starfsleyfis - starfsemi hætt | Matsöluvagn Lonta ehf. | 845 | 06.11.2023 |
| 2310081HS | Afturköllun starfsleyfis, eigendaskipti | Southdoor ehf. Árhús | 861 | 30.10.2023 |
| 2310035HS | Afturköllun starfsleyfis, eigendaskipti | Southdoor ehf. Hótel Hella | 850 | 16.10.2023 |

Staðfesting á ofangreindu

d) Umsagnir til sýslumanna

Vegna veitinga- og gistikeyfa og tækifærисleyfa

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|-----------|--|---|--------|------------|
| 2311087HS | Rekstrarleyfi, eigendaskipti - veitingar | EJ Hotels ehf.- Heimamenn Skarðshlíð | 861 | 20.11.2023 |
| 2311056HS | Rekstrarleyfi ný starfsemi - vantar leyfi bygg | Ásdís Helga Hallgrímsdóttir | 800 | 17.11.2023 |
| 2311054HS | Rekstrarleyfi - breyting á starfsemi | Gisting Ásólfss töðum - Jóhannes H Sigurðsson | 804 | 17.11.2023 |
| 2311053HS | Rekstrarleyfi eigendaskipti | EJ Hotels ehf. - Hótel Skógarfoss | 861 | 17.11.2023 |
| 2311050HS | Rekstrarleyfi ný starfsemi gisting | Skaftholt,sjálfseignarstofnun | 804 | 16.11.2023 |
| 2311048HS | Umsögn um rekstrarleyfi, eigendaskipti. | EJ Hotels ehf. - Hótel Skóga | 861 | 16.11.2023 |
| 2311047HS | Rekstrarleyfi ný starfsemi - fjallaskáli Hesti | CityClean ehf. | 805 | 16.11.2023 |



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

| | | | | |
|-----------|---|--|-----|------------|
| 2311032HS | Rekstrarleyfi ný starfsemi | Fish Partner ehf. - Þverá - Battle Hill Lodge | 881 | 08.11.2023 |
| 2311031HS | Rekstrarleyfi breyting á starfsemi | Prestshús evening sun guesthouse - Einar Kristinn Stefánsson | 871 | 08.11.2023 |
| 2311030HS | Rekstrarleyfi breyting á starfsemi | Efstidalur 2 ehf | 806 | 08.11.2023 |
| 2311002HS | Rekstrarleyfi ný starfsemi - vantar leyfi bygg | SKI Capital ehf. | 200 | 02.11.2023 |
| 2310071HS | Rekstrarleyfi ný starfsemi gisting | Aurora Igloos ehf. | 851 | 25.10.2023 |
| 2310069HS | Rekstrarleyfi - nýtt - Gisting | JR verk ehf - Voðmúlastaðir | 861 | 25.10.2023 |
| 2310049HS | Rekstrarleyfi greiðasala | Oliuverzlun Íslands ehf. v/Arnberg Selfossi | 800 | 23.10.2023 |
| 2310047HS | Rekstrarleyfi veitingar eigendaskipti | Konungskaffi ehf. | 800 | 19.10.2023 |
| 2310045HS | Rekstrarleyfi gisting ný starfsemi | Deluxe Lodges ehf. - Tindasel - Hótel | 851 | 19.10.2023 |
| 2310044HS | Rekstrarleyfi hafnað vegna skipulags | Lagnahornið ehf. - Miðholt 35A | 806 | 18.10.2023 |
| 2310042HS | Rekstrarleyfi gisting ný starfsemi | Kalsi ehf. | 851 | 18.10.2023 |
| 2310041HS | Rekstrarleyfi gisting ný starfsemi | Eiríkur Þór Jónsson - Country Home in Nature | 881 | 18.10.2023 |
| 2310031HS | Rekstrarleyfi ný starfsemi gisting | Dalalíf ehf - Fellskot | 806 | 12.10.2023 |
| 2310026HS | Rekstrarleyfi - nýtt gisting | Miðás hestar ehf. | 850 | 11.10.2023 |
| 2310004HS | Rekstrarleyfi - nýtt | Sumarhús - Fossar - Fossar-bú sf. | 880 | 02.10.2023 |
| 2311057HS | Tækifærисleyfi vegna jölahlaðborðs | Skaftárreppur v/Félagsheimilið Kirkjuhvoll | 880 | 17.11.2023 |
| 2311055HS | Tækifærисleyfi | Rangárping eystra v/ Félagsheimili Hvoll, Hvolsvelli | 860 | 17.11.2023 |
| 2310034HS | Tækifærисleyfi - tímabundið áfengisleyfi árshátið svf | Ölfus v/ Versalir, samkomusalur | 815 | 16.10.2023 |
| 2310033HS | Tækifærисleyfi, Regnbogahátið Leikskálum - Tónræktin ehf. | Tónræktin ehf. | 810 | 13.10.2023 |
| 2310032HS | Tækifærисleyfi - Regnbogahátið 23 | Mýrdalshreppur v/ Íþróttamiðstöðvar | 870 | 12.10.2023 |
| 2310013HS | Tækifærисleyfi - Skjálftinn 2023 | Ölfus v/ Íþróttamiðstöð og sundlaug og tjaldsvæði | 815 | 05.10.2023 |
| 2310003HS | Tækifærисleyfi - vegna tónleika | Elísa Dagmar Björnsdóttir | 800 | 02.10.2024 |

Afgreiðsla staðfest

e. Umsagnir vegna skipulags- og umhverfismála

Skipulagsmál

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|-----------|--|---|--------|------------|
| 2311120HS | Litlaland lóð L204654 og Litlaland L172908, Ásahreppi - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 26.11.2023 |
| 2311119HS | Minni-Borg, golfvöllur L208755, Íþ5 - Grímsnes- og Grafningshreppi - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 26.11.2023 |
| 2311118HS | Úlfþjótsvatn, fristundabyggð F14 - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 26.11.2023 |
| 2311117HS | Eystri-Loftsstaðir, Flóahreppi - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 26.11.2023 |



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

| | | | | |
|-----------|---|--|-----|------------|
| 2311116HS | Hraungerði, Þinghús, Flóahreppi, L166237 - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Ánessýslu | 840 | 26.11.2023 |
| 2311115HS | Dílaflót - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 26.11.2023 |
| 2311113HS | Stóra-Mörk - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 26.11.2023 |
| 2311112HS | Burta - Umsögn um aðalskipulagbreytingu - lýsing | Skipulags- og byggingafulltrúi Mýrdalshrepps | 870 | 26.11.2023 |
| 2311111HS | Ægissíða 1, L165446. Stekkatún - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 26.11.2023 |
| 2308016HS | Ægissíða 1, L165446. Stekkatún - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 26.11.2023 |
| 2311088HS | Eystra-Seljaland, VP31 - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu lýsing | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 20.11.2023 |
| 2311086HS | Eystra Seljaland, (F1, F2 og F3) - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 20.11.2023 |
| 2309007HS | Eystra-Seljaland F7, V30 - Umsögn um aðalskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 27.11.2023 |
| 2207032HS | Ytra-Seljaland - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 20.11.2023 |
| 2311081HS | Eima í Selvogi - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus | 815 | 19.11.2023 |
| 2311080HS | Laxabraud 19-29 fiskeldi - Umsögn um deiliskipulagstillögu lýsing | Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus | 815 | 19.11.2023 |
| 2311079HS | Laxabraud 15-17 - Umsögn um deiliskipulagstillögu lýsing | Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus | 815 | 19.11.2023 |
| 2311078HS | Thor landldi deiliskipulag - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus | 815 | 19.11.2023 |
| 2311077HS | Laugarvatn; Einbúi, Reitur 8; Breyttir skilmálar og fjölgun byggingarreita - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Ánessýslu | 840 | 19.11.2023 |
| 2311076HS | Skógarholt; Frístundabyggð í landi Reykjavalla, Bláskógarbyggð - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Ánessýslu | 840 | 19.11.2023 |
| 2311075HS | Borg í Grímsnesi; Borgarteigur; Íbúðarbyggð og hesthúsahverfi; - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Ánessýslu | 840 | 19.11.2023 |
| 2311074HS | Öndverðarnes 2 lóð L170121; Selvíkurvegur 12 og 13, Grímsnes- og Grafningshreppi - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Ánessýslu | 840 | 19.11.2023 |
| 2311073HS | Rauðafell 2 - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu lýsing | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 19.11.2023 |
| 2311072HS | Nesjavellir, vinnsluholar og niðurdælingaholar - Grímsnes- og Grafningshreppi - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu lýsing | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Ánessýslu | 840 | 19.11.2023 |
| 2311071HS | Íbúðarsvæði ÍB2 og Miðsvæði M1; Borg í Grímsnesi; Breyttir skilmálar; Aðalskipulagsbreyting - 2303045Umsögn um aðalskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Ánessýslu | 840 | 19.11.2023 |
| 2311070HS | Borg Þykkvabæ, lóð L218544 - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 19.11.2023 |
| 2311069HS | Borg, Þykkvabæ. Breyting á landnotkun - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 19.11.2023 |



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

| | | | | |
|-----------|---|--|-----|------------|
| 2311068HS | Landmannahellir - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 19.11.2023 |
| 2311067HS | Íbúðasvæði austan Árbæjarvegar - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 19.11.2023 |
| 2311065HS | Ferðaþjónusta á Norður- og Suður-Fossi - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu lýsing | Skipulags- og byggingafulltrúi Mýrdalshrepps | 870 | 19.11.2023 |
| 2311064HS | Búrfellslundur vindorkugarður - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 19.11.2023 |
| 2311063HS | Búrfellslundur vindorkugarður - Umsögn um aðalskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 19.11.2023 |
| 2311062HS | Breyting á Aðalskipulagi Mýrdalshrepps - VP6 - Umsögn um aðalskipulag lýsing | Skipulags- og byggingafulltrúi Mýrdalshrepps | 870 | 19.11.2023 |
| 2311061HS | Þjóðólfshagi, breyting á landnotkun - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 19.11.2023 |
| 2311060HS | Austurvegur 65, Selfossi - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Svf. Árborgar | 800 | 19.11.2023 |
| 2311059HS | Austurvegur 33-35, Selfossi - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Svf. Árborgar | 800 | 19.11.2023 |
| 2311058HS | Eyravegur 42-44 - Deiliskipulag verslunar- þjónustu og íbúðabyggðar - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Svf. Árborgar | 800 | 19.11.2023 |
| 2311034HS | Dímonarflöt - Umsögn um aðalskipulagslysingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 08.11.2023 |
| 2311033HS | Bakkafit - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 08.11.2023 |
| 2311023HS | Sólbakki, áður Hlíðartunga land - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus | 815 | 08.11.2023 |
| 2311003HS | Staður - Umsögn um deiliskipulagsbreyting | Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus | 815 | 02.11.2023 |
| 2311001HS | Bergheimar og íbúðabyggð Knarrarbergi, Heinabergi og Hafnarbergi - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus | 815 | 02.11.2023 |
| 2310080HS | Íbúðabyggð við malarvöll og Löngulág - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu | Vestmannaeyjabær - umhv.og framkv.svið | 900 | 30.10.2023 |
| 2310063HS | Hallkelshólar F55 - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Ánessýslu | 840 | 23.10.2023 |
| 2310061HS | Oddsholt F50 - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Ánessýslu | 840 | 23.10.2023 |
| 2310060HS | Þjóðgarðurinn á Þingvöllum - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu - lýsing | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Ánessýslu | 840 | 23.10.2023 |
| 2310059HS | Hvítárbraut 7-21, Grímsnes- og Grafningshreppi - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Ánessýslu | 840 | 23.10.2023 |
| 2310058HS | Barkarstaðir - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu - lýsing | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 23.10.2023 |
| 2310057HS | Brú - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu - lýsing | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 23.10.2023 |
| 2310056HS | Hattafellsgil - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 23.10.2023 |
| 2310055HS | Strengur milli Rimakots og Vestmannaeyja - Umsögn um aðalskipulagsbreyting | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 23.10.2023 |
| 2310054HS | Miðey 1 - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 23.10.2023 |



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

| | | | | |
|-----------|--|---|-----|------------|
| 2310053HS | Kaldakinn - Umsögn um deiliskipulagställögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 23.10.2023 |
| 2310052HS | Veiðivötn Tjaldvatn - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 23.10.2023 |
| 2310051HS | Hungurfit - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 23.10.2023 |
| 2310050HS | Djúpárbakki - Umsögn um deiliskipulagställögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 23.10.2023 |
| 2310002HS | Bakkahlíð - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus | 815 | 01.10.2023 |
| 2308002HS | Reykholtsdalur; Verslunar- og þjónustusvæði, Bláskógbabyggð - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnессýslu | 840 | 01.08.2023 |
| 2305093HS | Minni-Borg, golfvöllur, Grímsnes- og Grafningshreppi - Umsögn um aðalskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnессýslu | 840 | 23.05.2023 |
| 2306019HS | Ás, Hrunalaug, Hrunamannahreppi - Umsögn um deiliskipulagställögu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnессýslu | 840 | 13.11.2023 |
| 2204055HS | Hjarðarból - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus | 815 | 14.11.2023 |
| 2309062HS | Svínhagi SH-18 br á texta VP25 - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 26.11.2023 |
| 2108046HS | Svæðiskipulag Suðurhálendisins - Umsögn um tillögu | Samtök sunnlenskra sveitarfél | 800 | 15.11.2023 |
| 2308126HS | Rauðuskriður, nr. 05462023 - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 26.11.2023 |
| 2303053HS | Dílaflöt - Umsögn um deiliskipulagställögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 26.11.2023 |

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.

Umhverfismál

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|-----------|--|------------------|--------|------------|
| 2311089HS | Efnistaka í Minnivallanámu, Rangárþingi ytra - Umsögn um tilkynningu | Skipulagsstofnun | 105 | 21.11.2023 |
| 2311066HS | Pingskálavegur, Rangárvöllum - Umsögn um framkvæmd | Skipulagsstofnun | 105 | 19.11.2023 |
| 2211111HS | Efnistaka Höfðafjörðu, Mýrdalshreppi - Umsögn um matsskýrslu | Skipulagsstofnun | 105 | 26.11.2023 |

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.

f) Rekstraryfirlit

Lagt fram til kynningar

2. Afgreiðslur aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. 27. október sl.

- Á aðalfundinum var ítarleg umfjöllun frá Umhverfisstofnun um fráveitumál þar sem farið var yfir helstu áskoranir á Suðurlandi og kom m.a. fram eftirfarandi: „Pað er álag á fráveitur á svæðinu, til að mynda á Hvolsvelli, Hellu, Selfossi, Hveragerði, Bláskógbabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi og á Þingvöllum. Stöðuskýrsla um fráveitumál er gefin út á 2 ára fresti það eru 28 þéttbýli á landinu sem losa yfir 2000 pe. (persónueiningar) í fráveitulagnir.“ Jafnframt var áskorun



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

um að allar fráveit yfir 50 pe sæki um starfsleyfi hvort sem hreinsikerfi eru til staðar eða ekki og mun heilbrigðisnefnd Suðurlands senda áskorun þess efnis þeim sveitarfélögum sem það á við um.

Slóð á leiðbeiningar UST: <https://ust.is/haf-og-vatn/fraveitumal/leidbeiningar/>

- b. Aðalfundargerð lögð fram til kynningar og verður send aðildarsveitarfélögunum. Í samræmi við samþykkt um HSL var aðalfundinum kynnt skýrsla um liðið starfsár, endurskoðaðir reikningar og jafnframt kynnt tillaga að fjárhagsáætlun auk tillögu að gjaldskrá fyrir næsta starfsár. Í samræmi við umfjöllun aðalfundar samþykkir heilbrigðisnefnd Suðurlands ofangreint sbr. gr. 2.4 í samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bs. Endurskoðaðir reikningar voru birtir sveitarfélögunum í samræmi við samþykkt sl. vor, tillaga að fjárhagsáætlun var samþykkt og hefur þegar verið kynnt aðildarsveitarfélögunum. Vegna breyttra reglna um áætlanir og uppgjör sveitarfélaga, þar sem taka þarf öll byggðasamlög inn í áætlanir sveitarfélaga hefur fjárhagsáætlun HSL jafnframt verið send í slíka meðferð. Ný gjaldskrá HSL verður send til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 5. mgr. 46. gr. laga nr. 7/1998.
- c. Tillaga aðalfundar um að farið verði í launagreiningu embættisins. Framkvæmdastjóra falið að kalla eftir tilboðum í slíka greiningu.

3. Úr eftirliti

a. Akurholt, Ölfusi eftirlit á lóðum og lendum

Bréf til kynningar - frestur liðinn.

b. Fráveita Hveragerðisbæjar

Eftirlitsskýrsla til kynningar. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands fór í reglubundið eftirlit og vegna eftirfylgni í hreinsistöð Hveragerðisbæjar þar sem staðfest voru tvö frávik frá fyrri heimsóknum er varða urðun á seyru innan lóðar annars vegar og langvarandi örverumengun yfir viðmiðunarmörkum í viðtaka hins vegar. Að auki voru skráð tvö frávik til viðbótar í eftirlitsskýrslu.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd Suðurlands krefst tafarlausra úrbóta varðandi förgun á seyru og farið verði að kröfum sem koma fram í starfsleyfisskilyrðum hreinsistöðvarinnar gr. 4.2 dags. 4. júlí 2022; „*Hreinsaða seyru skal geyma í lokuðum og vökvaheldum gámum við aðstæður þar sem auðvelt er að safna og hreinsa sigvatn ef geymislugámur fer að leka. Miðað skal við að hreinsuð seyra sé flutt af svæðinu jafnóðum og hún er tilbúin til notkunar. Á þeim tíma árs sem ekki er hægt að nýta hreinsaða seyru jafnóðum til áburðar og landgræðslu er heimilt að geyma að hámarki 3ja mánaða uppsafnaðar birgðir innan athafnasvæðis hreinsistöðvarinnar.*“ Varðandi önnur frávik sem koma fram í skýrslunni er veittur frestur til 13. desember nk. til að gera úrbætur.



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

Í ljósi ofangreinds áformar Heilbrigðisnefnd Suðurlands að beita Hveragerðisbæ frekari þvingunarúrræðum sbr. XVII. kafli Valdsvið og þvingunarúrræði í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.

c. Hraunborgir – takmörkun á starfsemi

Svarbréf til kynningar

d. Pure North Recycling

Bréf til kynningar ásamt eftirlitsskýrslu. Afgreiðslu frestað.

e. Syðri-Reykir ehf. - Efnistaka við Brúará

Sótt hefur verið um starfsleyfi – frekari upplýsingar vantar. Málinu verður fylgt eftir.

4. Aðsend erindi:

a) Veiðifélag Varmár, Hveragerði og Ölfusi

Bréf til kynningar. Afgreiðslu frestað.

b) Rauðsbakki 2, Rangárþingi eystra

Tölvupóstur til kynningar.

c) Skýrsla nefndar á vegum Umhverfis- orku og loftslagsráðuneytisins um breytingar á opinberu eftirliti

Heilbrigðisnefnd Suðurlands tekur undir bókun Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ) dags. 31. október sl. þar sem segir:

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi gera verulegar athugasemdir við skýrslu starfshóps á vegum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum. Samtökin telja tillögurnar ekki nægilega vel unnar, rökstuðning vanta og niðurstöðu byggða á veikum grunni, auk þess sem samtökin telja að verulegur skortur hafi verið á samráði við hagaðila, eins og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og sveitarfélöginn sjálf, við gerð skýrslunnar.

Í skýrslunni kemur fram verulegur skortur á skilningi á hlutverki og starfsemi heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga þar sem hún einblínir nær eingöngu á hlutverk þeirra við reglubundið eftirlit en tekur ekki til skoðunar margvísleg önnur verkefni þeirra við vöktun umhverfis, umsagnir, ráðgjöf við íbúa og nærpjónustu.

Skýrsla starfshópsins leggur megináherslu á að minnka álögur á fyrirtæki og stofnanir og vitnað er í viðhorf Samtaka atvinnulífsins um mikilvægi hagræðingar og einföldunar í opinberu eftirliti, en ekki er tekið tillit til þarfa sveitarfélaganna eða vitnað í það markmið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sem felast í að íbúa landsmönnum heilnæm líffsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi, ásamt því að koma í veg fyrir eða að draga úr losun út í andrúmsloft, vatn og jarðveg og koma í veg fyrir myndun úrgangs í því skyni að vernda umhverfið.

Líklegt er að færsla á öllu eftirliti til stofnanna ríkisins geti haft verulega áhrif á gæði umhverfis og öryggi og heilnæmi íbúa sveitarfélaga þar sem þjónusta færst fjær íbúum. Í nefndaráliti umhverfis- og samgöngunefndar vegna breytinga á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir frá árunum 2017 og 2020, kemur fram að nefndin telji að best fari á því að eftirlit fari fram sem næst starfsemi hverju sinni. Hlutverk stofnana ríkisins sé að huga að samræmingu og veita aðstoð þegar með þarf.

Þær ábendingar sem fram hafa komið fram munнlega af hálfu ESA um samræmingu á matvælaeftirliti á kjöti og fiski til útflutnings eiga ekki við um eftirlit heilbrigðiseftirlitanna, þar sem slíkt eftirlit er nú



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

þegar í höndum ríkisins í gegnum Matvælastofnun og því bæði ósanngjart og órókrétt að ætla að matvælaeftirlit á vegum heilbrigðiseftirlitanna auki orðspors áhættu á matvælaframleiðslu hér á landi. Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi benda á að flestar þær ábendingar sem bent er á skýrslunni snúa ekki að starfsemi heilbrigðiseftirlita á Íslandi, heldur beinast að þeim stofnunum ríkisins sem samkvæmt nágildandi lögum hafa með höndum samræmingu eftirlits. Í þeiri samræmingu felst sú skilda að samræma leyfisútgáfu og leyfisskilyrði um allt landið og tryggja þannig að eftirlit með starfsemi verði háttar með sama hætti um allt land.

Í tillögum starfshópsins eru lagðar fram sjö áherslupunktar sem huga þarf að til úrbóta fyrir opinbert eftirlit og snúa þeir um að tryggja þursi fjármagn til að þróa upplýsingakerfi, stafræna afgreiðslu umsókna, einfalda regluverk, endurskoða lagaramma og tryggja náið samráð við sveitarfélögin. Að færa verkefni heilbrigðiseftirlitinna undir stofnanir ríkisins leysir ekkert af þessum verkefnum. Allar þessar ábendingar snúa að efla samræmingu og einfalda regluverkið og er það mat Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi að skynsamlegast sé að auka fjármagn til þeirra verkefna og gera þá kröfу til stofnanna ríkisins að þær vinni í samræmi við lög og reglugerðir sem um þetta gilda. Þá sé skynsamlegt að ráðuneytin sinni því hlutverki sínu að endurskoða lagaramma, einfalda regluverk og gefa út reglugerðir sem nauðsynlegar eru til heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna geti unnið að þeim meginmarkmiðum laga að tryggja landsmönnum heilnæmt og ómengað umhverfi.

Jafnframt er tekið undir bókun bæjarráðs Sveitarfélagsins Árborgar 16. nóvember sl. :

Eftirfarandi var bókað:

Bæjarráð telur að mörgum spurningum sé enn ósvarað varðandi fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælaeftirliti.

Bæjarráð leggur áherslu á að fyrirhugaðar breytingar muni ekki fela í sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélög og að í áframhaldandi vinnu sé haft náið samráð við sveitarfélög, heilbrigðiseftirlitsnefndir og aðra hagaðila.

Sjá slóð á skýrsluna: https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrlur-og-skrar/URN/URN_Fyrirkomulag_eftirlits_Vefur.pdf

5. Önnur mál

a. Loftgæðamælingar UST á Suðurlandi

Til kynningar – mælar þeir sem hafa verið í notkun á Suðurlandi virka ekki á sand- og moldrok heldur eru stilltir á finni agnir s.s. gosösku.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:09

Guðrún S. Magnúsdóttir

Páll Tómasson

Fjóla St. Kristinsdóttir

Kjartan Ólafsson

Örn Friðriksson

Oddur Árnason

Sigrún Guðmundsdóttir

 Rafræn skilríki

Undirritað af: Sigrún Guðmundsdóttir

Tími: 27.11.2023 16:25
Undirritað skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign

 Rafræn skilríki

Undirritað af: Kjartan Þ Ólafsson

Kennitala: 0211535599
Tími: 27.11.2023 17:35
Samþykkt

Undirritað með OneSign

 Rafræn skilríki

Undirritað af: Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir

Kennitala: 2708755729
Tími: 27.11.2023 20:02
Samþykkt

Undirritað með OneSign

 Rafræn skilríki

Undirritað af: Páll Tómasson

Kennitala: 1305823389
Tími: 28.11.2023 8:15
Samþykkt

Undirritað með OneSign

 Rafræn skilríki

Undirritað af: Örn Friðriksson

Kennitala: 1201594379
Tími: 27.11.2023 16:28
Samþykkt

Undirritað með OneSign

 Rafræn skilríki

Undirritað af: Fjóla Steindóra Kristinsdóttir

Kennitala: 2702725849
Tími: 27.11.2023 19:17
Samþykkt

Undirritað með OneSign


 Rafræn skilríki

Undirritað af: Oddur Árnason

Kennitala: 0605655899
Tími: 28.11.2023 7:59
Samþykkt

Undirritað með OneSign

Fundargerð
aðalfundar SASS
haldinn á Hótel Vík í Mýrdalshreppi
26. og 27. október 2023



SASS
SAMTÓK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Nóvember 2023

Setning ársþings

Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður SASS setur fundinn og býður þingfulltrúa velkomna á ársþing SASS, þakkar hún Mýrdalshreppi fyrir móttökurnar.

Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefnir Einar Frey Elínarson og Önnu Huld Óskarsdóttur frá Mýrdalshreppi sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur sem fundarritara. Er það samþykkt samhljóða.

Í lok máls felur formaður fundarstjórum stjórn fundarins.

Einar Freyr Elínarson og Anna Huld Óskarsdóttir taka til máls og bjóða fundargesti velkomna til Víkur á aðalfund SASS.

Kosning kjörbréfaneftnar

Einar Freyr tekur til máls og leggur fram svohljóðandi tillögu stjórnar SASS að kjörbréfaneftnd.

| <i>Kjörbréfaneftnd</i> | <i>Sveitarfélag</i> |
|-------------------------------|-----------------------|
| Aldís Hafsteinsdóttir | Hrunamannahreppur |
| Sveinn Ægir Birgisson | Sveitarfélagið Árborg |
| Margrét Harpa Guðsteinsdóttir | Rangárþing ytra |

Er tillagan samþykkt samhljóða og tekur kjörbréfaneftnd þegar til starfa.

Starfsskýrsla 2022 – 2023

Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður flytur skýrslu stjórnar. Fer hún yfir skipan stjórnar og skipurit. Fastráðnir starfsmenn SASS eru átta.

Fimmtán sveitarfélög eru aðilar að samtökunum en starfssvæðið nær yfir 31 þúsund ferkilómetra. Þann 1. janúar 2023 voru íbúar 33.805 og fer fjölgandi.

Grunnstarfsemi SASS snýst um að sinna hagsmunagæslu fyrir aðildarsveitarfélögini. Haldnir hafa verið 14 stjórnarfundir ásamt ýmsum öðrum fundum sem snúa að hagsmunamálum, m.a. hefur verið fundað með atvinnuráðgjöfum, þingmönnum Suðurkjördæmis, stýrihópi stjórnarráðsins og Vegagerðinni. Reglulegir samráðsfundir formanns og framkvæmdastjóra SASS með sveitastjórnarfulltrúum hafa verið gagnlegir. Einnig er fundað reglulega með formönnum og framkvæmdastjórum annarra landshlutasamtaka og með formanni og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Unnið hefur verið að uppfærslu á Samgönguáætlun SASS 2023-2033. Samningur um Sóknaráætlun Suðurlands gildir út 2024, þjónustusamningar eru í gildi við SOS, HSL, EFS o.fl. Á árinu hafa verið undirritaðir samningar við Byggðastofnun um atvinnu- og byggðaþróun, samstarfsaðila vegna verkefna byggðaþróunarfulltrúa og Íslandsstofu. Ýmsar umsagnir og ályktanir hafa verið á borði stjórnar m.a. um þingmál, umsagnir vegna HSu, sýslumanna, lögreglustjóra, einnig hafa komið inn umsagnarbeiðnir frá einstökum sveitarfélögum.

Mennta- og menningarverðlaun Suðurlands voru afhent í janúar sl. og fékk Tónlistarskóli Árnesinga menntaverðlaunin og Chrissie Telma Guðmundsdóttir menningarverðlaun fyrir verkefnið Fiðlufjör. ART verkefnið gengur vel en markmiðið með verkefninu er að styrkja og efla fjölskyldur á Suðurlandi með kennslu árangursríkra leiða til að draga úr hegðunarvanda barna, fyrirbyggja ofbeldi og auka tilfinningarástjórnun fjölskyldumeðlima og efla félags- og samskiptafærni þeirra. Mikil aðsókn hefur verið og hefur teymið fjölgað plássum í fjölskyldumeðferð en þrátt fyrir það komast færri að en vilja. Tryggja þarf áframhaldandi fjármagn í verkefnið en samningurinn við mennta- og barnamálaráðuneytið (var gerður við félagsmálaráðuneytið) rennur út í lok árs 2024. Einnig þarf að tryggja fjármagn til atvinnuráðgjafar og sóknaráætlunar en samkvæmt fjárlögum 2024 er raunlækkun á fjármagni til þessara þáttta, samtökum hafa sent umsögn á fjárlaganefnd varðandi fjárlögin og einnig var send umsögn með öðrum landshlutasamtökum og tekið undir umsögn Byggðastofnunar.

Á árinu var skrifað undir samning við samstarfsaðila um starfsemi byggðaþróunarfulltrúa. Unnið er út frá skilgreiningu sjö atvinnusóknarsvæða á Suðurlandi og eru sjö fulltrúar á svæðunum. Helstu hlutverk byggðaþróunarfulltrúa og SASS eru ráðgjöf og handleiðsla, upplýsingaöflun, kynning og upplýsingamiðlun, svæðisbundin verkefnaþróun og verkefnavinna. Haldnir eru reglulegir fundir, en þar er faglegur stuðningur og alltaf hægt að leita upplýsinga. Ýmislegt er tekið út úr þeirri vinnu sem þessir fundir skila og í framhaldi er starfsskýrslu skilað til SASS sem er byggð á áherslum og stefnumótun hvers svæðis með Sóknaráætlun í huga.

Megin markmið Sóknaráætlunar Suðurlands eru þríbætt, vinna að stefnumörkun landshlutans, ráðstafa fjármunum til áhersluverkefna og úthluta styrkjum til menningar-, atvinnu- og nýsköpunarverkefna.

Uppbyggingarsjóður Suðurlands er hluti af Sóknaráætlun SASS. Úr honum er úthlutað tvívar á ári í fyrrgreindum flokkum. Markmið sjóðsins er að styðja við verkefni sem efla fjölbreytileika atvinnulífs og jákvæða samfélagsþróun, efla menningarstarfsemi og listsþópur og styðja atvinnuskapandi og eða framleiðniaukandi verkefni á Suðurlandi. Árangurssmat er unnið árlega og er send könnun til þeirra sem hljóta styrki á ákveðnu tímabili og hafa lokið við verkefni sín. Könnunin gefur skýra mynd af upplifun þeirra sem fá styrki.

Úthlutanir úr Uppbyggingarsjóði 2022-2023. Í haustúthlutun 2022 bárust 90 umsóknir og var úthlutað 32,6 m.kr. til 58 verkefna. Í vorúthlutun 2023 bárust 120 umsóknir og var úthlutað 37,7 m.kr. til 62 verkefna. Nú er unnið úr umsóknum haustsins 2023 en 96 umsóknir bárust. Áhersluverkefni Sóknaráætlunar eru þróunarverkefni fjármögnum sem hluti af Sóknaráætlun, sem unnin eru af starfsmönnum, byggðaþróunarfulltrúum eða öðrum einstaklingum eða stofnunum sem samið er við. Á árinu 2023 var varið samtals 55,5 m.kr. til 13 áhersluverkefna. Formaður fer yfir verkefni sem eru ýmist til eins árs eða lengri tíma.

Áhersluverkefni 2023 eru: Orkídea, Svæðisskipulag fyrir Suðurhálendið, Sigurhæðir, Sóknarfæri Suðurlands, Sinfóniuhljómsveit Suðurlands - skólatónleikar, Eldfjallaleiðin II, Skjálfittinn - hæfileikakeppni grunnskóla á Suðurlandi, Menntahvöt 2.0, Jafningjafræðsla á Suðurlandi, Starfamessa á Suðurlandi, Umhverfis Suðurland, Íbúakönnun og Nýsköpunargátt Suðurlands.

Meðal eldri verkefna má nefna Innleiðingu loftlagsáætlana sveitarfélaga, Matarfrumkvöðlar og smáframleiðendur á Suðurlandi - handbók, Stórskipakantur í Vestmannaeyjum, Ölfus Cluster, Svæðismörkun Katla Unesco Global Geopark og Þróun ferðamennskusamfélags - fyrstu skref. Að lokum ræðir formaður um áskoranir SASS á komandi starfsári sem eru: „Hvar liggja ofurkraftar

sunnlensk samfélags og hvernig virkjum við þá?” Áskoranirnar eru margar og lausnirnar líka. Hvetur formaður þingfulltrúa til að fylgja samfélagsmiðlum SASS og deila þeim áfram.

Niðurstöður kjörbréfaneftndar um lögmæti fundarins

Aldís Hafsteinsdóttir formaður kjörnefndar kveður sér hljóðs og kynnir niðurstöður um lögmæti fundarins. Kemur fram að kjörnir fulltrúar eru 70. Alls eru 65 aðalfulltrúar mættir, einn varamaður og fjórir fjarverandi. Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

Ársreikningur SASS 2022

Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri SASS kynnir ársreikning SASS fyrir árið 2022. Tekjur SASS 2022 voru 192 m.kr., rekstrargjöld 201 m.kr. og fjármunatekjur um 2 m.kr. Rekstrartap ársins var því um 7 m.kr. en skýringin á tapinu felst í breytingum á lífeyrisskuldbindingum á milli ára sem nema 21 m.kr.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Enginn tekur til máls.

Fjárhagsáætlun SASS 2024

Bjarni Guðmundsson kynnir fjárhagsstöðuna á yfirstandandi ári og fer yfir helstu veltutölur. Í framhaldi kynnir hann fjárhagsáætlun SASS fyrir árið 2024 og fer yfir forsendur tekju- og gjaldaliða. Gert er ráð fyrir að gjald á íbúa hvers sveitarfélags sem aðild á að samtökunum hækki um 3,6%, almennt hækki gjaldaliðir um 3% en laun um 5% sem er vegna áætlaðra breytinga á launum í komandi kjarasamningum. Gert er ráð fyrir að tekjur og gjöld samtakanna verði um 197 m.kr. og að rekstrarniðurstaða verði réttum megin við núllið. Nánar verður farið yfir áætlunina hjá fjárhagsnefnd af formanni nefndarinnar síðar í dag.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Enginn tekur til máls.

Tillaga um laun stjórnar og nefnda/ráða

Bjarni Guðmundsson kynnir tillögu stjórnar um laun stjórnar, ráða og nefnda.

Tillaga til aðalfundar SASS 26. október 2023 um laun stjórnar, ráða og nefnda

1. Laun stjórnar skulu nema 4% af þingfararkaupi fyrir hvern fund. Föst mánaðarlaun formanns skulu nema 10% af þingfarakaupi en auk þess fær formaður 4,5% af þingfararkaupi fyrir hvern stjórnarfund. Fyrir aðra fundi í ráðum og nefndum skulu þau nema 3% af þingfarakaupi fyrir hvern fund.
2. Laun fulltrúa í ráðum og nefndum skulu nema 3% af þingfararkaupi fyrir hvern fund. Laun formanns ráðs eða nefndar skulu nema 4% af þingfararkaupi fyrir hvern fund.

Fulltrúar í stjórnnum, ráðum og nefndum skulu fá greitt fyrir akstur til og frá fundarstað skv. akstursdagbók í samræmi við reglur RSK um aksturskostnað.

Kosning í stjórn og nefndir

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar SASS, leggur til eftirfarandi tillögur kjörnefndar að skipan í nefndir og ráð samtakanna:

Eftirfarandi er tillaga kjörnefndar að skipan stjórnar Fræðslunets Suðurlands sem skipuð er til eins árs í senn:

Aðalmaður:

Hulda Kristjánsdóttir, Flóahreppur

Varamaður:

Einar Freyr Elínarson, Mýrdalshreppur

Eftirfarandi er tillaga kjörnefndar að skipan stjórnar Markaðsstofu Suðurlands sem skipuð er til eins árs í senn:

Aðalmenn:

Ásgerður Gylfadóttir, Sveitarfélagið Hornafjörður

Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Varamenn:

Árni Eiríksson, Flóahreppur

Arnar Freyr Ólafsson, Sveitarfélagið Árborg

Eignarhaldsfélag Suðurlands:

Aðalmenn:

Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Rangárþing ytra

Varamenn:

Kjartan Björnsson, Sveitarfélagið Árborg

Nanna Jónsdóttir, Ásahreppur

Stjórn SASS

Í samþykktum SASS er tilgreint í gr. 4.2 að „Enginn skal eiga sæti lengur en 6 ár samfellt í stjórn.“ Í tilfelli tveggja stjórnarmanna, þeirra Ásgerðar K. og Grétars Inga, eru sex ár liðin þann 26. júní 2024 þar sem þau voru fyrst kosin á auka aðalfundi SASS sem haldinn var í Vestmannaeyjum 27. júní 2018. Kjörnefnd er meðvituð um þá stöðu að þau tvö muni ljúka sínu sex ára tímabili þann 26. júní 2024 og því verður að kjósa að nýju í stjórn SASS þegar þar að kemur. Kjörnefnd telur jafnframt eðlilegt að stjórn SASS bregðist við þeirri stöðu með boðun aukaaðalfundar sem halda skal í síðasta

lagi 26. júní nk. þar sem kosið yrði um þessi tvö sæti í stjórn og jafnframt um formann og varaformann SASS.

Tillaga kjörnefndar að aðal- og varamönnum í stjórn SASS er eftirfarandi:

Aðalmenn:

Ásgerður Kristín Gylfadóttir Sveitarfélagið Hornafjörður
Einar Freyr Elínarson, Mýrdalshreppur
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Rangárþing ytra
Njáll Ragnarsson, Vestmannaeyjabær
Árni Eiríksson, Flóahreppur
Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Arnar Freyr Ólafsson, Sveitarfélagið Árborg
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Hveragerðisbær
Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus

Varamenn:

Gauti Árnason, Sveitarfélagið Hornafjörður
Jóhannes Gissurarson, Skaftárhreppur
Eyþór Harðarson, Vestmannaeyjabær
Anton Kári Halldórsson, Rangárþing eystra
Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg
Ellý Tómasdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur
Sandra Sigurðardóttir, Hveragerðisbær
Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir, Sveitarfélagið Ölfus

Formaður: Ásgerður Kristín Gylfadóttir, Sveitarfélagið Hornafjörður

Varaformaður: Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus

Kjörnefnd SASS

Aðalmenn:

Eyrún Fríða Árnadóttir, Sveitarfélagið Hornafjörður
Auður Guðbjörnsdóttir, Skaftárhreppur
Íris Róberts dóttir, Vestmannaeyjabær
Tómas Birgir Magnússon, Rangárþing eystra
Aldís Hafsteinsdóttir, Hrunamannahreppur
Smári B. Kolbeinsson, Grímsnes- og Grafningshreppur

Kjartan Björnsson, Sveitarfélagið Árborg
Njörður Sigurðsson, Hveragerðisbær
Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir, Sveitarfélagið Ölfus

Varamenn:

Hjördís Edda Olgeirs dóttir, Sveitarfélagið Hornafjörður
Björn Þór Ólafsson, Mýrdalshreppur
Helga Jóhanna Harðardóttir, Vestmannaeyjabær
Eggert Valur Guðmundsson, Rangárþing ytra
Helga Lind Pálsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Ásta Stefánsdóttir, Bláskógabyggð
Bjarni Ásbjörnsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Halldór Benjamín Hreinsson, Hveragerðisbær
Erla Sif Markúsdóttir, Sveitarfélagið Ölfus

Formaður: Aldís Hafsteinsdóttir, Hrunamannahreppur
Varaformaður: Tómas Birgir Magnússon, Rangárþing eystra

Tillögur kjörnefndar SASS eru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Skipulag byggðaþróunarfulltrúa

Þórður Freyr Sigurðsson, sviðsstjóri þróunarsviðs SASS, fer yfir skipulag og hlutverk byggðaþróunarfulltrúa.

Suðurlandi afmarkast af sjö atvinnusóknarsvæðum og þar starfa nú sex byggðaþróunarfulltrúar en nýlega bættust við fulltrúar fyrir Uppsveitir Árnessýslu og Rangárvallasýsla í hópinn.

Byggðaþróunarfulltrúi styður við þróun byggðar á sínu starfssvæði með virkri þátttöku íbúa, sveitarfélags, fyrirtækja og SASS. Markmiðið er að samfélögin verði sjálfbær og heilbrigð með því að bera kennsl á og vinna að eigin lausnum í viðfangsefnum tengdum efnahag, samfélagi og umhverfi.

Megin hlutverk byggðaþróunarfulltrúans eru fjögur þ.e. 1) ráðgjöf og handleiðsla, 2) upplýsingaöflun, 3) kynningarmál og upplýsingamiðlun og 4) svæðisbundin verkefnaþróun og verkefnavinna. Byggðaþróunarfulltrúi veitir ráðgjöf til einstaklinga, frumkvöðla, stofnana, félagasamtaka og fyrirtækja. Áhersla er á umsækjendur og styrkþega Uppbyggingarsjóðs Suðurlands, þarna fær fólk ráðgjöf og leiðbeiningar og einnig tengingar við fyrirtæki og hópa. Einnig er í boði ýmis fræðsla, fyrirlestrar og námskeið. Verið er að safna saman og greina upplýsingar um þróun byggðar s.s. á sviði atvinnulífs, búsetuþróunar og búsetuþáttu ásamt ýmsum öðrum upplýsingum sem koma fram á hverjum stað fyrir sig. Þeir vinna einnig að stefnumörkun svæðisins

með sveitarstjórn og vinnur að þróun svæðisbundinna verkefna. Hann fer einnig yfir hlutverk SASS í samstarfinu.

Sýnt er myndband af styrkþegum í Uppbyggingarsjóði Suðurlands þar sem þau segja frá sínum fyrirtækjum og hugmyndum.

Anna Huld Óskarsdóttir tekur við stjórn fundarins.

Hvernig virkjum við rödd ungmenna á Suðurlandi?

Sólmundur Sigurðarson formaður Ungmennaráðs Suðurlands.

Sólmundur kynnir að huga þurfi að endurnýjun í öllum stjórnun og ráðum ungmennaráða í sveitarfélögunum. Það þarf að passa upp á að aðilar úreldist ekki í sínu hlutverki. Endurnýjun er mikilvæg í ungmennaráðum því að það kemur nýr árgangur á hverju ári með nýjar hugmyndir og nýja rödd. Hann hvetur sveitarfélögini til að hlusta á ungmanni. Það þarf að vera starfsmaður á vegum sveitarfélaganna sem vinnur með hverju ungmannaráði. Sá aðili er þá tengiliður við stjórnsýsluna og heldur utan um ráðin, passar upp á fundargerðir o.fl. Það hefur vantað umsjónarmann með ungmannaráði SASS en nú hefur Ingvi Már Guðnason hjá SASS tekið við því hlutverki sem er gleðiefni. Unnið er að því að endurvekja ungmannaráðin hjá sveitarfélögunum þar sem þau hafa fallið út. Suðurland hefur verið leiðandi á ungmannaráðsvettvangi og vill Sólmundur að það verði þannig áfram. Það er mikilvægt að vera með virk ungmannaráð en þau þurfa að hafa greiðan aðgang að ungmannaráðunum á landsvísu sem og sveitarstjórnunum. Hann hvetur líka sveitarstjórnir til að birta fundargerðir ungmannaráða á sínum heimasiðum.

Lýðfræðileg þróun - Fjölmenning - Hvernig bregst samfélagið við?

Nicole Leigh Mosty innflytjenda- og leikskólastjóri í VÍK

Einar Freyr Elínarson, sveitarstjóri Mýrdalshrepps

Nicole ræðir um mikilvægi inngildingar eða fjölmenningarstefnu. Huga þarf að fjölbreytileika. Hafa þarf í huga að fjölmenning er ekki á ábyrgð eins aðila, hún er á ábyrgð alls samfélagsins. Með því að leggja vinnu í að gera fjölmenningarstefnu er hægt að hafa jákvæð áhrif á viðhorf til margbreytileika og vellíðan íbúa um leið og það skapar raunveruleg tækifæri fyrir alla hagsmunaaðila að axla ábyrgð samhliða því að efla samstöðu og þverfaglegt samstarf. Loks þarf að efla sameiginlegan skilning á raunverulegri stöðu samfélagsins varðandi málefni innflytjenda. Þetta er skuldbinding hins opinbera við fjölmenningu og þróun samfélags. Fjölbreytileiki er metinn sem styrkleiki svæðis og sem hvati fyrir inngildingu og virkri þátttöku óháð uppruna.

Það er mikilvægt að virkja öll svið bæjar- og sveitarfélaga, það er ekki einungis velferðarsvið eða velferðarþjónusta sem þarf að bregðast við, það þurfa allir að bregðast við.

Það þarf að greina hvernig staðan er í dag og kanna hvort aðilar nýti sér þá þjónustu sem boðið er upp á. Það þarf að huga að samsetningu bæjarfélagsins, skoða aldur, kyn, menntun, fjölskyldugerð, þjóðerni og stöðu á vinnumarkaði. Einnig þarf að kanna þátttöku innflytjenda og barna af erlendum uppruna í skipulögðu félagsstarfi og samfélagstengdri starfsemi. Með þess konar greiningu er hægt að komast að því hvaða þjónustu vantar hjá bæjarfélagini.

Nicole fer yfir hvað sveitarfélög þurfa að hafa í huga sem stjórnvald, atvinnurekandi og sem miðstöð þjónustu.

Samfélag þarf alltaf að vera í mótnum. Það þurfa að vera fyrirbyggjandi og uppbyggjandi aðgerðir t.d. aðgerðir sem snúa að félagslegri virkni og þátttöku, fræðslu og þjálfun starfsfólks. Huga þarf að því að fá félög s.s. stéttarfélög, fyrirtæki og félagasamtök með í verkefnið.

Hún segir skipta gríðarlega miklu máli að vera með móttökuáætlun, því það skiptir máli hvernig móttakan er og hún þarf að vera eins fyrir alla.

Mikilvægt er að hafa í huga aðgerðir sem stuðla að virkni hjá stéttarfélögum, fyrirtækjum og grásrót í sveitarfélaginu öllu.

Einar Freyr ræðir um lýðfræðilega þróun sem hefur átt sér stað í Mýrdalshreppi. Hlutfall erlendra íbúa í Mýrdalshreppi í dag er yfir 60% samkvæmt nýjustu íbúatölum. Fjölgunin á sér stað mjög hratt, einnig í Skaftárreppi og Rangárþingi eystra, ástæðan er hröð uppbygging ferðaþjónustunnar sem er mannaflsfrek atvinnugrein en mikil fjölgun á gistirymum kallar á þjónustu, sinna þarf afþreyingu og veitingastöðum sem ekki er hægt að reka nema að vera með mikinn mannafla. Fjölgunin hefur síðan áhrif á íbúðamarkaðinn því það þarf að útvega starfsmönnum íbúðarhúsnaði en bæði sveitarfélagið og fyrirtækin eru að leigja húsnæði fyrir sína starfsmenn.

Kosningalögum var breytt fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar en við þá breytingu nærrí fjórfaldaðist fjöldi erlendra íbúa á kjörskrá og aðrar áherslur urðu á stjórnsýslu sveitarfélagsins m.a. er nú komið enskumælandi ráð með 7 fulltrúum af 6 mismunandi þjóðernum sem halda fundi mánaðarlega um fjölbreytt málefni. Einar Freyr var sjálfur tortrygginn í upphafi en hann mætir á alla fundi, þar eru ýmis mál rædd, einnig eru tekin fyrir mál frá öðrum ráðum ásamt því að ný mál eru sett á dagskrá. Upplýsingamiðlun skiptir miklu máli en á heimasíðu Mýrdalshrepps er enskur vefur með upplýsingum, en það er mikilvægt fyrir íbúa. Stefnan er að móta samfélagsstefnu til framtíðar, tryggja að fjöltyngd börn fái nauðsynlega þjónustu, auka framboð á leiguíbúðum og efla þjónustu og draga úr íbúaveltu.

Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra

Kynning á umhverfis- og orkumálum.

Guðlaugur Þór ræðir um mikilvægi góðra samskipta milli ríkis og sveitarfélaga.

Loftslagssamningur Sameinuðu þjóðanna frá 1992 er grunnurinn að allri skuldbindingu Íslands í loftslagsmálum ásamt þremur stórum viðbótum sem gerðar hafa verið við samninginn. Ísland er í samfloti við ESB í markmiðum Evrópu, gagnvart Parísarsáttmálanum. Í upphafi var viðmiðunarárið 2005 og fékk Ísland þá úthlutað 29% samdrætti en árið 2019 voru markmið losunar hert og er hlutdeild Íslands komin í að minnka losun um 40% árið 2030.

Fer Guðlaugur Þór yfir skiptingu losunar á beina ábyrgð Íslands 2022. Þar eru vegasamgöngur, fiskiskip og landbúnaður með stærstan hluta af losun.

Ísland hefur náð að minnka losun um 12% en ætti að vera komið í 26% í ár og árið 2030 eיגum við að vera búin að minnka losun um 40%.

Aðeins hefur orðið samdráttur í losun frá fyrra ári hjá fiskiskipum, kælibúnaði (F-gös) og örlítið í landbúnaði en aukning á losun er í fiskimjölsverksmiðjum, rafmagns- og húshitun, vegasamgöngum og jarðvarmavirkjunum. Ríki og sveitarfélög eru ekki að standa sig nógu vel.

En hvað gerist ef við náum ekki 40% samdrætti 2030? Það ríkir enn óvissa um verð á einingum við uppgjör 2030 en samkvæmt þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir mun kostnaður verða á bilinu 1-10 milljarðar króna á ári. Íslenska ríkið hefur selt losunarheimildir vegna ETS kerfisins fyrir 12 ma.kr. á sl. 5 árum.

Það er mikilvægt samvinnuverkefni að aðlaga loftslagsbreytingar. Gefin var út skýrsla um tillögur fyrir gerð landsáætlunar um aðlögun að loftslagsbreytingum. Í skýrslunni kemur m.a. fram hverjar eru þær fjórar forgangsaðgerðir sem þarf að huga að. Loftslagsatlas Íslands, vöktunaráætlun - átak í rannsóknum, gagnagátt fyrir náttúruvá og kerfislægir loftslagsáhættuvísar. Einnig eru fleiri skýrslur sem gefa upplýsingar eins og vísindanefndaskýrsla frá IPCC.

Græn orkumál, það hefur lítið gerst í þeim málum sl. 15. ár en það eru stórar áskoranir, fer Guðlaugur Þór yfir frumorkunotkun á Íslandi og breytingar á þeim.

Næsta verkefni er að fara í orkuskipti 3. Staðan á landinu í dag er að 2/3 hitaveitna á Íslandi sjá fram á aukna eftirspurn og eru í vandræðum með að mæta henni og tæpur helmingur sér fram á kostnaðarsamt viðhald á dreifikerfi og öðrum innviðum.

Fram undan eru sex stór skref í orkumálum, rammaáætlun samþykkt, aflaukningar- og varmadælu-frumvörp, efla þarf Orkusjóð, átak í jarðhitaleit og Suðurnesjalína 2.

Verkefnalisti vetrarins í orkumálum inniheldur raforkuöryggisfrumvarp, fjórða áfanga ramma-áætlunar, frumvarp um vindorku, tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, sameiningu stofnana og einföldun leyfisveitingaferla, endurskoðun uppbyggingu raforkukerfisins, skoðun á að allir geti

selt inn á kerfið en það ætti að vera auðveldara með tilkomu snjallmæla, orkusparnað og skýrslu um orkunýtni.

Guðlaugur Þór leggur áherslu á aukið samstarf við sveitarfélögin en markmiðið er að auka störf í landshlutanum, umhverfisráðuneytið er og hefur verið að gera samninga við landshlutamötök sveitarfélaga og er bakhjarl ýmissa verkefna í landshlutanum.

Í dag eru stofnanir umhverfisráðuneytisins þrettán og með fjölmörg verkefni.

Ræðir Guðlaugur Þór um nýtt stjórnarfyrirkomulag þjóðgarða en það er mikilvægt að heimamenn ráði för. Óbreytt fyrirkomulag verður í Vatnajökulsþjóðgarði og Þingvallaþjóðgarði.

Guðlaugur Þór ræðir um niðurstöðu starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum. Gerðar hafa verið margar skýrslur og er niðurstaðan alltaf sú sama, tillögur eru gerðar um breytingar. Kerfið er óskilvirk og þungt og án samræmis. Þær úrbætur sem gerðar hafa verið hafa einkennst af bútasaumi og því er tímabært að fara í heildstæða endurskoðun á núverandi kerfi. Í dag eru heilbrigðiseftirlitssvæðin níu með níu heilbrigðisnefndir.

Sviðsmyndirnar í dag eru þjár:

1. Heilbrigðiseftirlitssvæðum verði fækkað.
2. Matvælaeftirlitið verði hjá einni stofnun.
3. Allt eftirlitið verði hjá stofnunum ríkisins.

Niðurstaðan er sú að sviðsmynd númer þrjú uppfyllir best kröfur erindisbréfs starfshópsins. Það kallað á markvisst samstarf hlutaðeigenda, ráðuneyta og stofnana en einnig kallað á tilfærslu á fjármunum og mannauði. Ef sviðsmynd númer þrjú verður fyrir valinu yrðu miklar breytingar á framkvæmd og löggjöf. Sveitarstjórnarfolk og sveitarstjórnir þurfa að skoða skýrsluna vel og mynda sér skoðun á þessum málum og senda umsagnir í samráðsgátt. Hafa þarf í huga að það er ekki vilji til að færa öll störfin á höfuðborgarsvæðið.

Ræðir Guðlaugur Þór um hver ávinningsurinn er af sjálfbæru Íslandi. Það er gríðarleg þróun í ferðaþjónustu, áliðnaði og sjávarútvegi.

Að lokum ræðir Guðlaugur Þór um efnahagslegt verðmæti í náttúru Íslands en 89% ferðamanna segjast ferðast til Íslands til að sjá ósnortna náttúru samkvæmt skoðunarkönnun SAF.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Til máls taka Páll Magnússon, Íris Róberts dóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Haraldur Þór Jónsson og Hrönn Guðmundsdóttir.

Einar Freyr Elínarson tekur við stjórn fundarins.

Ávörp

Hermann Sæmundsson ráðuneytisstjóri innviðaráðuneytis

Hermann skilar góðum kveðjum frá Sigurði Inga Jóhannssyni, innviðaráðherra sem því miður forfallaðist.

Áður en Hermann varð ráðuneytisstjóri vann hann mikið með byggðaráðum og að öðru því tengdu á sveitarstjórnarstiginu og hefur hann því mikla þekkingu á því sviði.

Nú eru tvö ár frá því að innviðaráðuneytið varð til og hefur verið unnið að stefnumótun í fimm málaflokkum, byggða-, húsnaðis-, samgöngu-, skipulags- og sveitarstjórnarmálum.

Byggðaáætlun var afgreidd á síðasta ári og gildir í 15 ár. Byggðaáætlun skal hafa það að meginmarkmiði að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt.

Mælt hefur verið fyrir Samgönguáætlun til næstu 15 ára á Alþingi. Tekur hún á megin markmiðum um samgöngur og að þær séu greiðar, hagkvæmar og öruggar og umhverfislega sjálfbærar, auk þess sem þær stuðli að jákvæðri byggðarþróun. Áætlað er að fjárfesting verði um 1.000 milljarðar á þessum 15 árum fyrir utan Ölfusárbrúna, Sundabrautina og tvöföldun Hvalfjarðarganga.

Innanlandsflugið er einnig innan þessarar áætlunar. Það er stórhugur í áætluninni m.a. að fjölmargir stofnvegir verði með aðskildum akstursstefnum, lagning slitlags og útrýming á öllum einbreiðum brúum á þjóðveginum ásamt jarðgangagerð.

Unnið er að hvítbók um húsnaðismál og er hún nú í lokaundirbúningi, tillaga til þingsályktunar um fyrstu skýru stefnu ríkisins í húsnaðismálum. Það þarf meiri stöðugleika á ákveðnum svæðum, fjölgja þarf byggingum og einnig þarf húsnaði að vera á viðráðanlegu verði. Það þarf 4.000 íbúðir á ári næstu 10 árin. Ríkið leggur upp úr að fjölgun verði á almennum íbúðum. Uppbygging á íbúðarhúsnaði á sér stað um allt land og hefur aldrei verið eins mikið um nýbyggingar á landinu eins og nú og eru hlutdeildarlánin að skila sér.

Landsskipulagsstefna til 15 ára hefur verið í vinnslu í allt sumar. Er hún mynduð af gildandi stefnu en tekur hún einnig mið af fleiri áætlunum og opinberum stefnum bæði á Íslandi og einnig alþjóðlegum skuldbindingum sem hafa þýðingu fyrir skipulagsmál. Einnig var ráðist í samráð og samstarf og voru fengnar ábendingar frá hagaðilum.

Mælt hefur verið fyrir Sveitarstjórnaráætluninni en hún er afrakstur af samráði og samtali við sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga. Þetta er áætlun sem er sameign ríkis og sveitarfélaga. Í þessari áætlun kemur m.a. fram að það sé markmið að sveitarfélög verði ekki með færri en 1.000 íbúa og þurfa sveitarfélög að vinna að því að þetta markmið náiist. Ef sveitarfélög bregðast ekki við þessu þarf að fara í ákveðið ferli og svara og senda inn greinargerð varðandi það. Stuðningur Jöfnunarsjóðs um sameiningu sveitarfélaga var stórefldur í fyrstu áætluninni. Í nýrri áætlun er ekki gert ráð fyrir stærðum sveitarfélaga heldur eru um 18 aðgerðir sem teknar eru fyrir, m.a. sjálfbær þróun sveitarfélaga, fjárhagslega, félags- og samfélagslega. Verið er að útbúa og

fjölga verkfærum og tækjum til að vinna að þessu. Sveitarstjórnarlögin eru í endurskoðun og munu upplýsingar koma fljótlega. Að lokum ræðir Hermann um að tekjustofnar sveitarfélaga sé eilífðarverkefni sem þarf að skoða. Hvað er gott í dag? Þarf að bæta einhverju við? Þetta þarf að ræða og móta.

Heiða Björk Hilmarsdóttir formaður og Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Heiða Björk, formaður sambandsins, ræðir um breytingar sem gerðar hafa verið hjá sambandinu, hvernig það geti betur unnið að sameiginlegum markmiðum sveitarfélaga. Eitt af því mikilvægasta er að auka samtal og samráð og fá sveitarfélögin til að vinna betur með þeim. Stefnubreytingar ættu að geta átt sér stað oftar en á 4 ára fresti. Fastir fundir með formönnum og framkvæmdastjórum landshlutusamtaka sveitarfélaga hafa gefist vel og þakkar hún fyrir gott samstarf.

Það er mikilvægt að sveitarstjórnarstigið að sveitarstjórnir séu sterkar, ríkið setur á allskonar áskoranir en þeim er ekki auðveldlega náð nema að hafa sterkar sveitarstjórnir. Sveitarfélögin þurfa að koma að ansi mörgum málum og það er gott að tryggja samráð við íbúana til að viðhalda líðræðinu og til að fá meira út úr samfélaginu.

Sveitarfélög geta gert ansi margt og það þarf að rækta staðbundin gæði. Það þarf að halda í unga fólkid svo að það velji ekki frekar að fara út fyrir svæðið eða af landi brott. Við erum í meiri nálægð við náttúruna, við erum með mikla tæknibytingu, við vinnum að breytingu í loftslagsmálum og mannréttindum. Það er mikilvægt að vinna þetta með fólkini í landinu og hafa sameiginleg markmið. Ef Ísland ætlar að vera samkeppnishæft þá þarf að huga vel að hlutunum.

Ræðir Heiða Björg um lóðamál en það er ekki nóg að skaffa lóðirnar, innviðir verða að vera til staðar en það er oft ekki raunhæft. Hún ræðir um komandi kjarasamninga en núgildandi samningar eru fljótt lausir og miklar kröfur allra, það þarf að finna saman út úr þessu í samfélaginu og það þarf að forgangsraða.

Stjórn sambandsins er að huga að hag sveitarfélaga og hún hlakkar til frekara samstarfs.

Arnar Þór, framkvæmdastjóri sambandsins, tekur til máls. Hann sér að það er mikill kraftur í sveitarstjórnarfólk á Suðurlandi. Landshlutusamtökin eru fjölbreytileg að stærð og hlutverk þeirra er misjafnt en SASS tekst á við mjög fjölbreytt verkefni fyrir sveitarfélögin og hvetur hann sveitarstjórnarmenn að styrkja samtökum og nýta sér þau. Fundir forsvarsmanna sambandsins með samtökunum hafa verið góðir og gagnlegir.

Nýlega var samþykkt nýtt skipurit fyrir sambandið en markmiðið er að gera gott samband enn betra, það er verið að fækka sviðum úr fimm í þrjú, það verður meira unnið í teymum og jafnframt verður ábyrgðarkeðjan styrkt. Það eru spennandi tímar framundan. Fyrirhugað er að leggja mikla áherslu á greiningardeild og mun verða kallað eftir upplýsingum frá sveitarfélögunum. Arnar Þór minnir sveitarstjórnarfólk á að sambandið er fyrir sveitarfélögin.

Stafræn þróun og stjórnsýsla - Hvernig gagnast hún sveitarfélögnum?

Sigríður Magnea Björgvinsdóttir, deildarstjóri Upplýsingatæknideildar, hjá Sveitarfélaginu Árborg.

Sigríður Magnea ræðir um stafræna þróun og stjórnsýslu en það skiptir máli fyrir sveitarfélögin að starfsumhverfi sé einfalt og skilvirkт.

Það liggja mikil tækifæri í að taka rafrænt á móti gögnum og koma þeim sjálfvirkт á milli kerfa, það bæði sparar tíma og gerir alla vinnu einfaldari fyrir utan það að öll skjöl eru á rafrænu formi og það þarf ekki að færa sig á milli kerfa fyrir eitt og sama verkefnið.

Með samtengingu á fjármálakerfi, mannauðskerfi o.fl. er hægt að draga saman upplýsingar og útbúa mælaborð þar sem hægt er að draga saman skýrslur og fá yfirsýn sem nýtist sveitarstjórnarmönnum til stuðnings ákvarðanatöku. Með því að setja upp tengingar milli gagna og vinnuumhverfis er hægt að búa til skýrslu fyrir opið bókhald. Með því að tengja við ytri kerfi eins og Mentor má greina kostnað niður á skóla og sjá t.d. meðaltalskostnað á nemanda í hverjum skóla. Ábendingar sem koma frá íbúum í gegnum staðlað form eins og heimasíðu er hægt að greina með því að búa til skýrslu sem sýnir t.d. hversu oft sama ábendingin berst og hvernig afgreiðslu málin fá, svartíma o.fl.

Gögn eru gull, en það þarf að koma þeim saman svo þau nýtist til skýrslugerðar og fyrir mælaborð. Ræðir Sigríður Magnea um Strauminn sem er eins konar rafrænt vegakerfi til að senda bréf og önnur gögn á milli stofnana. Með innleiðingu Straumsins verða samskiptaleiðir milli upplýsingakerfa staðlaðar sem eykur hagræðingu og bætir þjónustu við íbúa sem verður skilvirkari og öruggari.

Sveitarfélögum verður skyld að birta íbúum sínum gögn í gegnum pósthólf island.is fyrir árslok 2024.

Nú þegar er í komin í gang samvinna milli ríkis og sveitarfélaga í gegnum Samband íslenskra sveitarfélaga á skilum þessara gagna til island.is í gegnum Strauminn.

Notkun á Snjallmenni er í vinnslu hjá 20 sveitarfélögum og mun þetta verða viðbót til að bæta þjónustu við íbúa auk þess að einfalda leit á vef sveitarfélags sem nýtir lausnina.

Með tilkomu farsældarlaganna myndaðist kjörið tækifæri til að vinna saman að tæknilegri útfærslu, sama má segja um sorpmálin, skipulags- og byggingarmál og önnur verkefni sem öll sveitarfélög þurfa að leysa.

Það er mikilvægt að samvinna sé milli ríkis og sveitarfélaga með áherslu á samnýtingu en samvinnan hefur aukist og tekur Sigríður Magnea fram að þessi samvinna gefi minni sveitarfélögum tækifæri til að vera þátttakendur í stafrænni vegferð hins opinbera.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Til máls taka Eggert Valur Guðmundsson og Fjóla St. Kristinsdóttir.

**Hvar liggja ofurkrafter sunnlensks samfélags?
Formenn starfsnefnda kynna niðurstöður nefndarstarfs**

Ályktanir og tillögur nefnda kynntar

Umræður

Ályktanir og tillögur ársþings afgreiddar

Samgöngunefnd

Njáll Ragnarsson, formaður samgöngunefndar, tekur til máls og kynnir Samgönguáætlun SASS 2023 - 2033 og tillögur nefndarinnar um helstu áhersluverkefni.

Mikilvægt er að forgangsraða vegaframkvæmdum á Suðurlandi í þágu öryggis vegfarenda s.s með því að breikka vegi, fjölga útskotum, laga vegaxlir, fækka einbreiðum brúm og bæta vetrarþjónustu. Mikill umferðarþungi er í umdæminu, ekki síst vegna mikillar fjölgunar íbúa og ferðamanna.

Efla þarf löggæslu og viðbragð sjúkraflutninga. Sýnileg löggæsla og öflugt umferðareftirlit heldur niðri umferðarhraða og eykur öryggi vegfarenda. Þá er mikilvægt að stytta viðbragðstíma löggreglu og sjúkraflutninga þar sem hann er mestur. Að því marki ber að fullkanna möguleikann á sérhæfðri sjúkraþyrlu á Suðurlandi. Brýnt er að slík þyrla verði staðsett á Suðurlandi og sé hluti af starfsemi HSu.

Nánari umfjöllun má sjá í Samgönguáætlun, sbr. hér: [Samgönguáætlun SASS 2023-2033](#)

Fundarstjóri gefur orðið laust. Til máls tekur Helgi Kjartansson.

Tillaga samgöngunefndar um Samgönguáætlun 2023-2033 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Allsherjarnefnd

Árni Eiríksson, formaður allsherjarnefndar, tekur til máls og leggur fram tillögur nefndarinnar á ársþingi 2023 en megin breytingin er að nefndin leggur til við aðalfund að gera breytingar á samþykktum SASS. Tillagan felst í breytingu á starfsháttum samtakanna þannig að haldnir verði tveir fundir á ári, þ.e. „aðalfundur“ að vori og „haustfundur“ að hausti. Tíundaði hann rök nefndar fyrir breytingunni. Verði tillagan samþykkt á ársþinginu mun það hafa í för með sér að breyta þarf samþykktum samtakanna en með fundargögnum er búið að færa inn þær breytingar sem gera þarf eða skynsamlegt væri að gera á þeim verði hún samþykkt.

Tillögur að ályktunum fyrir ársþing SASS 2023

- Ársþing SASS skorar á ríkisstjórn Íslands að tryggja áframhaldandi vegferð sóknaráætlana landshluta, með samræmdir aðkomu ráðuneyta, svo hefja megi sem fyrst undirbúning að næstu Sóknaráætlun Suðurlands.

- Ársþing SASS skorar á ríkisstjórn Íslands að tryggja aukinn fjárhagslegan stuðning við sameiningu sveitarfélaga og að staðið verði við gefin loforð í tengslum við sameiningar sveitarfélaga s.s. um bættar samgöngur.
- Ársþing SASS hvetur sveitarfélög á Suðurlandi að horfa til lengri tíma við eflingu sveitarstjórnarstigsins með áframhaldandi samtali um mögulegar sameiningar sveitarfélaga og fækjun byggðasamlaga í landshlutanum.
- Ársþing SASS lýsir yfir ánægju sinni með fyrirkomulag byggðaþróunarfulltrúa á sérhverju atvinnusóknarsvæði í landshlutanum og hvetur þá til dáða í sínum störfum fyrir samfélögin okkar.

Tillögur að verkefnum fyrir stjórn SASS

- Allsherjarnefnd leggur til við aðalfund að gera breytingar á samþykktum SASS þannig að framvegis verði haldnir tveir fundir á ári.
- Allsherjarnefnd leggur til við stjórn SASS að viðhalsa reglubundnum upplýsingafundum fyrir kjörna fulltrúa, þróa það fyrirkomulag og vinna markvisst að virkri þáttöku á þeim fundum. Þeim tilmælum er hvoru tveggja beint til stjórnar, að skoða útfærslur og tímasetningar funda og gagnvart kjörnum fulltrúum, að samtal á þessum vettvangi sé mikilvægur vettvangur til að þroska og þróa samtal um hagsmunamál landshlutans allt árið um kring.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Til máls taka Helgi Kjartansson, Íris Róbertsdóttir, Bragi Bjarnason, Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Iða Marsibil Jónsdóttir, Ásgerður Kristín Gylfadóttir og Aldís Hafsteinsdóttir.

Lögð er fram breytingartillaga Helga Kjartanssonar um tillögu nefndarinnar að breytingum á samþykktum SASS:

Lagt er til að tillaga allsherjarnefndar að breytingum á samþykktum SASS verði frestað til næsta auka- eða aðalfundar SASS.

Breytingartillaga Helga Kjartanssonar um að breytingum á samþykktum SASS verði frestað til næsta auka- eða aðalfundar SASS er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri gefur orðið laust áður en aðrar ályktanir og tillögur allsherjarnefndar eru bornar undir atkvæði. Enginn tekur til máls.

Aðrar ályktanir og tillögur allsherjarnefndar eru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða og er þeim vísað til stjórnar SASS til frekari úrvinnslu og forgangsröðunar.

Mennta- og menningarmálanefnd

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, formaður mennta- og menningarmálanefndar, tekur til máls og leggur fram tillögur nefndarinnar á ársþingi 2023.

Helstu áskoranir eða tækifæri í tengslum við málefni nefndar

Mennta- og menningarmálanefnd SASS leggur áherslu á menntamál í landshlutanum árið 2024.

Mikilvægi menningar er ótvíráett og er mikil gróska í öllum sveitarfélögum landshlutans og liggja þar fjölbreytt tækifæri.

Áskoranir

Dreifing búsetu er áskorun þegar kemur að innviðum til menntunar í landshlutanum. Með fjölgun íbúa er aukin þörf á fjölbreyttu námi sem og fjarnámi, stærra verknámshúsi og heimavist við FSU.

Tækifæri

Gríðarleg tækifæri felast í aukinni áherslu á rannsóknir, sjálfbærni og nýsköpun í samstarfi við atvinnulífið.

Tillögur að ályktunum fyrir ársþing SASS 2023

- Ársþing SASS skorar á háskólaráðherra að tryggja jafnrétti til háskólanáms óháð búsetu með auknu aðgengi að fjarnámi á Suðurlandi og þar með færa Háskóla Íslands inn á 21. öldina.
- Ársþing SASS skorar á menntamálaráðherra að tryggja heimavist við Fjölbautaskóla Suðurlands til að gæta jafnréttis ungmenna til náms óháð búsetu en færri komast að en vilja við núverandi aðstæður. Óvissan um framtíð heimavistarinnar er óviðunandi.
- Ársþing SASS hvetur ríki, sveitarfélög og atvinnulífið til að styðja við íslenskunám fyrir nýbúa og þar með opna dyr þeirra að samfélagini.
- Ársþing SASS skorar á innviðaráðherra að tryggja að allar akstursleiðir skólabíla séu bundnar slitlagi innan þriggja ára til að tryggja öryggi leik- og grunnskólabarna.

Tillögur að verkefnum fyrir stjórn SASS

- Nefndin leggur til við stjórn að leita leiða til að efla rannsóknir, garðyrkjuskólann, sjálfbærni og stöðu háskólastigsins í landshlutanum meðal annars með tengslum við atvinnulífið.
- Nefndin leggur til við stjórn SASS að starfamessa verði á dagskrá með víðari skilgreiningu á verkefninu með aukinni áherslu á tengsl hennar við atvinnulífið og hagaðila í samfélagini.
- Nefndin leggur til við stjórn að taka saman upplýsingar varðandi störf í landshlutanum með tilliti til kröfu um menntun.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Enginn tekur til máls.

Ályktanir og tillögur mennta- og menningarnefndar eru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða og er þeim vísað til stjórnar SASS til frekari úrvinnslu og forgangsröðunar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd

Magrét Harpa Guðsteinsdóttir, formaður umhverfis- og skipulagsnefndar, tekur til máls og leggur fram tillögur nefndarinnar á ársþingi 2023.

Helstu áskoranir eða tækifæri í tengslum við málefni nefndar

Helstu umræðuefni nefndarinnar voru: Flokkun og skipulag landbúnaðarlands, endurheimt votlendis, sameiginleg svæðisáætlun úrgangs á Suðurlandi, loftslagsáætlunar sveitarfélaga, minka- og refaveiðar og ágangur álfta og gæsa á túnum og í ökrum bænda.

Tillögur að ályktunum fyrir ársþing SASS 2023

- Ársþing SASS hvetur sveitarfélög á Suðurlandi að ljúka flokkun á landbúnaðarlandi. Á Suðurlandi eru um 10 sveitarfélög sem hafa flokkað landbúnaðarland í Aðalskipulagi. Sveitarfélög eru hvött til að hefja þessa vinnu til að hægt sé að fá heildstæða flokkun á Suðurlandsvísu.
- Ársþing SASS hvetur sveitarfélög á Suðurlandi að halda áfram vinnu sinni í samstarfi við SASS um gerð loftslagsáætlana og að sumarið 2024 verði öll sveitarfélög á Suðurlandi komin með loftslagsáætlun eins og lög gera ráð fyrir.
- Ársþing SASS skorar á ríkið að móta stefnu í minka- og refaveiðum og stórauka fjármagn til að halda minkum og refum í skefjum í byggð. Ljóst er að þetta hefur veruleg áhrif á fuglalíf, m.a. grágæsastofninn, mófuglar hafa horfið af vissum svæðum og einnig stafar búfé bænda í byggð hættu af þessum vargi.
- Ársþing SASS tekur undir ályktun Samtaka ungra bænda sem var haldinn á aðalfundi samtakanna að Eiðum á Fljótsdalshéraði þann 14. janúar 2023 og hvetur ríkið til að bregðast við. Ályktunin hljóðar svo: Aðalfundur Samtaka ungra bænda þykir ástæða til að tekið verði til skoðunar hvernig verjast megi tjóni af völdum álfta og gæsa með mögulegum undanþágum frá gildandi lögum og reglum varðandi friðun til bænda, burtséð frá árstíma. Greinargerð: Rannsaka mætti stofn álfta annars vegar og gæsa hins vegar með tilliti til hvaða áhrif tegundin hafi á landbúnað og önnur vistkerfi, þ.á.m. annað fuglalíf. Einig mætti skoða hvaða áhrif ákveðin veiðitímabil hafa á grágæs og heiðagæs. Bændur verða fyrir gifurlegu tjóni bæði af völdum álfta og gæsa, misjafnt eftir landsvæðum.
- Ársþing SASS skorar á ríkið að ljúka við gerð viðmiða og kortlagningar víðerna á árinu 2024. Samkvæmt náttúruverndarlögum átti kortlagning víðerna að vera lokið 1. júní í ár. Það eru mikil vonbrigði að henni sé ekki lokið og metnaðarleysi að setja fram markmið um að ljúka kortlagningunni á tímabílinu 2024-2026. Það er ósættanlegt, því á meðan eru engin skýr viðmið og kortlagning til að miða við skipulagsgerð. – Þessi lokatillaga að ályktun var ekki send út með fundargögnum en fulltrúar í nefndinni voru sammála um að hún skyldi upp borin á ársþinginu og var það samþykkt.

Tillögur að verkefnum fyrir stjórn SASS

- Nefndin leggur til við stjórn SASS að Suðurland sameinist sem eitt sorpsvæði með sameiginlegrí svæðisáætlun þar sem gert yrði ítarlegt stöðumat og þarfagreining í sérhverju sveitarfélagi.
- Nefndin leggur til að í samræmi við flokkun landbúnaðarlands verði gerð samantekt á votlendi og skurðum á landi í eigu ríkisins á Suðurlandi. Hægt verði að skoða þá eignir í ríkiseigu um endurheimt votlendis og þannig uppfylla markmið Sóknaráætlunar um samdrátt í losun um 10% fyrir árið 2025.

Forgangsröðun nefndar á lykiláherslum stjórnar SASS 2023 – 2024

1. Tengja íbúa af erlendum uppruna betur við samfélagið
2. Lausnir á úrgangsmálum sveitarfélaga á Suðurlandi
3. Aukið framboð fjarnáms og menntunarstig með áherslu á ferðaþjónustu
4. Bætt heilbrigðisþjónusta
5. Endurskoðun á samgönguáætlun SASS

Fundarstjóri gefur orðið laust. Til máls taka Aldís Hafsteinsdóttir, Anton Kári Halldórsson og Íris Róberts dóttir.

Ályktanir og tillögur umhverfis- og skipulagsnefndar eru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða, þeim er vísað til stjórnar SASS til frekari úrvinnslu og forgangsröðunar.

Velferðarnefnd

Brynhildur Jónsdóttir, formaður velferðarnefndar, tekur til máls og leggur fram tillögur nefndarinnar á ársþingi 2023.

Velferðarnefnd SASS telur að innan málaflokkins sé að finna miklar áskoranir sem þó fylgja tækifæri. Velferðarmálin eru í flestum sveitarfélögum á landinu stór gjaldaliður og því brýnt að hugað sé vel að framtíðarsýn og stefnumörkun, að þjónustan sé skilvirk og taki mið af þörfum ólíkra hópa.

Innan heilbrigðiskerfisins þarf að tryggja að þjónusta sé í takt við fjölda notenda á hverju svæði og að grunnþjónusta sé tryggð. Mönnun innan heilbrigðisþjónustu er víða mikil áskorun en nefndin sér tækifæri í áframhaldandi þróun tilraunaverkefna eins og heimaspítala og fjarheilbrigðisþjónustu. Þá fagnar nefndin hugmyndum um aðgerðir til að laða heilbrigðisstarfsfólk að störfum á landsbyggðinni, svo sem með niðurfellingu á hluta námslána. Sjúkraflutningar þurfa líka að eflast í takt við fjölgun íbúa og umferð fólks sem fer um svæðið daglega. Velferðarnefnd SASS fagnar tilraunaverkefni HSU í sumar þar sem sjúkrabíll og bráðataeknir var staðsettur í Öræfum og sýnilegur á fjölsóttum ferðamannastöðum.

Velferðarnefnd SASS leggur áherslu á að fyrirkomulag endurgreiðslu vegna ferðakostnaðar innanlands við að sækja heilbrigðisþjónustu sem ekki er veitt í heilmabyggð verði einfaldað og stafrænni innleiðingu flýtt til að auðvelda fólk af landsbyggðinni að sækja þá endurgreiðslu sem bau eiga rétt á.

Geðheilbrigði er ein af grundvallarforsendum heilbrigðis. Áhrifa þættir geðheilbrigðis eru margir og til þess að efla geðheilbrigði þarf skýra stefnu, heildrænar aðgerðir og samvinnu ríkis og sveitarfélaga á sviðum geðræktar, forvarna og geðheilbrigðisþjónustu. Þá telur velferðarnefnd SASS tækifæri liggja í forvörnum þegar kemur að geðheilbrigði og lýðheilsu íbúa landshlutans og hvetur sunnlensk sveitarfélög til að leggja sérstaka áherslu á aðstæður og umhverfi til heilsueflingar almennings á borð við hreystivelli, hjóla- og göngustíg, opnunartíma sundstaða og þess háttar. Góð reynsla er af fjölbreyttum úrræðum á Suðurlandi og má þar nefna mikilvæg verkefni eins og Sigurhæðir og ART verkefnið.

Í málaflokki fatlaðra telur nefndin brýnt að stuðla að auknum mannréttindum og valdeflingu fatlaðs fólks með því að efla réttindagæslu, tryggja skilvirkni í úrvinnslu verkefna sem eru á borði

réttindagæslunnar og vinna að lausnum fyrir einstaklinga sem ekki geta nýtt sér grundvallarþjónustu eins og rafræn skilríki.

Velferðarnefnd SASS fagnar þeim breytingum sem urðu við að barnaverndarnefndir lögðust niður og umdæmisráð tóku við hlutverki þeirra. Þessar breytingar voru tímabærar og gott skref þar sem starfið verður faglegra þegar fagfólkið sér um málin sem upp koma. Velferðarnefndin telur hins vegar mikilvægt að kostnaður við hvert mál umdæmisráða verði endurskoðaður og tryggt verði að hægt sé að vinna vel að hverju máli.

Veruleg fjölgun elstu íbúa landsins næstu áratugi mun kalla á umtalsverða fjölgun hjúkrunarrýma með aukinni hjúkrunarþyngd. Rekstrarkostnaður við hjúkrunarheimili muni því vaxa umtalsvert. Nauðsynlegt er að tryggja rekstrargrundvöll hjúkrunarheimila án tafar samhliða endurskoðun málaflokkssins í heild sinni. Efla þarf kvöld- og helgarþjónustu í heimahjúkrun en það er grunnforsenda þess að hægt sé að mæta áherslu stjórvalda um sjálfstæða búsetu eldri borgara eins lengi og kostur er.

Velferðarnefnd SASS hvetur til þess að horft sé til inngildingar erlendra íbúa á Suðurlandi, þar með talið flóttafólks, með markvissri móttöku- og upplýsingamiðlun til innflyttjenda. Styrkja þarf þjónustu sem stuðlar að góðum tengslum innan nærsamfélagsins og að tilgreina þátttöku þessara hópa í samféluginu fyrir sterkara og fjölbreyttara Suðurland.

Tillögur að ályktunum fyrir ársþing SASS 2023

- Ársþing SASS skorar á ríkið að auka fjárveitingu í heilbrigðisþjónustu sem og löggæslu í takt við vaxandi íbúafjölda og gríðarlegan vöxt í umferð fólks um svæðið.
- Ársþing SASS hvetur heilbrigðisráðherra til að móta sameiginlega verkferla fyrir fjarþjónustu og stafrænar lausnir í heilbrigðiskerfinu á landsvísu.
- Ársþing SASS hvetur heilbrigðisráðherra til þess að hrinda í framkvæmd hið fyrsta áður samþykkt verkefni um rekstur sérhæfðrar sjúkraþyrlu. Brýnt er að slík þyrla verði staðsett á Suðurlandi og sé hluti af starfsemi HSU.
- Ársþing SASS skorar á heilbrigðisráðherra að efla og tryggja bráðaviðbragð sjúkraflutninga HSU. Efla þarf bráðaviðbragð þar sem bráðatilfellum fjölgar í takt við íbúa fjölgun, hækkandi lifaldurs þjóðarinnar og aukinnar viðveru ferðamanna á svæðinu. Tryggja verður bráðaviðbragð á fjölsóttstu ferðamannastöðum Suðurlands öllum stundum sólarhringsins.
- Ársþing SASS skorar á ríkið að skoða alvarlega mannaflabörf lögreglunnar og hvernig sé hægt að mæta henni með löggreglumenntuðu starfsfólk, sérstaklega þarf að styrkja löggæslu í Skátafelssýslum og í Uppsveitum Árnessýslu og tryggja að á þeim svæðum verði unnt að halda úti stöðugu eftirliti allt árið um kring.
- Ársþing SASS skorar á heilbrigðisráðherra að einfalda fyrirkomulag og flýta stafrænni innleiðingu á endurgreiðslu ferðakostnaðar innanlands vegna heilbrigðisþjónustu sem ekki er veitt í heimabyggð.

Tillögur að verkefnum fyrir stjórn SASS

- Velferðarnefnd leggur til við stjórn SASS að tryggja umsjónarmann með ungmannaráði SASS og efla starfsemi ungmannaráða í landshlutanum og samvinnu þeirra á milli. Velferðarnefnd telur einnig mikilvægt að tryggja fjármagn til Jafningafræðslu Suðurlands.
- Velferðarnefnd leggur til við stjórn SASS að unnið sé að verkefnum sem styrkja heilsueflingu allra aldurshópa í landshlutanum. Bætt lýðheilsa tengist jafnt andlegri og líkamlegri heilsu og styrkir samfélagslega virkni.
- Velferðarnefnd hvetur stjórn SASS til að leita leiða til að tryggja áframhaldandi fjármögnun ART úrræðisins.
- Velferðarnefnd hvetur stjórn SASS til að leita og vinna að leiðum til inngildingar erlendra íbúa svæðisins í samfélagið.
- Velferðarnefnd hvetur stjórn SASS til að skoða sérstaklega aðgerð A4 í Byggðaáætlun sem miðar að því að styrkja á heildstæðan máta þjónustu á sviði félags-, heilbrigðis- og menntamála og athuga hvernig og hvort hægt væri að vinna að þeirri aðgerð á starfssvæði SASS.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Til máls taka Einar Freyr Elínarson, Bjarki Oddsson, Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Ásgerður Kristín Gylfadóttir og Kjartan Björnsson.

Bjarni Oddsson leggur fram eftirfarandi breytingartillögu um orðalag um mannaflabörf lögreglunnar:

Ársþing SASS skorar á ríkið að skoða alvarlega mannaflabörf lögreglunnar og hvernig sé hægt að mæta henni með lögreglumenntuðu starfsfólki og tryggja að unnt verði að halda úti stöðugu eftirliti allt árið um kring.

Tillaga fyrir fund:

Ársþing SASS skorar á ríkið að skoða alvarlega mannaflabörf lögreglunnar og hvernig sé hægt að mæta henni með lögreglumenntuðu starfsfólki, sérstaklega þarf að styrkja löggæslu í Skaftafelssýslu og í uppsveitum Árnessýslu og tryggja að á þeim svæðum verði unnt að halda úti stöðugu eftirliti allt árið um kring.

Breytingartillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri gefur orðið laust áður en aðrar ályktanir og tillögur velferðarnefndar eru bornar undir atkvæði. Enginn tekur til máls.

Aðrar ályktanir og tillögur velferðarnefndar eru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða og er þeim vísað til stjórnar SASS til frekari úrvinnslu og forgangsröðunar.

Atvinnumálanefnd

Arnar Freyr Ólafsson, formaður atvinnumálanefndar, tekur til máls og leggur fram tillögur nefndarinnar á ársþingi 2023.

Helstu áskoranir eða tækifæri í tengslum við mállefni nefndar

- Atvinnumálanefnd telur helstu áskorun í málaflokknum tengjast innviðauppbryggingu og viðhaldi. Afnema þurfi dreifbýlisgjaldskrá á flutningi raforku til þess að jafna verð og aðgengi að atvinnutækifærum á Suðurlandi. Atvinnumálanefnd telur jafnframt óstöðugleikann í hagkerfinu ógnun við atvinnulífið á Suðurlandi.
- Atvinnumálanefnd telur mikil tækifæri felast byggðaþróunarfulltrúum og leggur til að atvinnusvæðið verði kortlagt til að koma betur auga á tækifæri til nýsköpunar.

Tillögur að ályktunum fyrir ársþing SASS 2023

- Ársþing SASS skorar á umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að jafna flutningsgjald raforku milli þéttbýlis og dreifbýlis. Fjarlægja þarf heimild til sérstakrar dreifbýlisgjaldskráar.
- Ársþing SASS skorar á innviðaráðherra að halda áfram uppbryggingu innviða s.s. samgangna og fjarskipta á Suðurlandi. Tryggja þarf stöðugt aðgengi til að halda uppi fólks- og vöruflutningum um Suðurland.
- Ársþing SASS skorar á umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að flýta uppbryggingu á dreifikerfi raforku.
- Ársþing SASS skorar á þingmenn í efnahags- og viðskiptanefnd að taka upp 530. mál, þingsályktunartillögu og ganga frá lagabreytingum þannig að hægt sé að hefjast handa við að safna upplýsingum um dreifingu starfa um landsbyggðina.
- Ársþing SASS skorar á alla aðila sem koma að gerð kjarasamninga, þar á meðal ríkisstjórn Íslands, að stuðla að stöðugleika á atvinnumarkaði í komandi kjarasamningaviðræðum. Það er mikilvægt, ef ná á tökum á verðbólgunni sem sligar á endanum fyrirtæki og heimili landsins

Tillögur að verkefnum fyrir stjórn SASS

- Atvinnumálanefnd hvetur stjórn SASS til að vinna ötullega að jöfnun flutningsgjalds raforku milli þéttbýlis og dreifbýlis.
- Atvinnumálanefnd leggur til við stjórn SASS að úthluta byggðaþróunarfulltrúum á Suðurlandi það verkefni að kortleggja atvinnulífi á sérhverju atvinnusóknarsvæði á Suðurlandi. Það mætti m.a. nýta sem áframhald á vinnu Svæðisskipulags Suðurhálendis.
- Atvinnumálanefnd fagnar samningum SASS við atvinnusóknarsvæðin um hlutverk byggðaþróunarfulltrúa og hvetur þá til að vera í góðum tengslum við kjörna fulltrúa, atvinnulífið og samfélagið í heild. Ásamt því að vinna ötullega að nýsköpun á sínu atvinnusóknarsvæði.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Til máls tekur Arnar Freyr Ólafsson.

Arnar Freyr leggur til eftirfarandi breytingu á texta um innviðauppbryggingu og að bæta við kafla um dreifikerfi raforku:

Ársþing SASS skorar á innviðaráðherra að halda áfram uppbryggingu innviða s.s. samgangna og fjarskipta á Suðurlandi. Tryggja þarf stöðugt aðgengi til að halda uppi fólks- og vöruflutningum um Suðurland.

Ársþing SASS skorar á umhverfis-, orku- og loftlagsráðherra að flýta uppbyggingu á dreifikerfi raforku.

Tillaga fyrir fund:

Ársþing SASS skorar á innviðaráðherra að halda áfram uppbyggingu innviða s.s. samgangna, fjarskipta og orku á Suðurlandi. Tryggja þarf stöðugt aðgengi til að halda uppi fólks- og vöroruflutningum um Suðurland.

Eru tillögurnar bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Fundarstjóri gefur orðið laust áður en aðrar ályktanir og tillögur atvinnumálanefndar eru bornar undir atkvæði. Enginn tekur til máls.

Aðrar ályktanir og tillögur atvinnumálanefndar bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða og er þeim vísað til stjórnar SASS til frekari úrvinnslu og forgangsröðunar.

Anna Huld Óskarsdóttir, tekur við stjórn fundarins.

Fjárhagsnefnd

Einar Freyr Elínarson, formaður fjárhagsnefndar, tekur til máls og leggur fram tillögur nefndarinnar á ársþingi 2023.

Helstu áskoranir eða tækifærí í tengslum við mállefni nefndar

- Fjárhagsnefnd telur helstu áskorun í málaflokknum tengjast mikilvægi þess að styrkja tekjustofna sveitarfélaga og tryggja nærsamfélögum um allt land eðlilegar tekjur af auðlindanýtingu.
- Arður af nýtingu auðlinda, s.s. til orkuframleiðslu, áfangastaða í ferðaþjónustu, lands til matvælaframleiðslu eða hverju nafni sem þær nefnast, þarf að skiptast með sanngjörnum hætti milli þeirra sem eru hagaðilar við nýtingu auðlindanna. Tryggja þarf með lögum að nærumhverfið, þ.m.t. sveitarfélögin þar sem auðlindin á uppsprettu sína, njóti efnahagslegs ávinnings sem mun styrkja byggð þar. Það er sanngirmismál að tekjur af auðlindum skili sér til nærsamfélagsins eins og öll önnur atvinnustarfsemi gerir.
- Á Suðurlandi eru fjölsóttustu ferðamannastaðir landsins sem eru helsta aðrættarafl stærstu atvinnugreinar landsins, ferðaþjónustu. Tryggja þarf í auknum mæli að tekjur af ferðaþjónustu skili sér til nærsamfélagsins og uppbyggingar innviða þar sem mestur fjöldi ferðamanna fer um.

Tillögur til ársþings SASS

- Fjárhagsnefnd leggur til að ársreikningur SASS fyrir árið 2022, sem kynntur hefur verið fyrir nefndinni, verði samþykktur.
- Að framkomin tillaga að fjárhagsáætlun SASS fyrir árið 2024, sem unnin hefur verið í samráði við nefndina, verði samþykkt. Skýringar fylgja fjárhagsáætluninni.
- Að tillaga að launum stjórnar og nefnda/ráða sem fylgir hlutfalli af þingfarakaupi verði samþykkt en tillagan er unnin í samráði við nefndina.

Tillögur að ályktunum fyrir ársþing SASS 2023

- Ársþing SASS skorar á fjárlaganeftnd við afgreiðslu fjárlaga að tryggja hækkuð framlög til Sóknaráætlunar og byggðaþróunar og atvinnuráðgjafar og reksturs áfangastaðastofu.
- Ársþing SASS skorar á sveitarfélög og ríki að hefja viðræður um það hvernig tryggja megi nærsamfélögum um allt land eðlilegar tekjur af auðlindanýtingu, tekjur sem muni styrkja byggð, og þannig skapa skilyrði til búsetufrelsис um land allt. Mikilvægt er að sveitarfélög hafi tækifæri til að byggja upp nauðsynlega innviði svo að nýting auðlinda geti orðið samfélagslega sjálfbær.
- Á Suðurlandi eru mestu orkuauðlindir landsins. Tölulegar staðreyndir staðfesta að nærumhverfið nýtur ekki sanngjarns ávinnings af þeiri orkuvinnslu sem á sér stað á Suðurlandi. Við slíka stöðu er ekki hægt að una lengur með boðuð orkuskipti fram undan. Ársþing SASS hvetur ríkisstjórnina til að tryggja breytingar á lagaumhverfi orkuvinnslu sem tryggir nærumhverfinu ávinning auk þess er mikilvægt að raforkuverð verði það sama í dreifbýli og þéttbýli.

Tillögur að verkefnum fyrir stjórn SASS

- Fjárhagsneftnd leggur til stjórn SASS að kanna fýsileika þess að selja fasteign samtakanna að Austurvegi 56 á Selfossi.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Til máls taka Íris Róbertsdóttir, Helgi Kjartansson, Einar Freyr Elínarson, Ari Björn Thorarensen, Haraldur Þór Jónsson og Bjarni Guðmundsson.

Íris Róbertsdóttir leggur fram eftirfarandi breytingartillögu á fjárhagsáætlun 2024:

Lagt er til að aðildargjald til SASS á hvern íbúa verði óbreytt og hækki ekki nema vegna fjölgunar íbúa.

Tillaga fyrir fund:

Að framkomin tillaga að fjárhagsáætlun SASS fyrir árið 2024, sem unnin hefur verið í samræmi við nefndina, verði samþykkt.

Breytingartillaga um fjárhagsáætlun SASS 2024 er borin undir atkvæði og samþykkt með 27 atkvæðum gegn 24.

Ársreikningur SASS 2022

Ársreikningur SASS 2022 er borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

Tillaga um laun stjórnar, ráða og nefnda

Tillaga um laun stjórnar, ráða og nefnda borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri gefur orðið laust áður en aðrar ályktanir og tillögur fjárhagsneftndar eru bornar undir atkvæði. Enginn tekur til máls.

Aðrar ályktanir og tillögur fjárhagsneftndar eru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða og er þeim vísað til stjórnar SASS til frekari úrvinnslu og forgangsröðunar.

Einar Freyr Elínarson sveitarstjóri Mýrdalshrepps kynnir sveitarfélagið.

Fjöldi íbúa er 967 og eru yfir 60% íbúa af erlendum uppruna. Það er gríðarlega hröð uppbygging í sveitarféluginu og er ferðapjónusta stærsta atvinnugreinin en einnig er fjölbreytt afþreying og mikið úrval af gistingu. Verið er að byggja nýjan leikskóla en einnig er mikil uppbygging á íbúðar- og iðnaðarhúsnæði og er nú verið að hanna þjónustumiðstöð sem m.a. á að hýsa líkamsræktarstöð.

Óvissuhættir og áskoranir eru miklar fram undan. Kjarasamningar eru senn lausir, verðbólgan er mikil og aukinn kostnaður við sorphirðu vegna breytinga á lögum og reglum sem tengjast úrgangsmálum.

Stefnan er að skipuleggja meira af verslunar- og þjónustulóðum og huga þarf að framtíðarhúsnæði grunnskólans. Það þarf að byggja nýja slökkvistöð og hjúkrunarheimili en næst á dagskrá er að stjórnsýslan flytur í nýtt húsnæði.

Samtal sveitarstjórnarfólks og þingmanna Suðurkjördæmis

Pallborðsumræður með þingmönnum Suðurkjördæmis. Umræðustjórar Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður og Grétar Ingi Erlendsson varaformaður SASS

Þingmenn Suðurkjördæmis þau Guðrún Hafsteinsdóttir, Jóhann Friðrik Friðriksson, Ásthildur Lóa Þórssdóttir, Ásmundur Friðriksson, Oddný G. Harðardóttir, Elva Dögg Sigurðardóttir og Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir taka þátt í pallborðsumræðum.

Grétar Ingi Erlendsson, fundarstjóri sprýr:

Hversu miklu skiptir fyrir alþingismenn að hitta sveitarstjórnarfólk og hvaða þýðingu hefur ársþing SASS fyrir þingmenn?

Guðrún segir að þessi samvera og það samtal sem á sér stað á þessum vettvangi skipti miklu máli, það eru allir að vinna að því sama.

Oddný segir að ályktanir sem komi frá þingum sem þessu skipti máli fyrir kjördæmið en einnig tengir þetta þingmannahópinn saman.

Jóhann Friðrik segir það skipta máli hvernig ályktanirnar séu framsettar þar sem það eru margar ályktanir sem þau fari í gegnum, þeirra þingsvæði skiptir máli og það er gott að taka samtalið.

Ásthildur Lóa segir mikla samheldni í hópnum gagnvart málefnum kjördæmisins og það er gott að hitta fólkid.

Elva Dögg ræðir um ályktun um upplýsingar um dreifingu starfa en hún og hennar flokkur hyggjast leggja málið fyrir á þingi á næstu dögum.

Ásmundur segist þekkja svæðið vel. Hann heldur vel utan um það sem er í gangi og segir starf sveitarstjórnarmanna gríðarlega mikilvægt.

Eruð þingmenn Suðurkjördæmis tilbúnir að taka af dreifbýlisgjaldið af raforkuliðnum?

Allir þingmenn svara því játandi.

Eru þingmenn Suðurkjördæmi tilbúnir að styðja við Sigurhæðir við fjárlagagerð?

Allir þingmenn svara því játandi.

Njáll Ragnarsson tekur til máls og spyr:

Það stendur ekki til að virkja eina einstu virkjun á næstu árum, eruð þið hlynnt nýjum virkjunarkostum og af hverju ekki verið að virkja?

Oddný segist vilja virkja fyrir grænum orkuskiptum.

Jóhann Friðrik vill virkja er ekki viss um að við getum valið þá kosti sem þarf að virkja.

Ásthildur segist vilja virkja.

Elva Dögg segir að það þurfi að virkja.

Ásmundur vill virkja áfram og það má ekki stoppa framkvæmdir

Guðrún segir að ef við ætlum að nota sjálfbæra orku þá verðum við að virkja.

Guðrún S. Magnúsdóttir tekur til máls og spyr:

Hvernig sjáið þið stöðu íslensks landbúnaðar?

Guðrún sér tækifæri og bjarta framtíð en hún getur ekki orðið ef við sköpum ekki grundvöllinn og það þarf að gerast hjá stjórnmálamönnum. Það þarf að búa til umgjörð fyrir fólk með mikla framtíðarsýn og það á að skapa grundvöll til að framleiða góða vörum, en það hefur ekki verið gert nægjanlega vel. Það þarf að gera eitthvað, spurning um tollaverð. Það verður að horfast í auga við að við erum að niðurgreiða landbúnað minna en önnur lönd gera. Hún hefur mikla trú á bændum og íslenskri framleiðslu.

Ásmundur segir að afkoma bænda sé til skammar og það þarf að verða breyting þar á. Það eru ótrúleg tækifæri hjá bænum og það er furðulegt verðlag á erlendu kjöti. Hann stendur með bændum.

Elva Dögg stendur með bændum og finnst leiðinlegt að það sé ekki borin meiri virðing fyrir þessari stétt.

Ásthildi finnsta mikilvægt að við séum sjálfbær í matvælaiðnaði, vaxtahækkanir eru að sliga bændur og sumir hverjur eru að missa vinnu sína og heimilin og það þarf að breytast en hún stendur með bændum.

Jóhann Friðrik talar um mikilvægi landbúnaðarins og mikilvægi matvælaöryggis. Það er alltaf mikilvægt að standa með bændum, það skiptir máli fyrir uppbyggingu landsins í heild að vera með sterka uppbyggingu í landbúnaði. Atorka bænda er slík að það þarf að mynda langtímasýn, það þarf að gera búvorusamninga til lengri tíma. Það er þjóðaröryggi að vera með fæðuöryggi.

Oddný talar um fæðuöryggi og hlutverk bænda til að sjá þjóðinni fyrir mat. Eins að þeir eru mikilvægir í sjálfbærniþróuninni. Það þarf að skoða rekstraröryggi bænda og taka á bráðavanda vaxta og fjárhagsöryggi. Þeir mega ekki leggja upp laupana, það þarf frekar að fjölga þeim.

Hafdís Hrönn var að koma af baráttufundi ungra bænda og þar var gríðarlegur vilji. Það þarf að taka upp annað kerfi. Í Noregi hefur ráðherra leyfi til að taka í taumana til að hjálpa, það þarf að vera með nýliðunarstyrki. Þetta er eitt af því sem verður rætt um á þingi Norðurlandaráðs. Raddir bænda eru mikilvægar og þeir þurfa að láta heyra í sér.

Arnar Freyr Ólafsson tekur til móls og sprýr:

Hvað ætlið þið að gera til að beita ykkur fyrir bættum vegasamgöngum á Suðurlandi?

Hafdís segir að það sé verið og er búið að vera að bæta umferðaröryggi á Suðurlandi. Það þarf að forgangsraða verkefnum og bau reyna að beita þrýstingi.

Oddný segir að það þurfi að fara í framkvæmdir og forgangsraða en hún vill ekki skattleggja framkvæmdirnar.

Jóhann Friðrik segir að það þurfi að breyta kerfinu í heild sinni, það þarf að auka fé í framkvæmdirnar. Spyr hann hvort að það geti verið samvinna allra.

Ásthildur segir vegi víða vera til skammar og það þarf að gera eitthvað í því. Það er margt sem þarf að laga, hún er ekki að berjast fyrir vegasamgöngum.

Elva Dögg vill að ríkisstjórnin standi við sitt.

Ásmundur telur mikilvægt að allir taki þátt í að fjármagna vegakerfið af meiri krafti en hingað til.

Guðrún ræðir um að það hafa verið gríðarlega framkvæmdir í kjördæminu upp á síðkastið, Hornarfjarðarbrúin, nýr vegur í Ölfusi og á Reykjanesbrautinni. Það þarf að huga betur að samgöngum á Hornafjörð og til Vestmannaeyja. Það þarf að greiða fyrir að nota vegina, það er að koma minna og minna í ríkiskassann í gegnum olíu- og bifreiðagjöld. Það er mikilvægt að fækka einbreiðum brúm hratt og vel. Varðandi tengivegi þá þarf að fara setja slitlag á þá.

Að lokum vill Guðrún Hafsteinsdóttir fyrir hönd þingmanna þakka fyrir góðar móttökur í kjördæmavikunni, þeim fannst gott að hitta sveitarstjórnarmenn í kjördæminu. Þau komust þó ekki í Vík og á Kirkjubæjarklaustur og Höfn en þau ætla að koma fyrir áramót.

Skilar hún góðum kveðjum frá Sigurði Ingi Jóhannssyni, Vilhjálmi Árnasyni og Birgi Þórarinssyni sem ekki gátu verið á fundinum.

Þingmenn Suðurkjördæmis eru einn hópur sem vinnur saman fyrir kjördæmið. Hún hvetur sveitarstjórnarmenn til að vera í sambandi við þau.

Fundarlok aðalfundar SASS kl. 18:00

Einar Freyr Elínarson setur aðalfund SASS kl. 12:05 föstudaginn 27. október. Þakkar fyrir góðan fund.

Fundarstjóri óskar eftir heimild til handa fundarritara og fundarstjórum að ganga frá fundargerðinni og senda hana til sveitarfélaganna.

Nú er komið að fundarlokum ársþings SASS og gefur fundarstjóri Ásgerði Kristínu Gylfadóttur formanni orðið. Þakkar hún sveitarstjórnarmönnum fyrir góðan, málefnalegen og gagnlegan fund. Einnig þakkar hún fundarstjórum, starfsmönnum SASS og öðrum starfsmönnum fyrir góðan undirbúning fyrir fundinn og Mýrdalshreppi fyrir viðurgjörning allan.

Fundi slitið kl. 12:09

Rósa Sif Jónsdóttir fundarritari.



Fundargerð

3. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 13:00 mánudaginn 9. október 2023, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Mættir:

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Katrín Sigurðardóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Ásgerður Kristín Gylfadóttir, fulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga
Guðmundur Fannar Vigfússon, Ferðamálasamtök Suðurlands
Ágúst Elvarsson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafelssýslu
Árni Eiríksson, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Nejra Mesetovic, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Forföll:

Geir Gígja, Ferðamálasamtök Suðurlands
Ása Valdís Árnadóttir, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nejra Mesetovic.

Dagskrá

1. Verkefni undanfarið og framundan
2. Önnur mál

Verkefni síðastliðinna mánuði og það sem er framundan

Aðgerðaáætlun stjórnvalda/Stefnumótun í ferðaþjónustu

Vinna við aðgerðaáætlun stjórnvalda byrjaði fyrir sumarfrí og var framkvæmdastjóri skipuð af Sambandi Íslenskra sveitarfélaga í hóp sem vinnur að aðgerðum um rannsóknir, gögn og nýsköpun. Fundað hefur verið nokkuð þétt bæði fyrir og eftir sumarfrí og á hópurinn að skila af sér fyrstu drögum að tillögum 15. október. Þá hefur einhver af starfsmönnum Markaðsstofunnar einnig sótt flesta hagaðilafundi hinna hópanna auk þess að senda inn hugmyndir og tillögur í gegnum vef verkefnisins. Einnig hefur Markaðsstofan kynnt og miðlað upplýsingum til samtarfsfyrirtækja og faghóps um vinnuna að aðgerðaáætlun þannig að flestir sem hafa áhuga á geti skilað inn hugmyndum og tillögum.

Framundan eru hagaðilafundur í vikunni hjá hópnum um rannsóknir og nýsköpun og í framhaldi verða tillögur hópsins fínpússaðar og sendar inn til ráðuneytis.

Samstarf Markaðsstofa landshlutanna (MAS)

- Forstöðumenn MAS funda að jafnaði einu sinni í mánuði og oftar ef tilefni er til. Sameiginlegur fundur forstöðumanna var haldinn í byrjun október og þar voru mörg mál rædd. Meðal annars var rætt endurnýjun samninga við Ferðamálastofu vegna áfangastaðastofa, Mannamót og ferðaþjónustuvikan, upplifdu.is og aðgerðaáætlun stjórnvalda.
- 9. október verður fundur MAS með Arnari ferðamálastjóra og Elíasi forstöðumanni gæða- og þróunarsviðs um samningana og málefni þeirra, t.d. ef ekki kemur til hækjun á fjármagni þá þarf líklega að draga eitthvað úr verkefnum sem falla þarna samning.
- Byrjað er að undirbúa Mannamót á fullu en í ár fagnar viðburðurinn 10 ára afmæli, en það verður haldið 18. janúar. Verið er að klára uppfærslu sameiginlegri vefsíðu MAS markadsstofur.is en þar eru allar upplýsingar um sameiginleg verkefni eins og Mannamót og skráning sýnenda og gesta fer þar fram. Líkt og undanfarið sér Suðurland um salarskipulagið og fleira tengt viðburðinum.
- Fundir með öðrum verkefnastjórum áfangastaðaáætlana, ferðamálastofu og framkvæmdasjóði. Vinna hafin við að samræma betur orðalag og uppsetningu áætlannanna ásamt því að gera töluleg gögn þeim tengdum aðgengilegri og notendavænni. Rætt hvernig hægt sé að auka vægi áfangastaðaáætlana á landsvísu.
- Framkvæmdastjóri fundað nokkrum sinnum með fulltrúa Markaðsstofu Norðurlands og Stefnu um næstu skref í þróun á vefsíðum markaðsstofanna.
- Mánaðarlegir fundur forstöðumanna MAS með Línu, fagstjóra ferðaþjónustu hjá Íslandsstofu, um sameiginleg verkefni voru haldnir í ágúst og september. Nejra sótti septemberfund í fjarveru framkvæmdastjóra.

Framundan er sameiginlegur starfsmannafundur allra Markaðsstofanna, sem er í undirbúningi og verður haldið 21.-22. nóvember á Norðurlandi.

Samstarf við sveitarfélög

- Faghópur sveitarfélaga á Suðurlandi um ferðamál fundaði í september og var megin áhersla fundarins málefni uppbyggingar áfangastaða. Hópurinn samanstendur af fulltrúum sveitarfélaga sem eru í samstarfi við Markaðsstofu Suðurlands. Í framhaldi fundarins átti verkefnastjóri áfangastaðaáætlunar fund með hverju sveitarfélagi um áherslustaði sveitarfélaganna sem birtast í áfangastaðaáætlun Suðurlands. Séu staðir á þessum lista í áfangastaðaáætlun landshlutans þá eiga þeir möguleika á fleiri stigum í matsferli umsóknna í sjóðinn. Áður hafði verkefnastjóri sent út leiðarvís og form sem sveitarfélög gátu nýtt við samantekt efnis sem þarf fyrir verkefni á listanum.
- Markaðsstofan hefur aðstoðað sveitarfélögini við að koma svæðiskortunum þremur af Suðurlandi út og hefur verkefnastjóri leitt þá vinnu og samræmt aðgerðir. Gullna hrings kortið var gefið út í sumar og uppfærsla á lokametrunum á Katla Geopark kortinu.
- Áttum fund með faghópsfulltrúa Rangárþings ytra og fengum kynningu á stóru skipulagsverkefni í kringum Landmannalaugar.

Framundan er að endurnýja samninga við sveitarfélögin um samstarfið en núverandi samningar gilda til áramóta. Einnig verður haldið áfram vinnu við uppfærslu á svæðakortunum fyrir Kötlu Geopark og Ríki Vatnajökuls.

Samstarf við samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)

Þann 18. september áttu stjórnir Markaðsstofunnar og SASS fund um málefni samninga um verkefni Markaðsstofu/áfangastaðastofu. Framkvæmdastjóri kynnti helstu verkefni og áherslur Markaðsstofunnar fyrir stjórn SASS og í framhaldi var spurningum svarað og umræður um þær. Tilefni fundarins var samstarf sveitarfélaga á Suðurlandi og Markaðsstofunnar um þessi verkefni sem hafa verið skilgreind og samningar um við ríkið. Þessi sameiginlegu verkefni sem ríkið styrkir byggja á að þau séu unnin sem samstarf ríkisins og svo sveitarfélaga og ferðaþjónustu í landshlutnum. Þetta fyrirkomulag tryggir að landshlutinn sjálfur stýri hvaða málefni sem tengjast ferðaþjónustu er verið að einbeita sér að hverju sinni þar sem þarfir hvers landshluta eru ólíkar. Og ekki má gleyma því að ferðaþjónusta snertir einnig flestar aðrar atvinnugreinar og þá sérstaklega frumframleiðslugreinar og þjónustu. Greinin hefur þjónað stóru hlutverki í byggðaþróun Íslands undanfarin rúm 10 ár.

Framkvæmdastjóra falið að senda út erindi um endurnýjun samninga á öll sveitarfélög. Stjórn ákvað að halda árgjaldi óbreyttu að sinni.

Samstarf með SASS

Verið er að klára að ganga frá samningi um Eldfjallaleiðina og lokagreiðslu á fyrri verkpætti sem unninn var árið 2022.

Stefán vann að upptöku og vinnslu á kynningarefni fyrir SASS í vor og var tekinn aftur upp þráðurinn á því í ágúst/september og klippa saman efni fyrir rafrænan kynningarviðburð á úthlutun úr Uppbyggingarsjóð.

Nokkrir komu í ráðgjöf vegna Uppbyggingarsjóðs og Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Auk þess eru starfsmenn ávallt að fylgjast með þróun greinarinnar og sinna ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga varðandi verkefni tengd ferðaþjónustu, menningu og markaðsmálum.

Framundan er m.a. fundur með nýjum byggðaþróunarfulltrúa Uppsveita Árnessýslu þar sem hún óskaði eftir upplýsingum um verkefnið Matarauður Suðurlands. Verkefnastjóri áfangastaðaáætlunar og framkvæmdastjóri munu hitta hana og fara í gegnum verkefnið og hvað er hægt að vinna með og nýta.

Samstarf með Íslandsstofu

- Haldnir reglulegir fundir með fagstjóra ferðaþjónustu þar sem er farið yfir málefni.
- Framkvæmdastjóri sótti í byrjun október rýnifund á vegum Íslandsstofu um vinnustofur og sýningar á erlendum mörkuðum.
- Þá hafa einnig verið í undirbúningi nokkrar heimsóknir áhrifavalda og miðla, ýmist í samstarfi við Íslandsstofu og bara beint. Mjög margar fyrirspurnir eru að berast til MSS þessa dagana um samstarf, frá miðlum og áhrifavöldum og því þarf að velja vel.

Framundan er frekari undirbúningur kynningarferðar vegna Vestnorden og samstarf um blaðamenn og áhrifavalda. Einnig er framundan föstudaginn 13.okt kynningarfundur um fyrirkomulag sýninga og vinnustofa á vegum Íslandsstofu. Þetta er fjarfundur þar sem fyrirtækjum gefst kostur á að kynna sér þennan hluta starfsemi Íslandsstofu og eiga góðar umræður um markaðssvæði og -hópa. Markaðsstofan mun áfram senda fundarboð á fyrirtæki á svæðinu.

Ferðamálastofa

Framangreindir fundir með Ferðamálastofu um komandi endurnýjun samninga. Þá hefur verið samstarf um uppfærslu á efni í gagnagrunni Ferðamálastofu eins og gert er a.m.k. einu sinni á ári. Rétt fyrir sumarfrí var einnig haldinn stöðufundur um samstarfið þar sem Markaðsstofan fékk hrós fyrir sín störf. Eldfjallaleiðarvinnan einnig kynnt á þeim fundi. Fundað var um verkefnið Stafræn þróun sem er samstarfsverkefni nokkurra aðila.

Framundan er fundur með Ferðamálastjóra og forstöðumanni gæða og þróunarsviðs um endurnýjun samninga.

Vinnustofur og sýningar

- Þann 11.-14. September fóru fram 3 vinnustofur undir heitinu The Nordic sem er samstarf Norðurlandanna um kynningu á þessum norðlægu áfangastöðum. Nokkuð langt var á milli staðanna þriggja en vinnustofurnar hófust í Seattle og þaðan var haldið til New York og svo loks var flogið yfir til Toronto í Kanada þar sem síðasta vinnustofan fór fram. Ragnhildur Sveinbjarnardóttir framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands var fulltrúi Suðurlands að þessu sinni og átti hún fjölda funda við fjölbreyttan hóp ferðasala. Ragnhildur deildi fundarborði með Arnheiði Jóhannsdóttur frá Markaðsstofu Norðurlands og Oddnýju Arnarsdóttur frá Íslandsstofu sem sá um skipulagningu viðburðarins fyrir hönd Íslands. Alls áttu þær hvorki meira né minna en um 40 fundi meðan á vinnustofunum stóð og hefur endurgjöf verið mjög jákvæð og mikil ánægja með góðar og hagnýtar upplýsingar um framboð á þjónustu og vörum sem landshlutinn og landið allt hefur upp á að bjóða. Alls sóttu um 180 söluaðilar viðburðina. Hluti starfsemi Markaðsstofu Suðurlands er að kynna Suðurland fyrir ferðasö lum. Vinnustofur eins og þessar eru ein árangursríkasta leiðin til þess í bland við aðrar markaðsaðgerðir. Flestir ferðasalar sem sækja viðburði sem þessa þekkja vel til landshlutans og vilja helst fá að vita um nýjungar á svæðinu. Þó eru einhverjur sem vita lítið og þá hefur mesta þúðrið farið í að kynna landshlutann almennt og fylgja eftir fundunum með frekari upplýsingar um fjölbreytileika svæðisins. Með þátttöku á þessum viðburðum aflar Markaðsstofan tengsla við söluaðila sem hægt er að nýta til að miðla áfram fréttum og upplýsingum um Suðurland áfram í framtíðinni. Mikil áhersla er lögð á að eitthvað sé í boði fyrir flesta markhópa ferðafólks. Náttúra, gisting, matur, afþreying og önnur tengd þjónusta.
- Vestnorden fer fram í Reykjavík 17.-19. okt og verðum við með 4 fundapláss þar að venju. Faghópurinn ætlar að manna einhverjar vaktir eins og venjulega. Markaðsstofan sér um eina kynningarferð fyrir sýninguna og er Nejra með hana á sínum snærum. Það eru breytingar á sýningar fyrirkomulagi og er spurning hvernig það kemur út og verður reynslan af þessari að ákvarða hvernig tilhögunin verður næst.

Framundan er að fara með hóp í kynningarferð vegna Vestnorden og sinna viðburðinum sjálfum. Einnig er framkvæmdastjóri með til skoðunar að fara á World Travel Market í London sem fræðsluferð í byrjun nóvember. Íslandsstofa er einnig búin að gefa út drög að vinnustofu og sýningaplaní fyrir næsta ár og þurfum við að fara að ákveða hvar við viljum helst vera á næsta ári.

Áfangastaðaáætlun og Eldfjallaleiðin

Unnið hefur verið að uppfærslu áfangastaðaáætlunar og hefur fyrsta útgáfa verið send á stýrihóp. Verkefnastjóri hefur verið að vinna úr athugasemdum og ábendingum frá stýrihóp. Verkefnastjóri hefur sett upp hvaða vísa vakta þarf reglulega til þess að sjá hvar við stöndum gagnvart framtíðarsýn og markmiðum ferðaþjónustunnar á Suðurlandi.

Vinnan við Eldfjallaleiðina gengur vel og er búið að setja fram síðu á south.is fyrir leiðina. Verkefnastjórar áttu fund með ljósmyndara um efnissköpun og komið eitthvað af efni frá honum. Eldfjallaleiðin hefur verið kynnt fyrir Ferðamálastofu á stöðufundi og einnig aðeins fyrir ferðasöлum á vinnustofum í USA og Kanada. Búið er að hanna og prenta fyrsta kynningarefnið fyrir leiðina sem verður kynnt af fulltrúum Suðurlands og Reykjaness á Vestnorden. Auk þess tók fulltrúi Reykjaness efnið með sér á vinnustofu á Ítalíu sem er í gangi í þessari viku. Mikill áhugi fyrir þema leiðarinnar og verður gaman að fylgjast með áframhaldandi þróun. Gríðarlega mikilvægt er að finna þennan áhuga og hlutverk Markaðsstofunnar er að skapa þennan jarðveg og svo er það svæðanna og fyrirtækjanna að skapa sér verðmæti af starfinu.

Framundan er að halda áfram að vinna að Eldfjallaleiðinni sem fékk styrk úr Sóknaráætlun Suðurlands. Þá heldur vinna við uppfærslu áfangastaðaáætlunar áfram og hún gefin út á næstunni.

Vefur og samfélagsmiðlar

Vinna við efnissköpun fyrir samfélagsmiðla og vef er alltaf í gangi. Undanfarið hefur verið unnið að nýjum síðum um mismunandi þemu og þá hefur vinna við síðu Eldfjallaleiðarinnar verið fyrirferðarmikil. Alltaf verið að skrifa fréttir, miðla efni og huga að næstu skrefum í framþróun á síðu og miðlum. Nokkrir fundir átt sér stað á tímabilinu um samstarf við áhrifavalda og miðla. Skrifað var undir samstarfssamning við Entravision (META á Íslandi) í haust en það á að auðvelda samskipti vegna þjónustu fyrir Facebook og Instagram.

Framundan er áframhaldandi vinna við efnissköpun á vef og samfélagsmiðla en sú vinna er sifellt í gangi, allt árið. Miðla þarf fréttum af starfseminni auk annars efnis sem kynnir náttúru, mat, menningu og þjónustu svæðisins.

Kortaútgáfa

Græna landshlutakortið sem MSS gefur út var uppfært og prentað í 75.000 eintökum í sumar. Það var einnig sett í dreifingu í sumar.

Innra starf

- Unnið hefur verið að könnun sem send verður á samstarfsfyrirtæki. Gögn verða nýtt til að bæta starfsemina og efla samstarf við helstu hagaðila. Könnunin verður send út í október.

- Fréttir á vefinn og fréttabréf til samstarfsaðila.
- Fundað hefur verið með nokkrum nýjum og eldri samstarfsfyrirtækjum.
- Ávallt eru í gangi samskipti við samstarfsaðila og viðræður við ný fyrirtæki.

Aðrir fundir/erindi

Starfsfólk MSS reynir að sækja sem flesta fundi og kynningar sem snerta málaflokka starfseminnar og eykur þekkingu starfsfólks. M.a. má nefna að þessir fundi og nokkrir framundan.

- Kynningarfundur um Hringrásarhagkerfið og nærandi ferðabjónustu á vegum Íslenska ferðaklasans og erlends samstarfsverkefnis. Kynntum fyrir grein og faghóp, styrkjamöguleikar fyrir fyrirtæki sem eru að vinna að sýnum sjálfbærnimálum.
- Fundur um verkefni sem ber heitið Stafræn hæfni, fulltrúi MAS fær sæti í stýrihóp.
- Fundur með Hæfnisetrinu um samstarf í vetur.
- Sölu og markaðsráðstefna á vegum Digido.
- Málpíng um gervigreind og hugverkarétt í Reykjavík
- Nokkrir fundir með Entravision (META þjónusta á Íslandi), kynning og eftir að samningur var gerður um upsetningu.

Aðildargjöld Markaðsstofu Suðurlands

Framkvæmdastjóri fer yfir heimtur á aðildargjöldum ársins, sem eru mjög góðar.

Önnur mál

- Starfsmannamál
 - Yfirlægsla verkefna og þekkingar frá Stefáni til Nejru, gott samstarf þar.
 - Viðtöl hefjast á morgun, þriðjudag. Geir, Katrín og Ragnhildur fóru yfir umsóknir og buðu 8 umsækjendum í fyrsta viðtal.

Fundi slitið kl. 14:30



Fundargerð

4. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:00 mánudaginn 13. nóvember 2023, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Mættir:

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Katrín Sigurðardóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Ásgerður Kristín Gylfadóttir, fulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga
Guðmundur Fannar Vigfússon, Ferðamálasamtök Suðurlands
Geir Gígja, Ferðamálasamtök Suðurlands
Ágúst Elvarsson, fulltrúi Ferðamálafelags Austur-Skaftafellssýslu
Brynhildur Jónsdóttir, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Nejra Mesetovic, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nejra Mesetovic.

Dagskrá

1. Verkefni undanfarið og framundan
2. Sýningar og vinnustofur 2024
3. Önnur mál

Verkefni síðastliðinna mánuði og það sem er framundan

Áfangastaðaáætlun og Eldfjallaleiðin

Um miðjan október var uppfærð áfangastaðaáætlun Suðurlands gefin út og send til sveitarfélaga til kynningar. Hægt er að nálgast áætlunina og viðauka á vefsíðu markaðsstofunnar, south.is. Framkvæmdastjóra og verkefnastjóra áfangastaðaáætlunar bauðst að kynna áætlunina á upplýsingafundi SASS fyrir kjörna fulltrúa sveitarfélaga þann 9.nóvember. Þar voru fulltrúar frá flestum sveitarfélögum á Suðurlandi.

Vinnan við Eldfjallaleiðina gengur vel og er búið að setja fram síðu á south.is fyrir leiðina. Unnin hefur verið kynningaráætlun og var nýtt kynningarefni m.a. kynnt á fundum MSS á Vestnorden ásamt því að fundagestir fengu ítarlegri upplýsingar í eftirfylgipósti. Auk þess tók fulltrúi Reykjaness efnið með sér á vinnustofu á Ítalíu í október. Mikill áhugi er fyrir þema leiðarinnar og verður gaman að fylgjast með áframhaldandi þróun. Hlutverk Markaðsstofunnar er að

skapa þennan jarðveg og svo er það svæðanna og fyrirtækjanna að skapa sér verðmæti af starfinu.

Framundan er að setja efni áætlunarinnar upp á heimasiðu MSS og var sveitarfélögum boðið upp á kynningar sem einhver hafa óskað eftir. Einnig verður áætlunin send á aðra hagaðila. Framundan er að halda áfram að vinna að Eldfjallaleiðinni og kynningu hennar.

Vinnustofur og sýningar

- Að þessu sinni fór Vestnorden fram í Laugardalshöll dagana 17.-18. október og var þátttaka einstaklega góð með yfir 600 gesti frá um þrjátíu löndum. Margir gestir nýttu einnig aðdraganda kaupstefnunnar til að kynna sér Ísland og taka þátt í kynningarferðum á vegum söluaðila. Markaðsstofa Suðurlands bauð upp á eina slíka ferð í samvinnu við samstarfsfyrirtæki og þótti ferðin sérstaklega vel heppnuð.

Á Vestnorden eiga birgjar (hótel, afþreyingarfyrirtæki, markaðsstofur og fleiri) sín fundaborð og bóka fundi með ferðasölum (ferðaskrifstofum og öðrum endursöluáðilum) sem hver um sig tekur tæpar tuttugu mínútur. Markaðsstofa Suðurlands tók hvorki meira né minna en 65 fundi við ferðasala og miðlaði til þeirra upplýsingum um áfangastaði og samstarfsfyrirtæki á Suðurlandi. Að auki tóku hátt á annan tug samstarfsfyrirtækja Markaðsstofunnar þátt í Vestnorden og kynntu þjónustuframboð sitt á svæðinu. Það má því ætla að sunnlensk ferðaþjónusta hafi verið til umræðu á nokkur hundruð fundum yfir þessa two daga. Margt bar á góma á fundum Markaðsstofunnar. Talsvert var spurt um fjölskylduvæna gistingu og afþreyingu, hæglætisferðamennska (e. slow travel), sjálfbærni á svæðinu, þjónustu fyrir skólahópa og FAM ferðir fyrir söluaðila. Þá voru gamalkunnar spurningar um framboð á distingu fyrir hópa og distingu á milli Víkur og Hafnar áberandi. Samstarfsfyrirtæki Markaðsstofunnar hafa nú fengið sendan tengiliðalista yfir þá aðila sem fundað var með, ásamt lýsingu á því hverju fólk var að leita eftir. Vestnorden er orðinn fastur liður í kynningarstarfi Markaðsstofu Suðurlands og hefur það skilað árangri í að efla viðskiptatengsl ferðasala við sunnlensk ferðaþjónustufyrirtæki. Við stuðlum markvisst að ábyrgri ferðamennsku með traustri upplýsingagjöf, vönduðu kynningarefnin og öflugu samtali við ferðaþjónustu landshlutans.

- Markaðsstofan lagði fram kynningarferð í upphafi sumars fyrir Vestnorden og var fín skráning í ferðina. Alls voru 16 ferðasalar sem tóku þátt í ferðinni og komu þeir víðsvegar að: Bretlandi, Bandaríkjum, Noregi, Finnlandi, Svíþjóð, Mexíkó, Danmörku, Þýskalandi, Belgíu og Hollandi.

Ferðin fékk nafnið "Caves and Culinary of South Iceland", en eins og nafnið gefur til kynna snerist hún um mat og hella á Suðurlandi. Ferðin tókst einstaklega vel til og mikil ánægja var á meðal ferðasalanna sem tóku þátt. Hópurinn fékk góða kynningu á Suðurlandi enda var hvert tækifæri nýtt til að benda hópnum á þjónustu og aðdráttarafl á leiðinni þó ekki gæfist tími til að stoppa alls staðar. Markaðsstofa Suðurlands vill þakka fyrirtækjunum sem tóku þátt í þessu verkefni kærlega fyrir frábærar móttökur og gestrisni, án þeirra væri framkvæmd slíkra ferða erfið. Nánar má lesa um ferðina og Vestnorden á fréttasíðu Markaðsstofunnar.

Framundan er að ákveða áherslur Suðurlands fyrir næsta ár en Íslandsstofa er búin að gefa út drög að vinnustofu og sýningaplaní fyrir næsta ár. Er tekið fyrir í sér dagskrárið síðar á fundinum.

Aðgerðaáætlun stjórnvalda/stefnumótun í ferðaþjónustu

Vinna starfshópa hélt áfram og var haldinn opinn vinnufundur hagaðila með starfshóp um rannsóknir, gögn og nýsköpun. Fyrstu tillögum að aðgerðum var skilað inn 15. október. Þann 2. nóvember voru drög að fyrstu aðgerðum birt í samráðsgátt stjórnvalda. Hægt er að skila inn umsögnum til 23. nóvember. Framkvæmdastjóri hvetur alla hagaðila að kynna sér þessar fyrstu tillögur að aðgerðum, þær eru fjölmargar og fjölbreyttar. Þess má geta að víða er minnst á aukið vægi áfangastaðaáætlana og Markaðsstofa/Áfangastaðastofa þegar kemur að ýmsum verkefnum.

Framundan er að þessu umsagnarferli lýkur og farið verður yfir umsagnir sem berast. Stefnt er að leggja aðgerðaáætlun fyrir Alþingi á vorþingi.

Samstarf Markaðsstofa landshlutanna (MAS)

- 9. október var fundur MAS með Arnari ferðamálastjóra og Elíasi forstöðumanni gæða- og þróunarsviðs um samningana og málefni þeirra, t.d. ef ekki kemur til hækkan á fjármagni þá þarf líklega að draga eitthvað úr verkefnum sem falla undir samning.
- Forstöðumenn MAS funda að jafnaði einu sinni í mánuði og oftar ef tilefni er til. Sameiginlegur fundur forstöðumanna var haldinn í 20. október og þar voru mörg mál rædd. Meðal annars var rætt endurnýjun samninga við Ferðamálastofu vegna áfangastaðastofa, Mannamót og ferðaþjónustuvikan, Upplifðu, sameiginlegur vinnufundur MAS á Norðurlandi og ný yfirstaðið Vestnorden.
- Byrjað er að undirbúa Mannamót á fullu en í ár fagnar viðburðurinn 10 ára afmæli, en það verður haldið 18. janúar. Sameiginleg vefsíða MAS markadsstofur.is hefur verið uppfærð en þar eru allar upplýsingar um sameiginleg verkefni eins og Mannamót og skráning sýnenda og gesta fer þar fram. Líkt og undanfarið sér Suðurland um salarskipulagið og fleira tengt viðburðinum. Nú þegar hafa tæplega 100 fyrirtæki skráð sig til þátttöku og þar af 33 af Suðurlandi.
- Í ár verður haldin í fyrsta skipti svokölluð ferðaþjónustuvika í kringum Mannamót. Þá munu aðrar stofnanir tengdar ferðaþjónustu halda viðburði þriðjudag og miðvikudag og svo endað á Mannamótum á fimmtudegi. Nánari dagskrá verður kynnt síðar.

Framundan er sameiginlegur starfsmannafundur allra Markaðsstofanna, sem er í undirbúningi og verður haldinn 21.-22. nóvember á Norðurlandi. Einnig verður áfram unnið að því að klára samninga við ríkið um rekstur áfangastaðastofa.

Samstarf við sveitarfélög

- Hluti faghóps sveitarfélaga á Suðurlandi um ferðamál tók þátt í Vestnorden með MSS. Hópurinn samanstendur af fulltrúum sveitarfélaga sem eru í samstarfi við Markaðsstofu Suðurlands.
- Þá kláraði verkefnastjóri áfangastaðaáætlunar lista, í samstarfi við faghópsfulltrúa, yfir áherslustaði sveitarfélaganna sem er hluti af áfangastaðaáætlun Suðurlands. Séu staðir á þessum lista í áfangastaðaáætlun landshlutans þá eiga þeir möguleika á fleiri stigum í matsferli umsókna í sjóðinn. Um miðjan október rann út umsóknarfrestur í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og sinnti MSS ráðgjöf í tengslum við umsóknir í sjóðinn.
- Í byrjun nóvember voru send erindi til allra sveitarfélaga á Suðurlandi þar sem óskað var eftir endurnýjun samninga eða ósk um samstarf á ný til þeirra sveitarfélaga sem höfðu sagt sig frá samstarfinu. Í erindinu var boðin kynning á samstarfi við MSS og einnig á nýuppfærðri áfangastaðaáætlun. Nokkur sveitarfélög hafa nú þegar þegið það boð og finna tíma með framkvæmdastjóra.
- Markaðsstofan hefur aðstoðað sveitarfélögini við að koma svæðiskortunum þremur af Suðurlandi út og hefur verkefnastjóri leitt þá vinnu og samræmt aðgerðir. Uppfærsla er á lokametrunum á Köllu jarðvangs kortinu og hafin hjá Ríki Vatnajökuls.

Framundan er að endurnýja samninga við sveitarfélögini um samstarfið en núverandi samningar gilda til áramóta og kynna samstarfið í sveitarfélögunum sem þess óska. Einnig verður haldið áfram vinnu við uppfærslu á svæðakortunum fyrir Köllu jarðvang og Ríki Vatnajökuls. Þá er faghópsfundur framundan 15. nóvember.

Samstarf við samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)

- Ársþing SASS fór fram í lok október og þar voru skipaðir nýir fulltrúar samtakanna í stjórn Markaðsstofunnar.

Aðalmenn:

Ásgerður Gylfadóttir, Sveitarfélagið Hornafjörður
Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Varamenn:

Árni Eiríksson, Flóahreppur
Arnar Freyr Ólafsson, Sveitarfélagið Árborg

Bjóðum nýja fulltrúa velkomna í stjórn og verður send tilkynning til Skattsins og erindisbréf stjórnar uppfært.

- Á stjórnarfundi SASS sem fór fram samhliða ársþingi lagði formaður fram tillögu þess efnis að samið yrði við Markaðsstofu Suðurlands um áframhaldandi rekstur áfangastaðastofu á Suðurlandi til eins árs. Einnig var bókað að stjórn SASS láti vinna greiningu á því hvernig fyrirkomulagi eða skipulagi á rekstri áfangastaðastofu verði best fyrir komið á Suðurlandi. Sjá nánar í fundargerð SASS.
Framkvæmdastjóri fagnar því að komin sé niðurstaða í málið og fer jafnframt fram á að framkvæmdastjóri og stjórn MSS komi einnig að greiningu á hvernig fyrirkomulagi

eða skipulagi á rekstri Áfangastaðastofu verði best fyrir komið á Suðurlandi. Þar komi mikil þekking og reynsla á málefnum áfangastaðastofunnar sterkast inn sem rök fyrir þátttöku ásamt góðum tengingum við aðra í stoðkerfi ferðaþjónustu og fyrirtækin í greininni.

- Þá eru starfsmenn ávallt að fylgjast með þróun greinarinnar og sinna ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga varðandi verkefni tengd framkvæmdasjóði ferðamannastaða, ferðaþjónustu, menningu og markaðsmálum.

Framundan er m.a. annars fundur með byggðaþróunarfulltrúa Uppsveita Árnessýslu þar verður um framhald á vinnu um mat á Suðurlandi. Unnið er að hugmyndum að áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurlands.

Samstarf með Íslandsstofu

- Haldnir eru reglulegir fundir með fagstjóra ferðaþjónustu þar sem er farið yfir ýmis málefni.
- Haldinn var haldinn rafrænn kynningarfundur 13.okt fyrir fyrirtæki um fyrirkomulag sýninga og vinnustofa á vegum Íslandsstofu. Þónokkur fyrirtæki af Suðurlandi sóttu fundinn.
- Íslandsstofa leiðir hóp sem fer með samskipti og umfjöllunarvakt vegna jarðhræringa á Reykjanesi. Fljótlega í kjölfar rýmingar sendi hópurinn frá sér leiðbeinandi yfirlýsingu vegna atburðanna sem fyrirtæki geta stuðst við. MSS sendi áfram á alla sína samstarfsaðila, fyrirtæki, sveitarfélög og SASS. Mun senda áfram frekari tilkynningar sem koma frá hópnum.
- Samskipti um skipulag og undirbúning fundar á Suðurlandi um útflutningsstefnu Íslands. Fundarboð sent á póstlista MSS auk þess að fyrirtæki hvött til þátttöku. Fundinum var frestað aftur vegna dræmrar þátttöku þó hún hafi verið betri en í september þegar fyrst átti að halda þennan fund.
- Þá hafa einnig verið í undirbúningi nokkrar heimsóknir áhrifavalda og miðla, ýmist í samstarfi við Íslandsstofu eða beint samstarf við MSS. Mjög margar fyrirspurnir eru að berast til MSS þessa dagana um samstarf, frá miðlum og áhrifavöldum og því þarf að velja vel.

Ferðamálastofa

Framangreindir fundir með Ferðamálastofu um komandi endurnýjun samninga. Þá hefur verið samstarf um uppfærslu á efni í gagnagrunni Ferðamálastofu.

Framundan er eins og áður sagði að endurnýja samninga.

Vefur og samfélagsmiðlar

Vinna við efnissköpun fyrir samfélagsmiðla og vef er alltaf í gangi. Undanfarið hefur verið unnið að nýjum síðum um mismunandi þemu og þá hefur vinna við síðu Eldfjallaleiðarinnar verið fyrirferðarmikil. Alltaf verið að skrifa fréttir, miðla efni og huga að næstu skrefum í framþróun á síðu og miðlum. Nokkrir fundir átt sér stað á tímabilinu um samstarf við áhrifavalda og miðla og var búið að skipuleggja vikulanga ferð áhrifavalds á Suðurland en á síðustu stundu hættu þau við komuna til landsins vegna einhvers sem kom upp á hjá þeim og þótti þeim það mjög

miður. Leitað var leiða til að fá annan áhrifavalð til að fara um Suðurland en fyrirvari of skammur. Skipulag ferðar nýtist þó vonandi við næstu heimsókn.

Framundan er áframhaldandi vinna við efnisskópun á vef og samfélagsmiðla en sú vinna er sifellt í gangi, allt árið. Miðla þarf fréttum af starfseminni auk annars efnis sem kynnir náttúru, mat, menningu og þjónustu svæðisins.

Innra starf

- Unnið hefur verið að könnun sem send verður á samstarfsfyrirtæki. Gögn verða nýtt til að bæta starfsemina og efla samstarf við helstu hagaðila. Könnunin átti að vera send út í október en vegna anna verður hún send út í nóvember.
- Fréttir á vefinn og fréttabréf til samstarfsaðila.
- Fundað hefur verið með nokkrum nýjum og eldri samstarfsfyrirtækjum. Þrjú fyrirtæki hafa komið í samtarf í okt/nów.
- Ávallt eru í gangi samskipti við samstarfsaðila og viðræður við ný fyrirtæki.

Aðrir fundir/erindi

Starfsfólk MSS reynir að sækja sem flesta fundi og kynningar sem snerta málaflokka starfseminnar og eykur þekkingu starfsfólks. M.a. má nefna að þessir fundi og nokkrir framundan. Belgísk ferðaskrifstofa heimsótti skrifstofuna og átti fund með framkvæmdastjóra

- Eigendur belgískrar ferðaskrifstofu heimsóttu MSS.
- Ferðamálaþing Markaðsstofu Höfuðborgarsvæðisins.
- Nokkrir fundir með Entravision (META þjónusta á Íslandi), kynning og um uppsetningu.
- Viðtal nemendur HÍ í ferðamálafræði – áfangastaðir á leiðinni frá Keflavík að Stokkseyri.
- Samráðsfundur fyrir stjórnarfundí Vatnajökulsþjóðgarðs.

Framundan:

- *Starfsmannafundur MSS framundan 14. nóv*
- *Afmælisráðstefna SAF 15. nóv*
- *Sameiginlegur vinnufundur MAS 21.-22. nóv*

Sýningar og vinnustofur 2024

Framkvæmdastjóri fer yfir drög skipulagi sýninga og vinnustofa sem Íslandsstofa hefur sent frá sér vegna 2024. Framkvæmdastjóri fer yfir hvaða viðburði MSS hefur sótt með Íslandsstofu undan farin ár og kallar eftir umræðu um hvaða markaði eigi að sækja á næsta ári. Vestnorden verður í Færeymum í september á næsta ári og hefur MSS sótt hana með minni bás en á Íslandi. Stjórn leggur til að MSS óski eftir þátttöku á vinnustofum í Frakkland og Ítalíu eða Sviss og A-Evrópu að vori og Spán eða Norður-Ameríka að hausti. Auk þess halda inni möguleikanum á að sækja fræðslu annað hvort á ITB Berlín eða World Travel Market.

Önnur mál

- **Starfsmannamál**
Ráðið hefur verið í starf verkefnastjóra í markaðsteymi sem auglýst var í haust. Alls sóttu 48 einstaklingar um starfið, 8 boðaðir í viðtal og svo 3 í lokaviðtal. Umsækjandinn sem var ráðinn heitir Davíð Ernir Kolbeins. Davíð Ernir hefur lokið gráðu í samskiptum (e. Communication Studies) með áherslu á almannatengsl frá Auckland University of Technology í Nýja Sjálandi. Davíð hefur reynslu af markaðs- og samskiptamálum þar sem hann hefur starfað m.a. í samskiptadeild Knattspyrnusambands Íslands og hjá Íslandsstofu.
- Rætt var um að næsti fundur yrði 7. desember klukkan 13:00 og hann væri staðfundur. Verkefnastjóra falið að útfæra það fyrir þau sem koma lengst frá.

Fundi slitið kl. 11:30

Fundargerð aðalfundar Afréttarmálafélags Flóa og Skeiða
Haldinn að Þingborg 22.08. 2022.

1. Formaður setti fundinn og stakk upp á Jóni Vilmundarsyni sem fundarstjóra og Ari B Thorarensen sem fundarritara var það samþykkt.

2. Kannað var lögmaði fundarins og voru allir 8 kjörnir fulltrúar mættir.

Frá Sv. Árborg: Ari B Thorarensen og Baldur Gauti Tryggvason.

Flóahreppi: Jón Gunnþór Þorsteinsson, Þorsteinn Logi Einarsson, Skeggi Gunnarsson Einar Magnúsdóttir .

Skeið-Gnúp: Elín Mókvist og Ingvar Hjálmarsson.

Fjallkóngar þeir Ingvar Hjálmarsson, Águst I Ketillsson, og Halldór Vilhjálmsson og einnig 12 gestir.

3. Formaður fór yfir skýrslu stjórnar og gjaldkeri reikninga félagsins.

Umræður og spurningar voru um skýrsluna og reikninga og svöruðu formaður og gjaldkeri þeim. Skýrsla stjórnar og reikningar voru lagðir fram og samþykktir samhljóða.

4. Fundurinn samþykkti að fjallskil verði kr. 50,- á jarðarþúsund, kr. 270,- á heimafé og kr. 380,- á fjallfée.

Dagkaup fjallmanna verði óbreitt kr. 4500,- per. dag og laun í eftirsafni verði kr. 22.500,-

Leiga á húsum verði 4.500,- per mann Kletti og 3.500,- per mann Hallarmúli. Laun formanns og gjaldkera verði 100.000,- og annara stjórnarmanna 25.000,- Umræður voru um fjallskil á fundinum vegna taps á smalahlutnum í reikningum félagsins og mikils kostnaðar á árinu 2019 og 2020 vegna smalamennsku.

5. Kosningar. Stjórnarmenn allir gáfu kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Ari B Thorarensen, Jón Vilmundarsson og Steindór Guðmundsson og var sú tillaga samþykkt samhljóða og skiptist stjórn þannig: Formaður Ari Thorarensen, gjaldkeri Steindór Guðmundsson og meðstjórnandi Jón Vilmundarson

Varastjórn Jökull Helgason og Þorsteinn Logi Einarsson.

5. Landbótaráætlunn.

Steindór Guðmundsson fór yfir verkefni við landbótaráætlun og hvar var sáð og borinn á áburður og kjötmjöl og hvað væri framundan.

6. Önnur mál.

Tilhögun réttarstarfa í Reykjaréttum og tilhögun smalamennsku og rekstur til rétta. Lögð var áhersla á að slegið væri með vegum í Sandlækjarmýri og hvernig best væri að haga rekstri til framtíðar.

Rætt var um fyrirhugað hótel í Rauðukömbum og girðingu sem skerðir afréttinn og hvernig best væri að haga smalamensku með tilkomu hennar og einnig um tjón sem hlýst við skerðingu á afréttinum.

Ari B Thorarensen ritaði fundargerð.

Fundargerð 938. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 24. nóvember kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Margrét Ólöf A. Sanders, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson. Í fjarfundarsambandi voru Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir og Nanný Arna Guðmundsdóttir.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri, sviðsstjórarnir Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð, ásamt Grétar Sveinn Theodórsson samskiptastjóra.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Náttúruhamfarir í Grindavík - 2311012SA

María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi sambandsins og Svala Hreinsdóttir, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins gerðu grein fyrir stöðu mála. Í máli þeirra kom fram að ýmiskonar vinna er í gangi vegna stöðunnar í Grindavík. Sambandið hefur fundað með fulltrúum sveitar- og bæjarstjórna víðsvegar um landið, ásamt fulltrúum almannavarna og ríkisins vegna stöðunnar í Grindavík. Einnig hefur sambandið aðstoðað við að taka saman upplýsingar og styðja við sveitarfélagið í þeim verkefnum sem snúa að skóla og velferðarmálum. Starfsfólk sambandsins er jafnframt í teymum sem hafa verið stofnuð af mennta- og barnamálaráðuneytinu vegna skolamála og innviðaráðuneytinu vegna húsnæðismála.

Stjórn þakkar upplýsingar og leggur áherslu á að starfsfólk sambandsins haldi áfram að styðja við sveitastjórn Grindavíkurbæjar eftir bestu getu. Stjórn lýsir jafnframt ánægju með þá samstöðu sem er meðal sveitarfélaga um þessar mundir við að aðstoða Grindvíkinga.

María Ingibjörg Kristjánsdóttir og Svala Hreinsdóttur viku af fundi kl. 12:40.

2. Fundargerðir 935., 936. og 937. fundar - 2301014SA

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 935., 936. og 937. fundar stjórnar sambandsins frá 16. og 27. október og 12. nóvember 2023, sem undirritaðar hafa verið með rafrænum hætti.

3. Fræðslumálanefnd sambandsins - 2210009SA

Lagðar fram fundargerðir 148., 149. og 150 fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 21. september, 19. október og 16. nóvember 2023.

Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða í tengslum við 150. fundargerð fræðslumálanefndar:

Stjórn sambandsins tekur undir með fræðslumálanefnd og leggur áherslu á að samstarf sé á öllum stigum við móturn heildstæðrar löggjafar um skólabjónustu

við sveitarfélög og vettvang fræðslu- og frístundayfirvalda sveitarfélaga, með það að markmiði að tryggja breiða sátt um löggjöfina og sameiginlegan skilning.

Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða í tengslum við 149. fundargerð fræðslumálanefndar:

Stjórn sambandsins leggur áherslu á að mótuð verði heildstæð stefna um þjónustu við börn og foreldra frá 12 mánaða aldri, með aðkomu ríkis og sveitarfélaga. Mikilvægt er að horfa til jafnréttissjónarmiða, samfélagslega þörf og aðkomu ríkisins vegna þjónustu sveitarfélaga við börn frá 12. mánaða aldri.

4. Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA

Lögð fram fundargerð 22. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 17. október 2023.

5. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA

Lögð fram fundargerð 91. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 6. nóvember 2023.

6. Meginmarkmið og áherslur Sambands íslenskra sveitarfélaga í kjaraviðræðum 2024 - 2311018SA

Rætt var um skipulag í upphafi kjaravetrar.

7. Kjaramálanefnd sambandsins - 2210010SA

Lögð fram sem trúnaðarskjall fundargerð 38. fundar kjaramálanefndar sambandsins frá 22. nóvember 2023. Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða.

Í ljósi efnahagsþróunar telur stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga að mikilvægt sé að horft verði til samstillts átaks til að kveða niður verðbólguna. Komi til þess þá er sambandið tillbúið til að koma að slíku átaki.

8. Staða kjaramála - 2301032SA

Lagt fram sem trúnaðarskjall minnisblað svíðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 21. nóvember 2023, um stöðu kjaramála í nóvember 2023.

9. Kjarasamningur - 2301032SA

Lagt fram samkomulag milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Sambands stjórnendafélaga, dags. 1. nóvember 2023, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða fyrilliggjandi kjarasamning við Samband stjórnendafélaga.

10. Forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga - 2308027SA

Lagt fram minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. nóvember 2023, um nýja spá Hagstofu Íslands og forsendur.

11. Starfshópur um starfskjör - 2311004SA

Lagt fram erindisbréf starfshóps um starfskjör Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 10. nóvember 2023.

Stjórn samþykkir erindisbréfið og felur starfshópnum að vinna tillögur í samræmi við umræður á fundinum sem lagðar verði fram á næsta fundi stjórnar.

12. Dagatal stjórnar - 2309033SA

Tekið fyrir að nýju, áður á dagskrá stjórnar sambandsins 29. september 2023, en þá var framkvæmdastjóra falið að laga dagatalið til miðað við umræður á fundinum og leggja fram til staðfestingar á næsta fundi stjórnar. Athygli er vakin á því að gert er ráð fyrir að stjórn sambandsins fundi á tveggja vikna fresti.

Stjórn samþykkir tillögu að fundardagatali stjórnar fyrir árið 2024 með þeim breytingum sem voru ræddar á fundinum.

13. Kostnaður og tekjur sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs - 2308026SA

Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins gerði grein fyrir stöðu verkefnis um úttekt á kostnaði við úrgangsmál.

14. Breytingar á samþykktum Brúar lífeyrissjóðs - 2009577SA

Lagt fram bréf Brúar lífeyrissjóðs, dags. 25. október 2023, um breytingar á samþykktum sjóðsins, ásamt fylgiskjölum.

15. 25 ár frá yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga - skýrsla - 2310048SA

Lögð fram til kynningar skýrslan 25 ár frá yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga - Útgáfa námsgagna - Starfsþróun kennara og skólastjórnenda grunnskóla 1996-2021, dags. í apríl 2023.

16. Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs - 2310008SA

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu á fundinum um ráðningu í starf sviðsstjóra stjórnsýslusviðs, sbr. auglýsingum um starfið 3. október sl. og gerði grein fyrir rökstuðningi með tillöggunni.

Stjórnin sambandsins fellst á tillögu framkvæmdastjóra og samþykkir að ráða Helgu Maríu Pálsdóttur í starf sviðsstjóra stjórnsýslusviðs sambandsins og felur framkvæmdastjóra að ganga frá ráðningarsamningi við hana og semja um upphafstíma starfs.

17. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 - 2310046SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 26. október 2023, um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028, 315. mál.

18. Endurtilnefning í íslenska málnefnd - 2310028SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 7. nóvember 2023, þar sem Marta Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi, er tilnefnd í íslenska málnefnd.

19. **Endurtilnefning í verkefnisstjórn um stefnumarkandi áætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum - 2209023SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 7. nóvember 2023, þar sem Nanný Arna Guðmundsdóttir, er tilnefnd sem aðalmaður í verkefnisstjórn um stefnumarkandi áætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, og Eggert Valur Guðjónsson, oddviti Rangárþings ytra, til vara.
20. **Endurtilnefning í innflytjendaráð - 2201014SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 7. nóvember 2023, þar sem Valgerður Björk Pálsdóttir, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ, er tilnefnd í innflytjendaráð.
21. **Tilnefning í stjórn Úrvinnslusjóðs - 2306029SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 7. nóvember 2023, þar sem Líf Magneudóttir, borgarfulltrúi og Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri SORPU bs., eru tilnefnd í stjórn Úrvinnslusjóðs.
22. **Tilnefning í stýrihóp um gerð stefnu um líffræðilega fjölbreytni - 2310002SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 8. nóvember 2023, þar sem Guðrún Anna Finnbogadóttir, teymisstjóri atvinnu- og byggðasviðs Vestfjarðastofu, er tilnefnd í stýrihóp um gerð stefnu um líffræðilega fjölbreytni.
23. **Tilnefning í úthlutunarnefnd Menntarannsóknasjóðs - 2310047SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 8. nóvember 2023, þar sem Anna Ingadóttir, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd í úthlutunarnefnd Menntarannsóknasjóðs 2023.
24. **Umsögn um uppbygging og umgjörð lagareldis - Stefna til ársins 2040 - 2310021SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til matvælaráðuneytisins, dags. 2. nóvember 2023, um uppbyggingu og umgjörð lagareldis - Stefna til ársins 2040, mál nr. S-182/2023.
25. **Umsöng um frumvarp til laga um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu - 2310027SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 26. október 2023, um frumvarp til laga um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, 238. mál.
26. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögheimili og aðsetur, lögum um mannvirki og lögum um brunavarnir - 2311003SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 3. nóvember 2023, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögheimili og aðsetur, lögum um mannvirki og lögum um brunavarnir, mál nr. S-201/2023.

27. **Umsögn um frumvarp til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi - 2311005SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 7. nóvember 2023, um frumvarp til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, 314. mál.
28. **Umsögn um slit ógjaldfærra opinberra aðila - 2310043SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 21. nóvember 2023, um slit ógjaldfærra opinbera aðila, mál nr. S-196/2023.
29. **Lögbundin verkefni sveitarfélaga - 2311019SA**
Lögð fram til kynningar fréttatilkynning innviðaráðuneytisins 13. nóvember sl. þar sem ljósi er varpað á veikleika fámennra sveitarfélaga.
30. **Viðræður við ríkið um málefni fatlaðs fólks - 2205032SA**
Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu mála í viðræðum við ríkið um málauflokk fatlaðs fólks. Að því loknu var tekin umræða um málið.

Fundi var slitið kl. 15:20

Fundargerð 939. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, þriðjudaginn 5. desember kl. 08:30 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir og Walter Fannar Kristjánsson.

Hildur Björnsdóttir, Jón Björn Hákonarson og Rósa Guðbjartsdóttir boðuðu forföll en ekki gafst tími til að boða varafulltrúa þeirra á fundinn þar sem fundurinn var boðaður með stuttum fyrirvara.

Að auki fundinn Arnar Þór Sævarsson, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Viðræður við ríkið um málefni fatlaðs fólks - 2205032SA**

Formaður gerði grein fyrir stöðu mála í viðræðum við ríkið um málaflokk fatlaðs fólks. Að því loknu var tekin ítarleg umræða um málið.

Fundi var slitið kl. 09:20



FUNDARGERÐ

16. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs. kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn á Teams, 10. nóvember 2023 og hófst kl. 8:15.

Mætt voru: Helgi Kjartansson formaður, Gestur Þór Kristjánsson, Kjartan Björnsson, Arna Ír Gunnarsdóttir og Sandra Sigurðardóttir. Þá sátu fundinn Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður héraðsnefndar og Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, lögfræðingur.

1. Fundarsetning

2. Stjórnskipulag Héraðsnefndar

Á haustfundí Héraðsnefndar sem haldinn var 10. okt sl var samþykkt að gera breytingar á stjórnskipulagi Héraðsnefndar. Fundurinn samþykkti að stofna sér byggðasamlag um Brunavarnir og sér byggðasamlag um Tónlistarskólann og svo eitt byggðasamlag um Héraðsskjalasafnið, Byggðasafnið og Listasafnið. Haustfundur Héraðsnefndar Árnesinga fó framkvæmdastjórn að hefja vinnu við breytingu á stjórnskipulagi héraðsnefndar og leggja fram tillögu á vorfundi.

Framkvæmdastjórn fór yfir ákvörðun haustfundar með Steinunni Erlu lögfræðingi.

Framkvæmdastjórn samþykkir að setja þessa vinnu af stað með áherslu á að að hefja vinnu við að semja samþykktir vegna Brunavarna og Tónlistarskólans. Í kjölfarið verði farið í að semja samþykkir fyrir söfnin.

Framkvæmdastjórn leggur áherslu á að formenn stjórna stofnanna HÁ kynni vel þessar fyrirhugðu breytingar fyrir forstöðumönnum.

3. Næsti fundur

Formaður mun boða næsta fund þegar þörf krefur.

Fundi slitið kl. 9:00

Sandra Sigurðardóttir, ritaði fundargerð

Helgi Kjartansson
Kjartan Björnsson
Gestur Þór Kristjánsson
Arna Ír Gunnarsdóttir
Sandra Sigurðardóttir
Ingibjörg Garðarsdóttir
Steinunn Erla kolbeinsdóttir

Samráðsfundur með sveitarfélögum og lagna eigendum



| | |
|---------------|---|
| Vegagerðin | Einar Óskarsson, Guðmundur Valur Guðmundsson, Margrét Ósk Aronsdóttir, Svanur Bjarnason |
| Árborg | Rúnar Guðmundsson, Atli Marel Vokes |
| Selfossveitir | Sigurður Þór Haraldsson, (Jón Sæmundsson - Verkís) |
| Flóahreppur | Hulda Kristjánsdóttir |
| HS Veitur | (Eggert Þeyr Sveinsson - EFLA) |
| Landsnet | (Örvar Steingrímsson - EFLA) |
| Rarik | Víglundur Guðmundsson |
| Ljósleiðarinn | Atli Már Þorgrímsson |
| Míla | Gunnar Magnús Jónsson |

1. Útboðsgögn á TendSign

Útboðsgögn fóru út til forvalinna þátttakenda 21. nóv. Allir fengu afrit af gögnunum með fundarboði.

Einungis minni háttar breytingar á gögnum eftir síðasta samlestur.

Mikilvægt að allir skoði kafla sem snúa að þeim, þá sérstaklega kafli 4.3 sem snýr að núverandi lögnum og framkvæmdaröð, 6.4 sem snýr að efnisútvegum verkkaupa og svo sína eigin framkvæmdakafla í 8. kafla.

Síða 1/2

2. Tímalína

Uppfærð tímalína skoðuð. Tilboðsfrestur upphafstilboðs í mars 2024, í kjölfarið samningaviðræður og mögulegt lokatilboð. Áætlaður samningur í júlí 2024. Verklok áfram haustið 2027.

3. Skuldbindingar (þ.m.t. samræmingaraðili)

Sameiginlegur samræmingaraðili til að koma fram fyrir hönd lagna eiganda, gæta hagsmuna þeirra og hafa milligöngu um rýni og samþykki hönnunargagna. Vegagerðin hefur lagt til að það verði Eggert Þeyr hjá Eflu á Selfossi, en Eggert hefur unnið að undirbúningi útboðsins fyrir nokkra verkkaupa og Efla stendur utan við bjóðendahópinn. Samþykkt samhljóma að Eggert (og Efla) gangi til samninga við Vegagerðina um slíkt hlutverk.

Landsnet og Rarik komi sínum línum sem nýr Hringvegur þverar austan Ölfusár í var fyrir lok árs 2024.

Flóaljós, Ljósleiðarinn og Míla komi sínum lögnum austast á framkvæmdasvæðinu í var fyrir haustið 2024.

Mikilvægt að allir séu til taks á komandi misserum. Fyrst um sinn til að svara fyrirspurnum á útboðstímanum, í framhaldinu verður eitt ár af verkhönnun verktaka og loks framkvæmdatíminn.

Vegagerðin

Fundarríttari
Einar Óskarsson

4. Uppgjör og skipting kostnaðar

Minnisblað frá Mannviti, sem annaðist samræmingu lagna á forhönnunarstigi, sent til allra sem grunnur fyrir kostnaðarskiptingu. Verktaki mun senda aðilum reikninga beint, en ekki í gegnum Vegagerðina. Engar breytingar hafa orðið á þessu frá því í samlestri og á fundum sem Vegagerðin átti með einstökum veitum. Veitufyrtaeki munu greiða fyrir framkvæmdina eftir framvindu, taka ekki þátt í fjármögnumarkostnaði.


5. Eftirlit

Eftirlit verður boðið út á vormánuðum. Gert er ráð fyrir kostnaðarþátttöku veitna í sameiginlegu eftirliti, sbr. sömu kostnaðarskiptingu fyrir aðstöðusköpun (sbr. kafla 8.2).

Fageftirlit veitna, eins og því er lýst í verklýsingu, er á ábyrgð hvers veituaðila fyrir sig.

Til upplýsingar er hér drög að skipuriti:

Síða 2/2



Fylgiskjal:

Minnisblað Mannvits um kostnaðarskiptingu veitufyrirtækja, dags 17.11.2023